



Innviðagreining

3. maí 2019



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

4063-002-GRE-003-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 105

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Ásthildur Sturludóttir/Rebekka
Hilmarsdóttir/ Gerður B.
Sveinsdóttir

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Eva Dís Þórðardóttir

LYKILORÐ

Innviðir, sveitarfélag, sviðsmyndir,
aðgerðir o.fl.

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
 Drög til yfirlstrar
 Lokið

DREIFING

- Opin
 Dreifing með leyfi verkkaupa
 Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Innviðagreining

VERKHEITI

Innviðagreining - Vesturbyggð

VERKKAUPI

Vesturbyggð

HÖFUNDUR

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, Eva Dís Þórðardóttir, Ingi Ingason, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Kolbrún Reinholdsdóttir, Ólafur Árnason, Reynir Sævarsson, Reynir Valdimarsson, Sigrún María Kristinsdóttir

ÚTDRÁTTUR

Meginmarkmið verkefnisins er að meta hver staða innviða er m.t.t. núverandi þarfa atvinnulífsins og til framtíðar miðað við stefnu stærstu fyrirtækja svæðisins og sveitarfélagsins. Undirmarkmiðin eru m.a. að komast að því hvaða aðstöðu fyrirtæki þurfa til næstu ára, að komast að því hvaða upplýsingar skortir m.t.t. innviða, að vinna forsenduvinnu sem nýtist inn í vinnu við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins t.d. staðsetningu athafna- og/eða iðnaðarsvæða og að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem talin er þörf á út frá greiningum. Verkefninu var skipt upp í fjóra verkþætti; þarfagreiningu með samráði við hagsmunaaðila, greiningu helstu innviða og samfélags, sviðsmyndir og mótun þeirra, tillögur að aðgerðum ásamt grófri kostnaðargreiningu.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
1.1	Markmið og aðferðafræði	3
1.2	Forsendur verkefnisins	4
1.2.1	Vinnusóknarsvæði og atvinnuþróun	4
1.2.2	Íbúðarþróun	10
1.3	Sjálfbærni og Vesturbyggð	18
2	ÞARFAGREINING MEÐ SAMRÁÐI VIÐ ATVINNULÍFIÐ	19
2.1	Samráð A	19
2.2	Samráð B	25
2.3	Samantekt samráðs	27
3	GREINING Á STÖÐU INNVIÐA OG SAMFÉLAGS	28
3.1	Greining á landnotkun samkvæmt skipulagsáætlunum	28
3.1.1	Iðnaðarsvæði	29
3.1.2	Athafnasvæði	30
3.1.3	Hafnarsvæði	31
3.1.4	Íbúðarsvæði	32
3.2	Greining á veitum og sorpi	35
3.2.1	Vatnsveita	35
3.2.2	Hitaveita	36
3.2.3	Raforka	37
3.2.4	Fráveita	42
3.2.5	Fjarskipti	43
3.2.6	Sorp	45
3.3	Greining á samgöngum	46
3.3.1	Stofnvegir	47
3.3.2	Flugvöllir	52
3.3.3	Hafnir/siglingar	53
3.4	Greining á samfélaginu	54
3.4.1	Samfélagsþjónusta	54
3.4.2	Tómstundir og menning	62
4	SVIÐSMYNDIR	65
4.1	Valdar sviðsmyndir	66
4.2	Staða innviða	67
4.3	Sviðsmynd 0 – Skref aftur á bak	67
4.4	Sviðsmynd 1 – Núverandi staða	69
4.5	Sviðsmynd 2 – Björt framtíð	72
4.6	Sviðsmynd 3 – Draumurinn	76
4.7	Yfirlit sviðsmynda	76
5	SAMANTEKT AÐGERÐA	77
5.1	Landnotkun	77
5.2	Veitur	80
5.3	Samgöngur	84

5.4	Samfélag	88
6	UMRÆÐUR	90
7	HEIMILDASKRÁ	93

MYNDASKRÁ

Mynd 1-1	Staðsetning sveitarfélagsins Vesturbyggð á Íslandi má sjá á kortinu merkt með grænu.	1
Mynd 1-2	Yfirlitsmynd af sveitarfélaginu Vesturbyggð (grænt) og Tálknafirði (blátt).	2
Mynd 1-3	Yfirlitskort frá Byggðastofnun yfir vinnusóknarsvæði [6].	5
Mynd 1-4	Fjöldi starfandi í Vesturbyggð skv. gögnum Vinnumálastofnunar [7].	6
Mynd 1-5	Atvinnuleysi í Vesturbyggð og á landsvísu	7
Mynd 1-6	Atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun í nokkrum sveitarfélögum og á landsvísu [7].	7
Mynd 1-7	Atvinnutekjur í Vesturbyggð og á landsvísu skv. Hagstofu á verðlagi ársins 2018 (þús. kr.) [8].	8
Mynd 1-8	Atvinnutekjur karla og kvenna að meðaltali auk meðaltals allra íbúa í Vesturbyggð	9
Mynd 1-9	Atvinnutekjur í Vesturbyggð þar sem atvinnutekjur ársins 1994 eru ákvarðaðar 100 [8].	10
Mynd 1-10	Mannfjöldi í Vesturbyggð 1. janúar hvers árs [9].	11
Mynd 1-11	Þróun mannfjölda á landsvísu og í Vesturbyggð í prósentum talið frá 1998-2018 [9].	11
Mynd 1-12	Aldurs- og kynjasamsetning í Vesturbyggð 2008 og 2019 [9].	13
Mynd 1-13	Aldurs- og kynjasamsetning í Vesturbyggð 1998 og 2019	14
Mynd 1-14	Aldurssamsetning í Vesturbyggð og á landsvísu árið 2017 [9].	14
Mynd 1-15	Aldurssamsetning í Vesturbyggð og á landsvísu árið 1998 [9].	15
Mynd 1-16	Íbúar Vesturbyggðar eftir ríkisfangi 1. janúar 2017 [11].	16
Mynd 1-17	Karlar og konur í Vesturbyggð með erlent ríkisfang 1. janúar 2017 [11].	16
Mynd 3-1	Gildandi þéttbýlisupprættir byggðakjarnanna Patreksfjarðar [16] og Bíldudals [17].	28
Mynd 3-2	Fjöldi fólks að meðaltali í hverri íbúð.	35
Mynd 3-3	Raforkukerfið á Vestfjörðum.	37
Mynd 3-4	Raforkunotkun í Vesturbyggð.	38
Mynd 3-5	Straumleysismínútur forgangsortu í Vesturbyggð og Tálknafirði	39
Mynd 3-6	Straumleysismínútur í Vesturbyggð frá kerfi Orkubús Vestfjarða	40
Mynd 3-7	Heildar straumleysismínútur í Vesturbyggð frá kerfi Orkubús Vestfjarða og kerfi Landsnets.	41
Mynd 3-8	Yfirlit yfir helstu stofnvegi í Vesturbyggð (blár,rauður og bleikur) og staðsetningu hafna (rauðir þríhyrningar) og flugvallar (grænn þríhyrningur).	47
Mynd 3-9	Skjáskot af vefsíðu Vegagerðarinnar með yfirliti yfir ÁDU	48
Mynd 3-10	Yfirlitskort af vetrarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum	49
Mynd 3-11	Skjáskot úr kortasíðu Samgöngustofu, yfirlit yfir umferðaróhöpp.	51
Mynd 3-12	Fjöldi nemenda í grunnskólum á sunnanverðum Vestfjörðum	58
Mynd 3-13	Heilbrigðisumdæmi og sveitarfélög á Íslandi [39].	60
Mynd 5-1	Staðsetning iðnaðarsvæða sem horft var til skv. töflu að ofan. Sjá má á mynd helstu stofnvegi innan sveitarfélagsins.	78
Mynd 5-2	Tillögur að jarðgöngum og vegabótum til að bæta tengingar fyrir Vesturbyggð. Gráar brotalínur sína síðri kosti við gerð jarðganga. Appelsínugular brotalínur sína ákjósanlega kosti fyrir gagnagerð út frá þessum frumskoðunum. Bleik, blá og rauð lína sína stofnvegi innan sveitarfélagsins.	85

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1-1	Yfirlit yfir fjölda fyrirtækja innan Vesturbyggðar. _____	6
Tafla 1-2	Yfirlit yfir mannfjölda innan Vesturbyggðar eftir aldri borið saman við landið í heild [9]. _____	12
Tafla 1-3	Yfirlit yfir samsetningu fjölskyldna innan Vesturbyggðar _____	17
Tafla 2-1	Landrýmisþörf fyrirtækjanna til framtíðar. _____	20
Tafla 2-2	Yfirlit yfir framtíðar húsnæðisþörf fyrirtækjanna. _____	20
Tafla 2-3	Núverandi vatnsnotkun stærri fyrirtækja og fyrirhuguð notkun til framtíðar. _____	21
Tafla 2-4	Núverandi raforkunotkun og fyrirhuguð framtíðarnotkun _____	21
Tafla 2-5	Yfirlit yfir núverandi og framtíðar störf hjá fyrirtækjunum. _____	23
Tafla 2-6	Yfirlitstafla samráðs _____	24
Tafla 2-7	Samantekt á niðurstöðum samráðs við ferðapjónustufyrirtæki. _____	25
Tafla 2-8	Samantekt á niðurstöðum samráðs við minni fyrirtæki _____	27
Tafla 3-1	Yfirlit yfir innviði og undirflokka. _____	28
Tafla 3.2	Yfirlit yfir iðnaðarsvæði fyrir utan þéttbýli. _____	29
Tafla 3-3	Yfirlit yfir iðnaðarlóðir á Bíldudal. _____	29
Tafla 3-4	Yfirlit yfir iðnaðarlóðir á Patreksfirði. _____	30
Tafla 3-5	Yfirlit yfir stærð athafnasvæða innan Bíldudals. _____	31
Tafla 3-6	Yfirlit yfir stærð athafnasvæða innan Patreksfjarðar. _____	31
Tafla 3-7	Yfirlit yfir hafnarsvæði innan þéttbýlis Vesturbyggðar. _____	31
Tafla 3-8	Staða lausra lóða innan þéttbýlis Patreksfjarðar skv. gildandi aðalskipulagi. _____	33
Tafla 3-9	Staða lausra lóða innan þéttbýlis Bíldudals. _____	33
Tafla 3-10	Yfirlit yfir fjölda íbúða miðað við mismunandi íbúðarhúsnæði. _____	34
Tafla 3-11	Skerðingar og fjöldi tilvika í kerfi Landsnets. _____	39
Tafla 3-12	Skerðingar og fjöldi tilvika frá kerfi Orkubú Vestfjarða. _____	39
Tafla 3-13	Meðalskerðingar og fjöldi straumleysistilvika _____	40
Tafla 3-14	Yfirlit yfir urðað sorp og aðra sorphreinsun í Vesturbyggð [21]. _____	46
Tafla 3-15	Yfirlit yfir stofnvegi _____	48
Tafla 3-16	Yfirlit yfir lokanir yfir vetrartíma á Kleifarheiði og vegum yfir Hálfán og Mikkladal [23]. _____	50
Tafla 3-17	Yfirlit yfir fjölda flutningabíla sem nýtt hafa ferjuna Baldur á árunum 2015-2017. _____	54
Tafla 3-18	Yfirlit yfir fjölda nemenda í skólum Vesturbyggðar veturinn 2017-2018. _____	57
Tafla 4-1	Yfirlit yfir sviðsmyndir og forsendur fyrir þeim. _____	66
Tafla 4-2	Skilgreining á ástandi innviða. _____	67
Tafla 4-3	Samantekt á áhrifum á innviði og aðgerðir sem sviðsmynd 0 - Skref aftur á bak _____	68
Tafla 4-4	Yfirlit yfir helstu áhrif og aðgerðir vegna sviðsmyndar 1 – Núverandi staða _____	70
Tafla 4-5	Yfirlit yfir helstu áhrif og aðgerðir vegna sviðsmyndar 2 - Björt framtíð íbúaaukning um 240 ____	73
Tafla 4-6	Yfirlit yfir ástand innviða út frá mismunandi sviðsmyndum. _____	76
Tafla 5.1	Yfirlit yfir möguleg ný athafnasvæði. _____	78
Tafla 5-2	Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn landnotkun. _____	79
Tafla 5-3	Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- landnotkun _____	79
Tafla 5-4	Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn- veitur. _____	82
Tafla 5-5	Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- veitur. _____	83
Tafla 5-6	Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn- samgöngur. _____	87
Tafla 5-7	Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- samgöngur _____	87

Tafla 5-8	Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn- samfélag. _____	89
Tafla 5-9	Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- samfélag _____	89

1 INNGANGUR

Vesturbyggð er sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum sem varð til við sameiningu sveitarfélaganna Bíldudalshrepps, Barðastrandahrepps, Patrekshrepps og Rauðasandshrepps, árið 1994. Sameiningin var felld í Tálknafirði og því eru tvö sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum; Vesturbyggð og Tálknafjörður. Vesturbyggð er alls 1.334 km² og þar bjuggu 1.024 íbúar 1. janúar 2018, 538 karlar og 486 konur. Frá sameiningu sveitarfélaganna 1994 varð talsverð fólksfækkun í sveitarfélaginu til ársins 2012 þegar íbúum tók að fjölga einkum í tengslum við uppbyggingu fiskeldis á svæðinu [1]. Í sveitarfélaginu eru tveir byggðakjarnar, Patreksfjörður og Bíldudalur en á milli þeirra liggur Tálknafjörður og er um fjallvegi að fara til að komast á milli byggðakjarna.

Atvinnutækifæri eru grundvöllur fyrir búsetu á svæðinu og hefur Vesturbyggð unnið að því að kortleggja stöðu atvinnumála í sveitarfélaginu og greina hvernig hægt er að skapa aðstöðu fyrir þau fyrirtæki sem hyggja á aukin umsvif innan sveitarfélagsins til framtíðar og ný fyrirtæki sem vilja setja upp rekstur í Vesturbyggð. Með auknum umsvifum í fiskeldi og öðrum atvinnugreinum hefur orðið viðsnúningur í atvinnumálum innan Vesturbyggðar. Þróuninni hafa einnig fylgt ákveðnir vaxtaverkir m.t.t. innviða eins og á hafnarsvæðum og á fasteignamarkaði, svo dæmi séu nefnd. Innviðagreiningu er því ætlað að gefa yfirlit yfir stöðu innviða á svæðinu og skoða færar leiðir til að bregðast við „vaxtaverkjum“.



MYND 1-1 Staðsetning sveitarfélagsins Vesturbyggð á Íslandi má sjá á kortinu merkt með grænu.

Tálknafjarðarhreppur er um 300 manna sveitarfélag sem staðsett er á milli þéttbýlisstaða Vesturbyggðar, Patreksfjarðar og Bíldudals. Ekki er komist hjá því að fara í gegnum Vesturbyggð þegar komið er til og frá Tálknafjarðarhreppi, nema farið sé sjóleiðis. Það hefur komið til álita að sameina þessi tvö sveitarfélög en í dag er mikil samvinna á milli þeirra og eru sveitarfélögin t.d. með sameiginlegan félagsmálafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Einnig er mikil samvinna með tómsundur barna og akstur í og úr tómsundum svo dæmi séu tekin. Fjölmargir íbúar Tálknafjarðar sækja vinnu innan Vesturbyggðar og einnig eru dæmi um að fólk búi í Vesturbyggð en sækji vinnu til Tálknafjarðar, þar hefur verið mikil uppbygging í botni fjarðarins af fiskeldisfyrirtækinu Arctic Fish. Það er því óhjákvæmilegt að í sumum málafnum sé Tálknafjörður hluti af umræðu í innviðagreiningu en í þessari skýrslu verður staða mála innan Tálknafjarðar ekki greind sem vissulega getur haft áhrif á einhverja þætti en leitast verður við að greina frá því þegar það þykir viðeigandi.



MYND 1-2 Yfirlitsmynd af sveitarfélaginu Vesturbyggð (grænt) og Tálknafirði (blátt).

Íslenska orðið innviðir er þýðing á enska orðinu *infrastructure*. Orðið innviðir er nokkurskonar regnhlíf yfir fjölda undirflokka. Almennt er notkun orðsins og skilningur fólks á því misjafn. Í þessu verkefni er stuðst við eftirfarandi íslenskra hagfræðilega skilgreiningu;

„Atvinnu- og þjónustumannvirki sem mynda undirstöðu efnahagslífs í hverju landi, s.s. orkuveitur, fjarskipta- og samgöngumannvirki, skólar, sjúkrahús o.þ.h.“ [2]

Almennt má segja að innviðir séu ýmis mannvirki og grunnstofnanir sem eru samnýtt af íbúum og fyrirtækjum. Innviðir geta verið einkareknir en eru oft á vegum opinberra aðila og geta þá bæði verið verkefni sem er skylt að rækja eða heimilt skv. lögum. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur gefið út yfirlit yfir lögbundin verkefni sveitarfélaga [3]. Í yfirlitinu eru verkefni sveitarfélaga flokkuð eftir málaflokkum og hvort þau eru lögskyld eða lögheimil. Í lögheimilum verkefnum felst að sveitarfélag

hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt. Ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Ríkið og undirstofnanir þess sinna einnig uppbyggingu og rekstri ýmissa innviða. Yfirlit yfir verkefni ríkisins má sjá á vef Stjórnarráðs Íslands [4].

Í þessari skýrslu er farið yfir stöðu ýmissa innviða á svæðinu. Í inngangskafli er farið yfir markmið og aðferðafræði verkefnisins og helstu forsendur. Í kafla 2 er farið ítarlega yfir það samráð sem átt hefur sér stað við atvinnulífið. Í kafla 3 er greind staða stærstu innviða í sveitarfélaginu. Í kafla 4 eru settar fram nokkrar mismunandi sviðsmyndir og líkleg áhrif þeirra á innviði sveitarfélagsins og hvernig æskilegt væri að sveitarfélagið brygðist við. Í kafla 5 er svo farið nánar yfir þær aðgerðir sem þörf er á til að innviðir sveitarfélagsins geti stutt við áframhaldandi uppgang og fjölgun atvinnutækifæra og íbúa í sveitarfélaginu en ekki síður til að þjóna núverandi stöðu.

1.1 Markmið og aðferðafræði

Meginmarkmið verkefnisins er að meta hver staða innviða er m.t.t. núverandi þarfa atvinnulífsins og til framtíðar miðað við stefnu stærstu fyrirtækja svæðisins og sveitarfélagsins.

Undirmerkiðin eru m.a.:

- að komast að því hvaða aðstöðu fyrirtæki þurfa til næstu ára
- að komast að því hvaða upplýsingar skortir m.t.t. innviða
- að vinna forsenduvinnu sem nýtist inn í vinnu við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins t.d. staðsetningu athafna- og/eða iðnaðarsvæða
- að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem talin er þörf á út frá greiningum

Í þessari skýrslu er fjórum megináföngum verkefnisins lýst og farið yfir niðurstöðu hvers áfanga fyrir sig. Áfangarnir eru:

1. **Þarfagreining með samráði við hagsmunaaðila:** Samtal við forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem stefna á aukin umsvif í Vesturbyggð næstu áratugi. Afla upplýsinga um þarfir þeirra m.t.t. mannafla, landsvæðis, þjónustu, veitumála, samgangna o.fl. Þetta eru m.a. fyrirtækin Íslenska kalkþörungafélagið, Arnarlax, Arctic Fish, Oddi, minni fyrirtæki sem þjónusta þau stærri og fyrirtæki í ferðaþjónustu.
2. **Greining helstu innviða og samfélags:** Farið yfir stöðu á innviðum, íbúasamsetningu og þjónustubörf í Vesturbyggð og þær upplýsingar bornar saman við framtíðarsýn og þarfagreiningu fyrirtækjanna sem safnað var í tölulíð 1.
3. **Sviðsmyndir og mótun þeirra:** Skilgreint hverjar eru orsakir fyrir tiltekinni sviðsmynd og gert grein fyrir hverjar afleiðingarnar af henni geta verið á helstu innviði (skilgreindir í kafla 3).
4. **Tillögur að aðgerðum** ásamt grófri kostnaðargreiningu og forgangsroðun ef við á.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við þrenns konar aðferðafræði. Í fyrsta hluta verkefnisins var notast við samráðsfundi eins og farið verður yfir í kafla 2. Samráðinu var ætlað að gefa betri skilning á þörfum fyrirtækja í sveitarfélaginu til framtíðar og fá fyrirtækin til þess að meta sína þörf varðandi landrými, húsnæði og innviði. Við greiningu á stöðu innviða innan Vesturbyggðar (landnotkun fyrir atvinnulíf, íbúðabyggð, staða veitna, samsetning samfélagsins o.fl.) sem finna má í kafla 3 var notast við hefðbundna heimildagreiningu þar sem farið var yfir gögn sem þegar eru til um sveitarfélagið t.d. í gildandi skipulagsáætlunum, tölfræði frá Þjóðskrá, Hagstofu Íslands og Vegagerðinni ásamt samtölum við starfsmenn sveitarfélagsins. Jafnframt var stuðst við íbúakönnun sem unnin var af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi í samstarfi við Fjórðungssamband Vestfjarða: Könnunin var gefin út árið

2018 þar sem viðhorf íbúa 19 landssvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri og að Skagafirði í norðri voru könnuð og borin saman [5]. Í þeirri könnun var rætt við íbúa sunnanverðra Vestfjarða sem eina heild (þ.e. Vesturbyggð og Táknaafjarðarhreppur voru metin sem ein heild). Settar voru upp sviðsmyndir í síðasta áfanga verkefnisins til að meta mögulega þróun atvinnureksturs innan Vesturbyggðar og setja niður aðgerðir, sem ráðast þarf í til að bregðast við þeirri þróun. Áhersla var lögð á að greina áhrif ákveðinnar sviðsmyndar og tengja hvaða afleiðingar slík sviðsmynd getur haft á innviðina sem eru greindir í kafla 3. Út frá sviðsmyndagreiningu var hægt að setja niður hvaða aðgerðir mögulega þarf að ráðast í til þess að styðja við uppbyggingu atvinnulífs í Vesturbyggð.

Við upphaf verkefnisins var stýrinefnd komið á til að hafa umsjón með framgangi verkefnisins og áherslur. Í upphafi áttu sæti þar Gerður B. Sveinsdóttir starfsmaður Vesturbyggðar, Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri, Friðbjörg Matthíasdóttir forseti bæjarstjórnar og Ingi Ingason sérfræðingur hjá EFLU. Að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2018 hættu Ásthildur og Friðbjörg í stýrinefnd og í staðin kom Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri og Iðá Marsibil Jónsdóttir forseti bæjarstjórnar. Við vinnslu verkefnisins kom stýrinefnd nokkrum sinnum saman og fundaði með ráðgjöfum EFLU verkfræðistofu. Á fundum var farið yfir hvern áfanga, niðurstaðan rædd og hvort tilefni væri til að aðlaga verkefnið í samræmi við fyrirliggjandi niðurstöður og upplýsingar.


1.2 Forsendur verkefnisins

1.2.1 Vinnusóknarsvæði og atvinnuþróun

Mikilvægt er að átta sig á stöðu atvinnumála í Vesturbyggð áður en lengra er haldið. Í þessum kafla verður farið yfir hvernig vinnusóknarsvæði í Vesturbyggð er skilgreint og hvernig atvinnuþróun hefur verið síðustu ár skv. tölum frá Hagstofunni.

Þær atvinnugreinar innan Vesturbyggðar sem eru í mestum vexti eru fiskeldi í sjókvíum, vinnsla fisks sem fluttur er ferskur á markað erlendis og ferðaþjónusta m.a. skemmtiferðaskip [5]. Því gefur auga leið að atvinnustarfsemi innan Vesturbyggðar byggist mest á auðlindanýtingu sem krefst m.a. hafnaraðstöðu og/eða nálægðar við náttúruperlur. Þessi auðlindanýting er vissulega samkeppnisforskot sem sveitarfélagið hefur en getur einnig skapað ákveðna einsleitni í atvinnulífinu. Öll stærri fyrirtæki sem hafa aðsetur innan Vesturbyggðar byggja rekstur sinn á auðlindanýtingu og greiðum samgöngum fyrir vörur sínar á markað innanlands og erlendis. Við gerð atvinnustefnu sveitarfélagsins þarf að hafa í huga að til að skapa fjölbreytni þarf að búa til aðstöðu og aðdráttarafl fyrir fyrirtæki sem ekki byggja starfsemi sína á auðlindanýtingu.

Í Vesturbyggð eru, eins og áður segir, tveir megin byggðakjarnar, Patreksfjörður og Bíldudalur þó einnig sé að finna byggð í Krossholti og á Barðaströndinni. Þessir tveir megin byggðakjarnar ásamt Tálknafirði eru skilgreindir sem hluti af sama vinnusóknarsvæði skv. Byggðastofnun. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða eru ákveðin af Byggðastofnun og m.t.t. byggðapróunar eru svæði til daglegrar vinnusóknar mikilvæg. Innan svæðanna ferðast fólk daglega milli heimilis og vinnustaðar [6]. Í skilgreiningu Byggðastofnunar miðast vinnusóknarsvæði við þéttbýlisstaði með 200 íbúa og fleiri og eru sum svæði sem skarast sameinuð, sjá mynd 1-3



MYND 1-3 Yfirlitskort frá Bygðastofnun yfir vinnusóknarsvæði [6].

Í lýsingu Bygðastofnunar á vinnusóknarsvæðinu er „Patreksfjörður“ samheitið yfir svæði nr. 5, sunnanverða Vestfirði og þar segir: „Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á sunnanverðum Vestfjörðum, Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar. Frá Patreksfirði er dagleg vinnusókn suður á Rauðasand“ [6, p. 2].

Þó Patreksfjörður, Bíldudalur og Tálknafjörður tilheyri sama vinnusóknarsvæðinu skv. skilgreiningu Bygðastofnunar, þá er það ekki sú upplifun sem íbúar og fyrirtæki á svæðunum hafa (skv. samráði). Samgöngur á milli þessara svæða eru ótryggar yfir vetrarmánuðina sem hefur mikil áhrif á atvinnu en ekki síður tómstundir og þjónustu.


Samkvæmt skráningu fyrirtækja hjá Ríkisskattstjóra höfðu 38 fyrirtæki skráð aðsetur í Vesturbyggð í ágúst 2018. Fyrirtækin starfa í mismunandi greinum eins og sjá má í töflu 1-1. Þessar tölur gefa þó ekki heildarmynd af fyrirtækjarekstri á svæðinu þar sem ekki er til heildarskráning á fyrirtækjum sem hafa skráð aðsetur annarstaðar en eru með hluta starfsemi sinnar í Vesturbyggð. Tálknafjörður liggur á milli Bíldudals og Patreksfjarðar og þar má einnig finna þjónustu sem að íbúar Vesturbyggðar nýta sér. Næsti þéttbýlisstaður til norðvesturs er Þingeyri og frá Patreksfirði til suðurs er Stykkishólmur í seilingarfjarlægð ef farið er með ferjunni Baldri.

TAFLA 1-1 Yfirlit yfir fjölda fyrirtækja innan Vesturbyggðar.

ÞJÓNUSTU- FLOKKUR	VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	SJÁVAR- ÚTVEGUR	SVEITAR- FÉLAG	RÍKIÐ	FERÐA- ÞJÓNUSTA ¹	ÖNNUR ÞJÓNUSTA ²	SAMTALS
FJÖLDI FYRIRTÆKJA	10	7	1	1	5	14	38

Einnig er að finna landbúnað á svæðinu. Í skýrslu RHA um Vestfjarðarveg kemur fram að í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi eru sjö bú með nautgripi, eitt þeirra án mjólkurkúa. Fimm þeirra sem eru með mjólkurkúr eru með færri en 50 skepnur, og eitt bú er með 51-75 kúr. Aka þarf með mjólkina á næstu afurðastöð, sem er í Búðardal, 239 km frá Patreksfirði. Skv. sömu heimild er 21 sauðfjárþú í Vesturbyggð og þar af eru 12 með innan við 200 fjár og þrjú með fleiri en 600 fjár. Eingöngu eitt bú er í Tálknafjarðarhreppi, er með innan við 200 fjár. Næsta sauðfjársláturhús er á Hvammstanga, 320 km frá Patreksfirði. Margir bændur stunda önnur störf samhliða búfjárrekstri [1].

Vinnumálastofnun áætla fjölda starfandi í sveitarfélögum landsins fyrir hvern mánuð. Á mynd 1-4 má sjá mat Vinnumálastofnunar á fjölda starfandi innan Vesturbyggðar frá árinu 2000. Við upphaf tímabilsins var fjöldinn nærri 700 manns og seig niður fyrir 500 manns í einstökum mánuðum á tímabilinu 2008-2010. Að undanfögnu hefur fjöldi starfandi verið nærri 600 manns í sveitarfélaginu [7].




MYND 1-4 Fjöldi starfandi í Vesturbyggð skv. gögnum Vinnumálastofnunar [7].


Á tímabilinu 2000 til 2018 var atvinnuleysi að meðaltali 2,4% í Vesturbyggð en 3,5% á landsvísu. Á mynd 1-5 má sjá sex mánaða fljótandi meðaltal atvinnuleysis frá 2000. Atvinnuleysi jókst ekki við efnahagshrunið 2008 í Vesturbyggð líkt og gerðist að meðaltali á landinu [7].

¹ Gisting fellur undir ferðaþjónustu.

² Önnur þjónusta er t.d. iðnaðarmenn, bílaverkstæði, kalkvinsla o.fl.



MYND 1-5 Atvinnuleysi í Vesturbyggð og á landsvísu (6 mánaða fljótandi meðaltal skv. gögnum Vinnumálastofu [7]).




MYND 1-6 Atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun í nokkrum sveitarfélögum og á landsvísu [7].

Almennt má segja að atvinnuleysi á landsbyggðinni hafi verið minna en á landsvísu við efnahagshrunið árið 2008. Á mynd 1-6 má sjá samanburð á atvinnuleysi (fljótandi sex mánaða meðaltal) Vesturbyggðar og nokkurra annarra sveitarfélaga á tímabilinu 2000-2017. Atvinnuleysi í Vesturbyggð hefur á undanförunum árum verið álíka mikið og í sveitarfélögum Vopnafjarðarhreppi og Fjarðarbyggð. Á

allra síðustu mánuðum hefur atvinnuleysi hins vegar verið minna í Vesturbyggð en í þeim sveitarfélögum sem höfð eru til samanburðar [7].

Á árunum 2016 til 2018 var atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun einna helst í fiskvinnslu og fiskveiðum. Mestu munar um 40 skráningar fólks án atvinnu í desember 2016 og janúar 2017 sem starfað hafði við fiskvinnslu, sem líklegast má rekja til sjómannaverkfalls. Á þessum árunum var mest um atvinnuleysi fólks sem flokkað er sem verkafólk í skráningu Vinnumálastofnunar og þeir sem voru ekki með frekari menntun en grunnskólapróf, en það var um 60% mánaðarlegra skráninga atvinnuleysis hjá Vinnumálastofnun á árunum tveimur [7].

Atvinnuleysi til skamms tíma er algengast og nemur það að lágmarki um tveimur þriðju hlutum skráðs atvinnuleysis á árunum 2016-2018. Íslenskir ríkisborgarar voru um 60% þeirra sem skráðir voru atvinnulausir á tímabilinu og rúmlega þriðjungur pólskir. Hlutfall annarra ríkisborgara var á bilinu 4-7% [7].



MYND 1-7 Atvinnutekjur í Vesturbyggð og á landsvísi skv. Hagstofu á verðlagi ársins 2018 (þús. kr.) [8].


Atvinnutekjur³ hafa verið að þróast á áþekkan hátt í Vesturbyggð að meðaltali og á landsvísi á undanförunum árum. Árið 1994 eru atvinnutekjur mjög áþekkar í sveitarfélaginu að meðaltali og á landsvísi. Meðaltal atvinnutekna jókst mun hraðar að meðaltali á landsvísi fram til ársins 2007 en samdrátturinn á árunum þar á eftir færir landsmeðaltalið nærri meðaltali Vesturbyggðar árið 2009. Á síðastliðnum árum hafa meðalatvinnutekjur þróast á svipaðan hátt í Vesturbyggð og á landsvísi en

³ Atvinnutekjur samanstanda af launatekjum og öðrum starfstengdum tekjum auk reiknaðs endurgjalds. Ekki eru um heildartekjur einstaklinga að ræða þar sem t.d. bætur almannatrygginga og greiðslur úr lífeyrissjóðum teljast ekki til atvinnutekna.

hækkunin árið 2017 er minni en á landsvísu. Atvinnutekjur árið 2016 voru um 3% lægri í Vesturbyggð en að meðaltali á landsvísu og um 6% árið 2017 [8].


Í skýrslu Vífils Karlssonar, „Íbúakönnun á Íslandi“ (hér eftir kölluð; könnun SSV), sem unnin var fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og kom út árið 2018 eru borin saman viðhorf íbúa í sveitarfélögum á Vesturlandi, Suðurlandi, Reykjanesi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Þar eru sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur reiknuð saman. Þar kemur fram að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum telja launatekjur sínar betri en aðrir þátttakendur [5].

Konur eru með lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar í Vesturbyggð og nam munurinn árið 2017 um 37% og er það um 6 prósentustigum meiri munur en á landsvísu, sjá mynd 1-8 [8]. Leiða má að því líkum að ástæðan sé að konur í Vesturbyggð eru frekar í kennarastörfum eða öðrum hefðbundnum láglaunastörfum, meðan karlar starfa frekar í hærra launuðum störfum á borð við fiskeldi.



MYND 1-8 Atvinnutekjur karla og kvenna að meðaltali auk meðaltals allra íbúa í Vesturbyggð skv. Hagstofu á verðlagi ársins 2018 [8].

Munurinn á atvinnutekjum kynjanna í Vesturbyggð hefur farið minnkandi á allra síðustu árum en hann var um langt skeið um og yfir 50%. Á mynd 1-9 má sjá þróun atvinnutekna kynjanna í Vesturbyggð þar sem búin hefur verið til vísitala sem ákvörðuð er 100 árið 1994 [8]. Á myndinni sést að konur hafa hækkað í launum frá árinu 1994 meira en karlar.




MYND 1-9 Atvinnutekjur í Vesturbyggð þar sem atvinnutekjur ársins 1994 eru ákvarðaðar 100 [8].

Í könnun SSV kom fram að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum gáfu atvinnuúrvali, atvinnuöryggi og launatekjum í sinni heimabyggð hæstu einkunn. Hins vegar er atvinnuþátttaka íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum undir meðaltali og munar þar mest um lágt framlag kvenna, sem er hvergi lægra meðal þeirra 19 landsvæða sem tóku þátt í könnuninni. Starfsaldur og starfsreynsla var einnig með því lægsta á sunnanverðum Vestfjörðum í samanburði við önnur svæði [5].


1.2.2 Íbúaþróun

Íbúaþróun í Vesturbyggð er ein meginástæðan fyrir þessu verkefni. Stöðug fækkun hefur verið á sunnanverðum Vestfjörðum allt frá árinu 1980 en þá voru um 2.000 manns á svæðinu öllu [1]. Árið 1994 voru 1.390 íbúar í sveitarfélaginu og á mynd 1-10 má sjá að meðalfækkun á árunum 1994-2011 var um 30 íbúar á ári hverju. Fæstir voru íbúarnir 890 árið 2011, en þá hafði íbúum fækkað um 26% frá 1994 [9]. Eftir 2011 tók íbúum að fjölga en fækkaði þó á árinu 2018 um nærri 25 íbúa. Árið 2012 voru íbúar á Patreksfirði 636 en í byrjun árs 2019 voru þeir orðnir 675 talsins. Árið 2012 voru íbúar á Bíldudal 168 en í byrjun árs 2019 voru þeir orðnir 208 talsins. Samtals voru íbúar í sveitarfélaginu 1003 1. apríl 2019 [9]. Ef núverandi mannfjöldi er borinn saman við fjöldann 2011 hefur orðið um 12% fjölgun í sveitarfélaginu.



MYND 1-10 Mannfjöldi í Vesturbyggð 1. janúar hvers árs [9].

Á mynd 1-11 má sjá þróun mannfjölda í Vesturbyggð borna saman við þróun á landsvísu í prósentuhlutföllum, annars vegar frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2018. Hér sést glögggt hversu sveiflukennð þróunin hefur verið í Vesturbyggð seinustu áratuginu, meðan hún hefur verið stöðugri á landsvísu [9].



MYND 1-11 Þróun mannfjölda á landsvísu og í Vesturbyggð í prósentum talið frá 1998-2018 [9].

Í skýrslu ráðgjafarsviðs KPMG frá árinu 2017 um laxeldi í Ísafjarðardjúpi kemur fram að fólksfækkun á landsbyggðinni sé iðulega vegna einhæfni atvinnulífs. Ef atvinnulíf er fábreytt, eru meiri líkur á að manneskja sem missir vinnuna flytji brott frá svæðinu. Aftur á móti ef atvinnulífið er fjölbreytt, þá eru meiri líkur á að viðkomandi flyti ekki búferlum. Í skýrslunni er Vesturbyggð nefnt sem dæmi um byggðarlag þar sem neikvæðri íbúapróun, fólksfækkun, hefur verið snúið við. Þegar fiskeldisfyrirtæki fóru að skjóta þar rótum og þurftu mannskap í vinnu. Þar með tók íbúum að fjölga jafnt og þétt, öfugt við það sem áður hafði verið, líkt og sjá má á Mynd 1-11. Í skýrslu KPMG segir að fiskeldisfyrirtækin veiti yfir 100 manns atvinnu með beinum hætti [10].

Íbúasamsetning eftir aldri og kyni


Nánari upplýsingar um samsetningu mannfjölda í Vesturbyggð má sjá í töflu 1-2 sem og samanburð við landið í heild. Að jafnaði má segja að hlutdeild aldurshópa er svipuð í Vesturbyggð og á landsvísu, en hafa ber að hafa í huga að Vesturbyggð er fámennst sveitarfélag og mannfjöldinn í hverjum aldurhópi samanstendur af fremur fáum einstaklingum. Munurinn er mestur í aldurshópnum 40-45 ára, en þó ekki meiri en 1,35% færri í Vesturbyggð en á landsvísu. Í aldurshópnum 15-20 ára og 20-25 ára eru hlutfallslega fleiri í Vesturbyggð en á landsvísu, munurinn er þó í báðum tilfellum innan við 1% [9].

TAFLA 1-2 Yfirlit yfir mannfjölda innan Vesturbyggðar eftir aldri borið saman við landið í heild [9].

ALDUR Í JANÚAR 2019	Á LANDSVÍSU, FJÖLDI	VESTURBYGGÐ, FJÖLDI	Á LANDSVÍSU, %	VESTURBYGGÐ,%	MISMUNUR, %
0-5 ára	21.228	69	6%	7%	-1,0%
5-10 ára	23.620	64	7%	6%	0,2%
10-15 ára	22.969	59	6%	6%	0,5%
15-20 ára	21.945	67	6%	7%	-0,6%
20-25 ára	25.913	62	7%	6%	1,0%
25-30 ára	29.571	84	8%	8%	-0,1%
30-35 ára	25.989	74	7%	7%	-0,1%
35-40 ára	25.661	65	7%	7%	0,7%
40-45 ára	23.043	62	6%	6%	0,2%
45-50 ára	22.554	51	6%	5%	1,2%
50-55 ára	22.090	71	6%	7%	-0,9%
55-60 ára	21.837	63	6%	6%	-0,2%
60-65 ára	19.832	65	6%	7%	-1,0%
65-70 ára	16.545	45	5%	5%	0,1%
70-75 ára	13.014	45	4%	5%	-0,9%
75-80 ára	8.702	21	2%	2%	0,3%
80-85 ára	6.082	16	2%	2%	0,1%
85-90 ára	4.168	10	1%	1%	0,2%
90-95 ára	1.796	5	1%	1%	0,0%
95-100 ára	383	0	0%	0%	0,1%
Alls	356.991	998			


Á mynd 1-12 má sjá frekari greiningu á mannfjölda, aldri og kyni í Vesturbyggð. Ef borin er saman samsetning íbúafjöldans árið 2019 við 2008 má sjá að börnum hefur fjölgað undanfarin ár og hlutdeild aldurshópa barna aukist. Á árinu 2008 voru aldurshóparnir 10-19 ára mun stærri en yngri aldurshópar, sérstaklega hjá konum. Árið 2019, samanborið við 2008, hefur orðið aukning í allra yngstu aldurshópunum, í aldurshópnum 35-39 ára og í aldurshópnum 55-69 ára [9].

Ef litið er lengra aftur, t.d. til ársins 1998 þegar atvinnulífið var blómstrandi innan þessara byggðakjarna þá er áhugavert að skoða íbúasamsetninguna eftir kyni og aldri (sjá mynd 1-13) og bera saman við stöðuna árið 2019. Fyrir liðlega tveimur áratugum, árið 1998, var fólksfækkun í sveitarfélaginu hafin en þó var langt í að hún næði hámarki. Þá voru yngstu aldurshóparnir hlutfallslega stærstir. Aldurshópurinn 25-29 ára var hlutfallslega fámennur en hlutfallslega margir í aldurshópnum 30-44 ára [9].




MYND 1-12 Aldurs- og kynsamsetning í Vesturbyggð 2008 og 2019 [9].

Ef aldurs- og kynsamsetning Vesturbyggðar árið 1998 er borin saman við 2019 má sjá að hlutfallsleg fækkun hefur orðið í flestum aldurshópum yngri en 49 ára á þeim rúmu tveimur áratugum sem hafa liðið. Aukning hefur orðið á konum á aldrinum 20-29 ára og körlum á sama aldri. Hlutfall barna í sveitarfélaginu hefur einnig dregist mikið saman. Aukning hefur orðið í aldurshópnum 50-69 ára hjá bæði konum og körlum. Árið 1998 voru aldurshóparnir 30-44 ára stærstir hjá þeim sem telja má til aldurshópa fullorðinna [9]. Ekki skal fullyrt hvort þessir sömu einstaklingar búi enn í sveitarfélaginu og séu nú á aldrinum 40-69 ára.




MYND 1-13 Aldurs- og kynjasamsetning í Vesturbyggð 1998 og 2019

Á mynd 1-14 má sjá aldurs- og kynjasamsetningu á landsvísu og Vesturbyggð árið 2019. Á landsvísu eru stærstu aldurshóparnir nú 25-29 ára og 20-24 ára og yngri aldurhópar nokkru minni. Í Vesturbyggð er aldurshópurinn 20-24 ára hlutfallslega fjölmennastur og konur umtalsvert fleiri en karlar og nokkuð umfram landsmeðaltalið. Að sama skapi má sjá að karlar í aldurhópnum 15-19 ára eru nokkuð umfram landsmeðaltalið fyrir þann aldurflokk sem og í aldurflokkunum 30-34 ára og 35-39 ára. [9].



MYND 1-14 Aldurssamsetning í Vesturbyggð og á landsvísu árið 2017 [9].

Á mynd 1-15 má sjá samskonar mynd og áður en nú fyrir árið 1998. Á því ári var aldurssamsetningin nokkuð frábrugðin því sem hún var árið 2017 bæði á landsvísu og í Vesturbyggð. Yngri aldurshóparnir voru hlutfallslega stærri og þá sérstaklega í Vesturbyggð. Einnig er áberandi hversu hlutfallslega litlir ákveðnir aldurshópar voru árið 1998, t.d. 55-59 ára [9].




MYND 1-15 Aldurssamsetning í Vesturbyggð og á landsvísu árið 1998 [9].

Þegar litið er til þróunar í Vesturbyggð miðað við á landsvísu má sjá að árið 1998 voru hlutfallslega mun fleiri í yngri aldurshópnum í Vesturbyggð en á landsvísu og að sama skapi voru færri eldri íbúar í Vesturbyggð en á landsvísu. Íbúar Vesturbyggðar hafa elst og endurnýjun ekki verið jafn hröð í yngri aldurshópum og áður var. Árið 2008 hafði börnum fækkað til muna í sveitarfélaginu en hefur þeirri þróun verið snúið við. Ljóst er að eftir töluvert mikinn samdrátt hefur íbúum Vesturbyggðar farið jafnt og þétt fjölgandi síðan skömmu eftir hrun. Árið 2019 er hlutfall barna orðið líkara því sem er á landsvísu og það sama má reyndar segja um marga aðra aldurshópa [9].


Samsetning íbúa eftir þjóðerni

Á mynd 1-16 má sjá að þann 1. janúar 2017 bjuggu 877 einstaklingar í Vesturbyggð með íslenskt ríkisfang, en 153 með erlent ríkisfang [11].



MYND 1-16 Íbúar Vesturbyggðar eftir ríkisfangi 1. janúar 2017 [11].

Skiptingin er nokkuð jöfn milli karla og kvenna hvað Íslendingana varðar, eða 455 karla og 422 konur [11].



MYND 1-17 Karlar og konur í Vesturbyggð með erlent ríkisfang 1. janúar 2017 [11].

Á mynd 1-17 sést að Pólverjar eru lang fjölmennasti hópur íbúa Vesturbyggðar sem hafa erlent ríkisfang, eða 57 karlar og 42 konur. Aðrar þjóðir eru mun fámennari eða innan við tíu manns hver fyrir sig [11]. Nefna ber að tölur Hagstofunnar eiga við um íbúa sem hafa fasta búsetu í sveitarfélaginu og ekki er víst að farandverkamenn (svo sem fólk sem vinnur tímabundið við ferðaþjónustu eða annað) teljist hér með.

Fjölskyldusamsetning

Í töflu 1-3 má sjá samsetningu fjölskyldna innan Vesturbyggðar skv. tölum og skilgreiningu Hagstofu. Hlutdeildin er áþekkt fyrir flesta flokka Vesturbyggðar og landsins í heild sinni en hlutfallslega fleiri íbúar í Vesturbyggð eru í hjónabandi með börnum, 2% fleiri [12].

TAFLA 1-3 Yfirlit yfir samsetningu fjölskyldna innan Vesturbyggðar 1. janúar 2019 borið saman við landið í heild⁴ [12].

VESTURBYGGÐ	FJÖLDI	HLUTFALL AF HEILD	
Einstaklingar	344	34%	
Hjónaband án barna	180	18%	
Hjónaband með börnum	268	27%	
Óvígð sambúð án barna	36	4%	
Óvígð sambúð með börnum	100	10%	
Karl með börn	4	0%	
Kona með börn	66	7%	
Samtals	998		

LANDIÐ	FJÖLDI	HLUTFALL AF HEILD	MISMUNIR Á MILLI
Einstaklingar	121.815	34%	0%
Hjónaband án barna	66.880	19%	-1%
Hjónaband með börnum	90.372	25%	2%
Óvígð sambúð án barna	8.700	2%	1%
Óvígð sambúð með börnum	38.770	11%	-1%
Karl með börn	3.054	1%	0%
Kona með börn	27.400	8%	-1%
Samtals	356.991		

Hlutfallslega eru einstaklingar fjölmennastir bæði á landsvísu og í Vesturbyggð eða 32% á landsvísu og 34% í Vesturbyggð og næstfjölmennasti hópurinn fyrir hvoru tveggja er hjónaband með börn eða 25% á landsvísu og 27% í Vesturbyggð [12].

Samsetning íbúa eftir menntunarstigi

Hagstofa Íslands heldur ekki tölur yfir menntunarstig íbúa í einstökum sveitarfélögum en skv. könnun, þar sem viðhorf íbúa mismunandi svæða frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri voru borin saman, kom fram að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum telja menntunarstig á sínu svæði lágt [5]. Sjá jafnframt frekari umfjöllun um menntun í kafla 3.4.1.

⁴ Skv. Hagstofu teljast til einstaklinga allir sem hafa náð 18 ára aldri en falla ekki undir neinn annan flokk af þeim sem taldir eru upp í listanum, óháð því hvort þeir búa í foreldrahúsum eða ekki. Sjá frekar á Hagstofa.is.

1.3 Sjálfbærni og Vesturbyggð

Vesturbyggð eins og önnur sveitarfélög á Vestfjörðum er með umhverfisvottunina *EarthCheck*. Árið 2015 fengu sveitarfélögin á Vestfjörðum silfurvottun *EarthCheck*. Á heimasíðu Vestfjarðastofu segir um *EarthCheck*:

„Vottunarsamtökin EC3 Global eru áströlsk samtök sem sjá um vottun samfélaga og ferðaþjónustuaðila og geta veitt þeim umhverfismerki. Samtök þessi hafa umsjón með EarthCheck vottunarkerfinu, sem byggir á hugmyndafræði Dagskrár 21 um ábyrga stjórnun og sjálfbæra þróun og var sett á fót með stuðningi Alþjóða ferðamálaráðsins og Alþjóða ferðamálasamtakanna árið 1994. Merkið nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, enda hafa samtökin vottað aðila í yfir 50 þjóðlöndum í öllum heimsálfum. Erlendis er því um þekkt og traust umhverfismerki að ræða.

EC3 Global eru enn sem komið er einu vottunarsamtökin í heiminum sem votta samfélög. Vottunarkerfið felur í sér að samtökin setja viðmið fyrir samfélagið í heild og því er í raun um trúverðugri leið til umhverfisúrbóta að ræða en felst í til dæmis Staðardagskrárvinna og vottun skv. ISO 14001 staðli. Í þeim verkefnum setur viðkomandi aðili sér sjálfur viðmið og segir þátttaka því lítið til um frammistöðu í samanburði við aðra aðila, þótt hún sé jákvæð. Með vottunarkerfinu veita samtökin samfélögum ramma til þess að mæla frammistöðu sína og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum.

Undirbúningur fyrir EarthCheck hófst á Vestfjörðum árið 2010, þegar það var ákveðið á haustþingi fjórðungssambandsins að öll sveitarfélögin á Vestfjörðum myndu taka þátt í verkefninu. Verkefnið er í höndum Fjórðungssambands Vestfirðinga á vegum sveitarfélaganna.“ [13]

Vottunin getur verið liður í því að styrkja sérkenni sveitarfélagsins og að stuðla að jákvæðri markaðsetningu fyrir fyrirtæki og þjónustu sem er á svæðinu.

2 ÞARFAGREINING MEÐ SAMRÁÐI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Samráð við atvinnulífið í Vesturbyggð var fyrsti áfangi verkefnisins. Áður en samráðsfundir voru haldnir fór verkefnahópurinn yfir mögulega lykilhagsmunaaðila í verkefninu og voru aðilarnir flokkaðir í samráðsflokka A og B.

2.1 Samráð A

Samráð A fólst í fundum með ráðgjöfum EFLU og forsvarsmönnum hvers fyrirtækis fyrir sig en samráð B voru tveir fundir; annars vegar fyrir atvinnugreinar sem m.a. þjónusta fiskeldi sem og önnur þjónustufyrirtæki og hins vegar ferðaþjónustuaðila. Þau fyrirtæki sem flokkast undir samráð A eru:

- Íslenska kalkþörungafélagið,
- Arnarlax,
- Arctic Fish,
- Oddi
- Fiskmarkaðurinn.

Til þess að ná markmiðum verkefnisins var nauðsynlegt að ræða beint við þau fyrirtæki sem eru stærst hvað varðar fjölda starfsfólks, framtíðarpörf fyrir innviði o.fl. Samráðsfundir áttu sér stað í félagsheimilinu á Patreksfirði dagana 8-10. nóvember 2017.

Samráði A var ætlað að afla upplýsinga um framtíðarsýn fyrirtækjanna til næstu 5-10 ára, núverandi og framtíðarpörf m.t.t. innviða s.s. landrymi, veitur, samgöngur o.fl. Með fundarboðinu sem sent var til þessara fyrirtækja voru eftirfarandi spurningar lagðar fram:

1. Hver er landrymispörf ykkar starfsemi í dag og til fyrirsjáanlegrar framtíðar?
2. Hver er húsnæðispörf ykkar í dag og til fyrirsjáanlegrar framtíðar, bæði m.t.t. starfsemi og búsetu starfsmanna?
3. Hvernig standa veitumálin hjá ykkur s.s. vatnspörf, raforkupörf, ástand fráveitu, samskipti (nettenging o.fl.).
4. Hverjar eru þarfir ykkar m.t.t. samgangna og samgöngumáta, t.d. samgöngur milli byggðakjarna, hafnarpláss, almenningsamgöngur, flugsamgöngur, og þá tíðni, öryggi o.fl. sem lýtur að því?
5. Upplýsingar um núverandi starfsmannafjölda og líklega þörf til næstu ára. Upplýsingar um föst störf, árstíðabundin störf, kröfur til menntunarstigs o.þ.h.
6. Þurfið þið þjónustu frá sveitarfélagi eða ríki aðra en þá sem talin hefur verið upp hér að ofan?

Niðurstaða samráðs A

Samráð við stærstu fyrirtækin á svæðinu gaf til kynna framtíðarþarfir þeirra innan Vesturbyggðar. Ekki voru öll fyrirtækin með framtíðarsýn um stækkun eða þá að óvissa var mikil og ekki vitað á þessu stigi hvort og þá hvernig fyrirtækið myndi þróast. Íslenska kalkþörungafélagið, Oddi, Arnarlax og Arctic Fish eru þau fyrirtæki sem hafa mótað sér framtíðarsýn um vöxt og/eða breytan rekstur. Forsvarsmenn

Fiskmarkaðarins töldu fyrirtækið ekki þurfa frekari innviði, hvorki húsnæði né landsvæði til næstu ára. Arctic Fish er með mest af sinni starfsemi á Tálknafirði og vegna þess er ekki farið í ítarlega greiningu á t.d. raf- og vatnsnotkun þeirra en gerð er grein fyrir helstu innviðapörf fyrirtækisins í töflu 2-6. Arctic Fish er sjálfbær hvað varðar vatnsnotkun en fyrirtækið aflar sér vatns innan eigin lóðar. Vegna skorts á raforkuöryggi er Arctic Fish með sína eigin ljósavél sem starfsemin þarf iðulega að nota.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir almennri umfjöllun sem átti sér stað á fundunum en einnig beinum tölulegum upplýsingum sem að auki má finna í töflu 2-6.

Hver er landrýmisþörf ykkar starfsemi í dag og til fyrirsjáanlegrar framtíðar?

Fyrirtæki sáu fram á þörf fyrir aukið landrými til framtíðar og voru þau nokkuð viss á hversu stórt svæði þau þyrftu. Þau fyrirtæki sem starfandi eru á Bíldudalshöfn lýstu yfir áhyggjum með plássleysi á hafnarsvæðinu og að möguleg þörf þeirra fyrir frekari stækkun gæti ekki komið til nema með tilkomu landfyllingar. Á báðum hafnarsvæðunum (Patreksfirði og Bíldudal) var nefnt að þörf væri fyrir aukið athafnarými á hafnarbökkunum. Þó kom fram að á Patreksfirði væru tækifæri til þess að endurskipuleggja hafnarbakka og í raun taka til og skilgreina betur svæði innan þeirra. Með slíkri einfaldri aðgerð væri hægt að bæta aðstöðu allra til muna.

TAFLA 2-1 Landrýmisþörf fyrirtækjanna til framtíðar.

FYRIRTÆKI	NÚVERANDI LANDRÝMI	FRAMTÍÐAR LANDRÝMISÞÖRF
Kalkþörungafélagið	15.820,6 m ² *	u.þ.b. 4 ha
Arnarlax	3.828 m ² *	3-4 ha
Arctic Fish	6 ha (Tálknafirði)	Þurfa ekki meira
Oddi	7.079 m ² *	Lóð undir stækkun ca. 5.000 m ²

Hver er húsnæðisþörf ykkar í dag og til fyrirsjáanlegrar framtíðar, bæði m.t.t. starfsemi og búsetu starfsmanna?

Líkt og með landrýmisþörf þá voru fyrirtækin sem staðsett eru á Bíldudal með áætlanir um aukin fermetra fjölda til framtíðar. Litlar áætlanir eru um stækkun húsnæðis hjá fyrirtækjunum á Patreksfirði. Vegna plássleysis á Bíldudalshöfn og nærliggjandi svæðum í kringum hana eru ekki eins miklir möguleikar til aukinna athafna og krefst slíkt samvinnu við sveitarfélagið til að leysa úr. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá stærð núverandi húsnæði fyrirtækjanna í fermetrum og áætlaðri framtíðarþörf til næstu ára.

TAFLA 2-2 Yfirlit yfir framtíðar húsnæðisþörf fyrirtækjanna.

FYRIRTÆKI	NÚVERANDI HÚSNÆÐI	FRAMTÍÐAR HÚSNÆÐISÞÖRF
Kalkþörungafélagið	4.569,6 m ² *	Núverandi + stækkun upp á 1.850 m ²
Arnarlax	2074,2 m ² *	Núverandi húsnæði 4.300 m ² + 2.780 m ²
Arctic Fish	-	Þurfa geymslu á Patreksfirði, stærð ekki vitað u.þ.b. einn gámur.
Oddi	2157,3 m ² *	Stækkun upp á 1.500-2.000 m ²

Á fundunum kom fram að húsnæði fyrir starfsfólk væri vandamál og það vantaði t.d. á Bíldudal um 10 íbúðir/hús. Að mati fundarmann þarf að leysa vandamálið varðandi Ofanflóðasjóð þ.e.a.s. að fá fjármögnun frá sjóðnum til að hefja uppbyggingu á ofanflóðavörnum svo hægt sé að byggja á svæðum sem í dag eru innan hættumatslínu. Það skiptir líka máli hvaða valmöguleikar eru í boði, s.s. hvernig húsnæði er verið að bjóða upp á, einbýli, blokkir eða parhús. Að mati fundarmanna er það oftast þannig að þeir sem eru að flytja

frá höfuðborgarsvæðinu vilja oftast fá einbýli ef það á að flytja út á land. Arnalax á húsnæði en leigir einnig húsnæði fyrir starfsfólk. Oddi er með verbúð en nefndi að það þyrfti að bjóða upp á einstaklingsíbúðir fyrir þör sem koma. Kalkþörungafélagið á þrjú hús og eru að byggja átta íbúðir á Bíldudal (geta verið þar allt að 16 íbúar) en slíkar aðgerðir hafa einnig komið til tals hjá öðrum fyrirtækjum til að koma boltanum af stað varðandi íbúðauppbyggingu. Nefnt var að það sé líka vandamál að engin úrræði eru innan sveitarfélagsins fyrir eldri borgara og því losnar ekki um stærri eignirnar, þetta er vandamál í svo litlu samfélagi eins og Vesturbyggð, þar sem hver eign telur. Á heildina litið er allur hagur á því hvernig starfsfólk býr og hvort það búi á sama stað og það vinnur.

Hvernig standa veitumálin hjá ykkur s.s. vatnsþörf, raforkuþörf, ástand fráveitu, samskipti (nettenging o.fl.).

Fyrirtækin sem rætt var við eru með mismunandi lausnir á fráveitumálum og fer það eftir starfsemi. Samráðið leiddi í ljós að flest þessara fyrirtækja eru ávallt að bæta sinn búnað til að uppfylla strangar kröfur viðskiptavina sinna. Í samráðinu kom fram að þar sem t.d. er verið að vinna með matvæli þurfi fyrirtækin að sýna fram á hvernig fráveitumálum er háttað m.t.t. vottunar og gæðastimpla sem kaupendur krefjast að sé á vörum.

Í töflum 2-3 og Tafla 2-4 má sjá yfirlit yfir núverandi og fyrirhugaða framtíðarnýtingu þessara þriggja fyrirtækja á raforku og vatni. Fyrirtækin voru ekki öll með nákvæmar tölur um notkun sína í dag og heldur ekki áætlaða þörf til framtíðar. Í töflunum er því reynt að áætla aukningu m.v. fyrirhugaða aukningu á framleiðslu.

TAFLA 2-3 Núverandi vatnsnotkun stærri fyrirtækja og fyrirhuguð notkun til framtíðar.

FYRIRTÆKI	NÚVERANDI NOTKUN U.Þ.B.	LÍKLEGA FRAMTÍÐARNOTKUN [14] ⁵
Kalkþörungafélagið	um 94.000 tonn á ári	Ætla að auka framleiðslu upp í 120 þúsund tonn á ári. Líkleg aukning á vatnsmagni væri um 100.000 tonn á ári. Líklega framtíðarnotkun væri þá u.þ.b. 195.000 tonn á ári.
Arnarlax	40 tonn á dag/14.600 tonn á ári	Ætla að auka framleiðslu upp í 50 þúsund tonn á ári. Líklega aukning á vatnsmagni vær um 60.000 tonn á ári. Framtíðarnotkun því u.þ.b. 75.000 tonn á ári.
Oddi	250.000 rúmmetrar á ári	Aukning lítil og mun ekki krefjast mikillar vatnsnotkunar umfram núverandi notkun.

TAFLA 2-4 Núverandi raforkunotkun og fyrirhuguð framtíðarnotkun hjá stærstu notendum raforku í Vesturbyggð.

FYRIRTÆKI	NÚVERANDI NOTKUN Á ÁRI	FRAMTÍÐAR NOTKUN
Kalkþörungafélagið	u.þ.b. 4 MW	6 MW/8 MW
Arnarlax	1 MW	5 MW (vegna kassaverksmiðju)
Oddi	-	Ekki talið að það verði teljanleg aukning

⁵ Á samráðsfundum gátu fyrirtækin ekki sagt hversu mikil aukning yrði í vatnsmagni miðað við áætlanir um aukna framleiðslu. Því eru í þessum dálki settar fram tölur sem eru áætlaðar miðað við núverandi notkun á ári. ' Skv. verðskrá þá greiða

Hverjar eru þarfir ykkar m.t.t. samgangna og samgöngumáta, t.d. samgöngur milli byggðakjarna, hafnarpláss, almenningssamgöngur, flugsamgöngur, og þá tíðni, öryggi o.fl. sem lýtur að því?

Fyrirtæki í Vesturbyggð eru að greiða gríðarlega há flutningsgjöld til að koma vörum til sín og frá sér miðað við önnur fyrirtæki á landinu sem gerir samkeppnisstöðu fyrirtækjanna lakari. Dæmi voru gefin um flutningsgjöld upp á 70 m. kr. á ári meðan að sambærileg fyrirtæki nær höfuðborginni væru að greiða 5-6 m. kr. á ári.

Allir fundarmenn voru sammála um að bæta þarf vetrarþjónustu á vegum, hún þarf að byrja fyrr á morgnanna og vera lengur fram á kvöld alla daga vikunnar. Vesturbyggð og Tálknafjörður eru skv. skilgreiningu eitt atvinnusvæði/vinnusóknarsvæði en í raun er svæðið það ekki vegna lélegra samgangna á milli. Það þarf að huga að því að fólk komist í vinnu, það er ekki nóg að snjómokstur hefjist kl. 7:30 en t.d. vinnutími hjá Arnarlaxi er frá klukkan 6 sem gerir erfitt fyrir starfsfólk sem býr á Patreksfirði eða Tálknafirði að komast í vinnu á réttum tíma þegar það er snjóþungt. Einnig kom fram að erfitt getur verið að halda úti tólmstundarstarfi s.s. kórastarfi á kvöldin þegar ekki er mokað lengur en til klukkan 20.

Allir fundarmenn nefndu að samgöngur á milli byggðakjarna og til og frá svæðinu væru mjög slakar og ekki áreiðanlegar allan ársins hring. Það þurfa að koma jarðgöng á milli byggðakjarna svo hægt er að tala um eitt vinnusóknarsvæði. Fyrirtækin flest lögðu áherslu á að skipaflutningar aukist og að sveitarfélagið skapi aðstöðu fyrir slíkan samgöngumáta. Einnig kom fram að vilji íbúa væri til þess að auka við ferðir með ferjunni Baldri. Það skiptir máli að ferjan Baldur sé til staðar, það stuðlar að afhendingaröryggi á vörum að hafa hann til staðar.

Það eru starfsmenn búsettir á Tálknafirði, Patreksfirði og Bíldudal og er tilraun í gangi með að strætó gangi á milli svæða og taka fyrirtækin þátt í því. Það þyrftu að vera örari strætóferðir til að bjóða upp á sæmilegt þjónustustig. Sum fyrirtæki eru að borga í strætó fyrir sitt fólk en það er vilji þeirra að ríkið og/eða sveitarfélagið og þá starfsfólkið sjálft standi undir þessum kostnaði í framtíðinni.

Það er mikill kostnaður fyrir fyrirtæki að það sé ekki hægt að fljúga á morgni og heim að kvöldi. Kostnaður felst í því að t.d. þarf þjónustuaðilinn að gista sem kostar meira. Nefnt var að stækka þyrfti flugvöllinn til að hægt verði að nýta hann til flutninga. Það er dýrari flutningskostur en stundum þarf viðskiptavinurinn á slíkri þjónustu að halda. Fluggjald er mjög hátt og það eitt og sér er vandamál. Það eru hins vegar skýring á því frá þeim sem fljúga á svæðið. Flugfélagið Ernir hefur bent á að gjöld og annað fyrir litla vél eru þau sömu og er fyrir stórar vélar sem er m.a. ástæðan fyrir kostnaði hjá rekstraraðila sem er ekki í takt við þá þjónustu sem hann er að veita. Vegna kostnaðar er flugið aðeins nýtt í viðskiptaferðum en ekki af almenningi. Það er að sama skapi dýrt fyrir samfélagið og fyrirtækin ef sækja þarf lækniþjónustu í bæinn. Flestir velja að keyra og þá þarf oft að gista en ef flug væri ódýrara og tvisvar á dag þá þarf fólk t.d. að vera minna frá vinnu vegna slíkra ferða sem hagnast öllum.

Það myndi hjálpa mikið ef flug færi a.m.k. einu sinni í viku tvisvar á dag, s.s. að hægt væri að komast fram og til baka á einum degi (á meðan á vinnslu verkefnisins stóð hóf Flugfélagið Ernir flug tvisvar á dag á fimmtudögum, en féll svo aftur niður í eitt á dag haustið 2018). Tollaafgreiðsla var á Ísafjarðarflugvelli en er ekki lengur. Þetta gerir það að verkum að vélar sem t.d. eru að koma beint á Bíldudal frá Noregi þurfa að fara fyrst á Egilsstaði til að fá tollaafgreiðslu. Eins og er þá er ekki hægt að

leysa þessi samgöngumál að mati sumra fundarmanna nema að Tálknafjörður og Vesturbyggð verði eitt sveitarfélag.

Upplýsingar um núverandi starfsmannafjölda og líklega þörf til næstu ára. Upplýsingar um föst störf, árstíðabundin störf, kröfur til menntunarstigs o.þ.h.?

Flest störfín sem eru hjá fyrirtækjunum krefjast ekki hás menntunarstigs, hins vegar hefur það breyst með árunum og sumar stöður krefjast menntunar s.s. fiskeldisfræðingar, matvælafræðingar, viðskiptafræðingar, líffræðingar o.fl. Öll störfín eru heilsársstörf. Mikið er um erlent vinnuafli og þá sérstaklega hjá Kalkþörungafélaginu sem hefur haft áhrif á starfsmannaveltu hjá þeim. Fyrirtæki finna fyrir aukinni samkeppni um starfsfólk innan vinnusóknarsvæðisins.

TAFLA 2-5 Yfirlit yfir núverandi og framtíðar störf hjá fyrirtækjunum.

FYRIRTÆKI	NÚVERANDI STÖRF	FRAMTÍÐAR STÖRF
Kalkþörungafélagið	30 starfsmenn	u.þ.b. 5-8 störf ef leyfi fyrir 120.000 tonnum fæst
Arnarlax	105 starfsmenn	Óvissa vegna tilhögun vinnslunnar og framleiðsluáferða, minna en 50%
Arctic Fish	10 starfsmenn	10-15 auka störf ef öll leyfi fást
Oddi	80 starfsmenn þar af 25 sjómenn	20-30 manns ef aukning verður

Þurfið þið þjónustu frá sveitarfélagi eða ríki aðra en þá sem talin hefur verið upp hér að ofan?

Almennt var mikil umræða um samfélagsmálin og hvernig allir aðilar í samfélaginu þurfa að leggjast á eitt til að gera Vesturbyggð að aðlagandi stað fyrir fjölskyldufólk. Að mati fundarmanna þarf þjónustustig sveitarfélagsins og ríkisins (fyrir þau málefni sem er á þeirra ábyrgð) að vera samkeppnishæft við önnur sambærileg sveitarfélög og aðra landshluta. Eftirfarandi atriði eru þau helstu sem allir fundarmenn nefndu á einn eða annan hátt:

- Skólar og leikskólar þurfa að geta tekið við börnum.
- Opnunartími leikskóla þarf að passa við vinnutíma fyrirtækja.
- Lengd viðvera eftir skóla.
- Vantar dagforeldra.
- Heilbrigðisþjónusta í sveitarfélaginu er ekki ásættanleg.
 - Það fellur til mikil kostnaður fyrir t.d. fólk að fara í sónar og það tekur tíma. Það þýðir lengri fjarvera frá vinnu og það er einnig kostnaður fyrir fyrirtæki. Þetta hefur áhrif á alla.
 - Stuðla að því að hjúkrunarfræðingur sé með fasta búsetu á svæðinu.
 - Bráðaliðar á staðnum veita öryggi.
- Vantar túlkþjónustu, sérstaklega í heilbrigðisþjónustunni.
- Gott framboð tómsunda fyrir allan aldur er mikilvæg til að laða fólk að.

Samantekt á svörum er í töflu 2-6. Ekki fengust tölur eða viðmið fyrir alla þætti. Þar sem ekki fengust tölur áætlaði EFLA tölur út frá áætlunum fyrirtækjanna um stækkun og viðmiðum við núverandi stærðir. Í töflunni er einnig að finna tvö fyrirtæki sem hafa sýnt því áhuga að setja upp rekstur í Vesturbyggð, fyrirtæki sem vinnur afurðir úr fiskúrgangi og flutningsfyrirtæki.

TAFLA 2-6 Yfirlitstafla samráðs, sett saman úr öllum spurningunum sem eru hér fyrir ofan um núverandi og framtíðarþörf fyrirtækjanna.

FYRIRTÆKI	NÚVERANDI LANDRÝMI	FRAMTÍÐAR LANDRÝMISÞÖRF	NÚVERANDI HÚSNÆÐI	FRAMTÍÐAR HÚSNÆÐISÞÖRF	FRAMLEIÐSLA Í TONNUM 2017/2018	FRAMTÍÐAR FRAMLEIÐSLA Í TONNUM	NÚVERANDI STÖRF	FRAMTÍÐAR STÖRF
Kalkþörungafélagið	15.820,6 m ² *	u.þ.b. 4 ha (40.000m ²)	4.569,6 m ² *	Núverandi stað + stækkun skv. heimild í deiliskipulagi	60 þúsund	120 þúsund	30 starfsmenn	u.þ.b. 5-8 störf
Arnarlax	3.828 m ² *	3-4 ha (30-40.000m ²)	2074,2 m ² *	Núverandi húsnæði 4.300 m ² + 2.780 m ²	10 þúsund/ hafa heimild fyrir 17 þúsund	50 þúsund	105 starfsmenn	Óvissa vegna tilhögun vinnslunnar og framleiðsluáferða, minna en 50%
Arctic Fish	6 ha (Tálknafirði)	Þurfa ekki meira	-	Þurfa geymslu á Patreksfirði, stærð ekki vitað u.þ.b. einn gámur.	6.800	-	10 starfsmenn	10-15 auka störf ef öll leyfi fást
Oddi	7.079 m ² *	Lóð undir stækkun	2157,3 m ² *	Stækkun upp á 1.500-2.000 m ²	5 þúsund	-	80 starfsmenn þar af 25 sjómenn	20-30 manns ef aukning verður
Flutningsfyrirtæki	Á ekki við	3.000 -6.000 m ²	Á ekki við	600-1.000 m ²	Á ekki við	Á ekki við	-	2-4
Vinnsla fiskúrgangs eða annað	Á ekki við	1000 m ²	Á ekki við	600-700 m ²	-	Fer eftir framleiðslu í tonnum hjá eldisfyrirtækjum	-	2-4

*Stærð lóða og fjöldi byggðra fermetra er skv. gögnum frá Þjóðskrá Ísland

2.2 Samráð B

Ákveðið var að efna til tveggja samráðsfunda fyrir samráðshóp B. Annars vegar fyrir aðila í ferðabjónustu og hins vegar fyrir minni þjónustufyrirtæki. Boðað var á samráðsfundina með tölvupóstum til fyrirtækja, auglýsingu á heimasíðu Vesturbyggðar og með símtölum til fyrirtækja. Fámennt var á báðum samráðsfundunum. Ráðgjafar fóru stuttlega yfir tildrög verkefnisins og hvers vegna mikilvægt væri að eiga samtali við atvinnulífið. Fyrirhugað var að skipta fundarmönnum í tvo eða fleiri hópa en vegna þess hversu fámennt var sátu fundarmenn saman og tóku almenna umræðu út frá eftirfarandi spurningum:

1. Hverjar eru þarfir þíns fyrirtækis innan Vesturbyggðar?
 - a. Landrymi, samgöngur, starfsfólk, innviðir s.s. vatn, rafmagn og boðveitur.
2. Hafa einhverjar hömlur verið á rekstri þíns fyrirtækis vegna staðsetningar, innviða og/eða aðstöðu?
3. Hvaða tækifæri sér þitt fyrirtæki að opnast í tengslum við starfsemi ykkar með áframhaldandi vexti atvinnulífisins í Vesturbyggð?

Niðurstaða samráðs B

Í töflu 2-7 má sjá helstu svör og umræður sem áttu sér stað út frá spurningunum sem settar voru fram fyrir þessa aðila. Þess skal getið að svör og viðbrögð eru að mestu rituð niður eins og þau komu fram á fundinum.

TAFLA 2-7 Samantekt á niðurstöðum samráðs við ferðabjónustufyrirtæki.

SPURNINGAR	SVÖR/VIÐBRÖGÐ
Hverjar eru þarfir þíns fyrirtækis innan Vesturbyggðar?	<ul style="list-style-type: none">• Almennt vantar þessa aðila ekki innviði varðandi veitur vegna eðli þeirrar starfsemi.• Mikil umræða var um skemmtiferðaskip og þar töldu fundarmenn mikilvægt að Vesturbyggð skilgreini aðstöðu fyrir slík skip í samstarfi við ferðabjónustuaðila.<ul style="list-style-type: none">○ Það þarf að markaðsetja hverja höfn fyrir sig t.d. er Patreksfjörður og Bíldudalur í nokkurri fjarlægð frá vinsælustu ferðamannastöðunum.○ Það þarf að vera aðstaða til tollafgreiðslu og að taka á móti fólkinu á svæðinu s.s. lítil yfirbyggð bygging, WiFi o.fl.○ Það er spurning hvort gott sé að markaðsetja Patreksfjarðarhöfn því að skurðurinn að höfn er mjög þröngur og ef það er vindur þá er erfitt að sigla inn. Þess vegna er aðstaðan á Bíldudal betri, siglingarlega séð, en þar er hins vegar þröngt með aðkomu t.d. fyrir rútur.○ Af hverju áttu skipin að koma til Bíldudals? Það var ósk skipafélagsins að koma þangað því skipið ristir svo djúpt.• Hver er stefna sveitarfélagsins í ferðabjónustu? Vill sveitarfélagið að þetta verði ein af undirstöðunum í atvinnulífinu? Þarf sveitarfélagið ekki að koma að þessu s.s. að markaðsetja svæðið betur sem valkost fyrir ferðamenn?
Hafa einhverjar hömlur verið á rekstri þíns fyrirtækis vegna staðsetningar, innviða og/eða aðstöðu?	<ul style="list-style-type: none">• Mætti vera meira geymslusvæði á Patreksfirði t.d. við hafnarsvæðið.• Það eru árekstrar við starfsemi t.d. Kalkþörungafélagið, Arnarlax varðandi legu skipa við kantinn. Það eru ákveðnar hömlur í komu skemmtiferðaskipa til Bíldudals vegna plássleysis (ekki voru allir fundarmenn sammála þessu).• Mannafliinn er vandamál bæði vegna staðsetningar en einnig þar sem störf í ferðabjónustu eru almennt láglaunstörf. Erlent vinnuafli hefur að mestu sinnt störfum í ferðabjónustu.• Veitingarrekstur í Patreksfirði hefur ekki náð að festa sig í sessi. Það skortir mannauð, þetta er hark rekstur. Mikill hagnaður á sumrin og svo er hann étinn upp á veturna þegar ferðamenn eru ekki á staðnum.

SPURNINGAR	SVÖR/VIÐBRÖGD
	<ul style="list-style-type: none"> • Salernismál væru mikil áskorun ef að það myndi t.d. 5 faldast ferðamannastraumurinn. Það hafa verið ruðningsáhrif vegna t.d. aukningar vegna fiskeldis og annarra. • Gistirými yrði ein af áskorunum fyrir aukna ferðamennsku á svæðunum. • Aðal svæðismiðstöð ferðaþjónustunnar í RVK er að segja við ferðamenn að fara ekki til Vestfjarða á veturna. Þetta er neikvæð umfjöllun sem á ekki að vera og er hamlandi fyrir frekari uppbyggingu.
Hvaða tækifæri sér þitt fyrirtæki að opnast í tengslum við starfsemi ykkar með áframhaldandi vexti atvinnulífisins í Vesturbyggð?	<ul style="list-style-type: none"> • Vegirnir sem standa eftir þegar göngin verða komin, eins og Hrafnseyrarvegur. Það væri tækifæri í að skilgreina hann og fleiri vegi sem ferðamennavegi og hafa þá opna til að fólk upplifi skemmtilegt umhverfi. Þetta eru dýrmætir vegir sem bjóða upp á frábæra upplifun náttúru á svæðinu. • Á Bíldudal hefur verið mikið rætt um staðsetningu tjaldsvæðisins. Það er lóð sem er mjög ákjósanleg t.d. fyrir hótél. Nýtingin á tjaldsvæðinu er þokkaleg yfir sumartímann. • Það eru miklar tekjur af skemmtiferðaskipunum bæði fyrir sveitarfélagið og t.d. leiðsögumennina sem eru með skipulagðar ferðir. Skemmtiferðaskipin eru að halda t.d. söfnum gangandi á þessum svæðum sem eru að fá skip til sín. • Það verður mikil aukning þegar göngin koma og þegar þetta verður orðinn hringur þá munu ferðamennirnir koma og í miklu magni. • Bíldudalur – þar er t.d. grunnskóli sem er að verða of lítill. Má ekki byggja nýjan grunn- og leikskóla við t.d. íþróttahúsið? Við það losnar skólabyggingin sem mætti þá t.d. verða nýtt undir ferðaþjónustuna og svæðið í kringum hana. Það er mjög eftirsóknarvert að hafa miðbæ eins og Bíldudalur hefur og það er líka gott aðgengi að höfninni. Til dæmis er verið að taka niður gamalt hús sem mætti staðsetja í miðbænum. • Það væri hægt að tengja ferðamennsku betur við t.d. sýningar og ráðstefnur sem haldnar eru í Reykjavík og víða annarstaðar. Ef flug væri betra þá mætti selja dagsferðir. Það þarf að huga að því að það þarf að lengja flugbrautina til þess að fleiri vélar geti lent og hægt sé að nýta betur núverandi vélar. • Vilji og geta til að taka á móti ferðamönnum er til staðar en það hefur bara vantað aðgengi að Vestfjörðum. • Flug - hefur það áhrif á ferðaþjónustu? Það að flug aukist getur dregið úr sölu á gistingu. En það væri kostur ef verðið væri lægra til þess að fólk geti komið í dagsferðir.
Önnur atriði	<ul style="list-style-type: none"> • Westfjords Adventures hafa verið að vinna að því að fá inn skemmtiferðaskip með Vesturbyggð. Það hefur verið unnið við að koma þeim hingað og auglýsa Vesturbyggð fyrir skipafyrirtækjunum. Fengum eitt skip fyrir 2 árum en það átti að koma skip í fyrra en kom svo ekki. Það eru þegar bókanir fyrir næsta ár. • Það eru ýmis atriði sem þarf að skoða en við erum að tala um minni skipin sem eru um 600 manns það mætti ekki vera mikið meira. Það er hægt að leggja þessum skipum að hafnarkanti. Það þarf að skipuleggja þetta mjög vel ef t.d. 600 manna skip kemur en það er mat manna að það er full mikið af fólki. <ul style="list-style-type: none"> ○ Það væri auðveldara ef þetta eru um 200 manna skip. • Eaglefjord getur tekið um 6 hópa á dag sem koma með skemmtiferðaskipum og það eru um 50 manns í hverjum hópi. Þar er t.d. farið á hestасыningu, þorra og víkingar. Þessi skip eru að stoppa í 6-7 tíma. • Hvað koma mörg skip á næsta ári? Það eru bókaðar um 15 heimsóknir. • Hvernig er aðstaðan við höfnina í Grundarfirði? Þar er verið að móta gátlista yfir hvernig aðstaða þarf að vera til staðar fyrir komu skemmtiferðaskipa. • Skólar eru ekki í takt við hvenær „high season“ er t.d. er traffik í ágúst þá er ekki hægt að nota skólakrakkana sem vilja vinna. Erfitt er að fá fólk í þessi störf en vel hægt að nýta krafta skólakrakka.

2.3 Samantekt samráðs

Eftir samtal við forsvarsmenn fyrirtækja á svæðinu er ljóst að mikill samhljómur er varðandi þær áskoranir sem blasa við samfélaginu innan Vesturbyggðar, þær eru eftirfarandi:

- Samgöngur á milli byggðarlaga og til/frá sveitarfélaginu.
- Auka þarf vetrarþjónustu til að tryggja samgöngur bæði innan sveitarfélagsins og til og frá því.
- Raforkuöryggi er ábótavant.
- Skortur á landrými við hafnarsvæðið á Bíldudal.
- Skortur á menntuðu fólki sem vill setjast að á svæðinu.
- Skortur á íbúðarhúsnæði innan byggðakjarnanna.
- Þarf að huga að minna húsnæði fyrir mismunandi atvinnustarfsemi.
- Heilbrigðisþjónusta ekki fullnægjandi.
- Skortur á fjölbreytni í tómstundastarfi.

Samgöngumál voru ávallt efst á lista hjá öllum samráðsaðilum og ítrekuðu þeir allir mikilvægi þess að samgöngur á milli byggðarlaganna þriggja (Bíldudals, Patreksfjarðar og Tálknafjarðar) yrðu gerðar öruggar og greiðfærar allt árið. Lögðu allir áherslu á að þetta væri ekki bara vegna flutninga á vörum til og frá svæðinu heldur líka svo fólk gæti sótt vinnu, þjónustu og tómstundir á milli svæða.

TAFLA 2-8 Samantekt á niðurstöðum samráðs við minni fyrirtæki sem m.a. þjónusta fiskeldi og Kalkþörungaverksmiðjuna.

SPURNINGAR	SVÖR/VIÐBRÖGÐ
Hverjar eru þarfir þíns fyrirtækis innan Vesturbyggðar?	<ul style="list-style-type: none"> • Almennt vantar þessa aðila ekki innviði varðandi veitur vegna eðli starfsemi fyrirtækjanna.
Hafa einhverjar hömlur verið á rekstri þíns fyrirtækis vegna staðsetningar, innviða og/eða aðstöðu?	<ul style="list-style-type: none"> • Húsnæðisskortur er vandamál bæði fyrir íbúa en ekki síður ef fyrirtæki vildu stækka við sig. • Það eru tvö fyrirtæki sem hafa sameinast um að byggja á iðnaðarsvæðinu á Patreksfirði atvinnuhúsnæði. • Fundarmenn ræddu almennt að samgöngumál hefðu áhrif á rekstur og væru vissulega hömlur t.d. yfir vetrarmánuðina. • Vantar aukna vetrarþjónustu til að tryggja samgöngur á milli byggðasvæða. Stóru fyrirtækin gætu sett frekari þrýsting á Vegagerðina varðandi mokstur á milli byggðarlaga. • Það þyrfti að gera göng á milli svæða því ávallt verða hindranir eins og vegurinn yfir Hálfán þó svo hann sjálfur yrði bættur.
Hvaða tækifæri sér þitt fyrirtæki að opnast í tengslum við starfsemi ykkar með áframhaldandi vexti atvinnulíffisins í Vesturbyggð?	<ul style="list-style-type: none"> • Ef stærri fyrirtækin stækka frekar og/eða halda sessi þá er þörf á frekari þjónustu. • Það eru tækifæri í því og þá þarf t.d. fleiri iðnaðarmenn o.s.frv.
Önnur atriði	<ul style="list-style-type: none"> • Vantar hjúkunarheimili eða þjónustuíbúðir til að losa um stærri eignir sem eldri einstæðingar búa í því engin önnur úrræði eru fyrir þá. • Vantar að hafa meiri fjölbreytni í tómstundastarfi. • Jákvætt að samstarf er nú á milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðar um íþróttastarf fyrir börn og akstur á milli byggðarlaga. • Lítið íþróttastarf er hjá ungmennum á svæðinu. Það er í ágætis úrval í boði en fá börn sem taka þátt. • Félagslífið er mun öflugra á Bíldudal heldur en t.d. á Patreksfirði. Töluvert líf í kringum veitingastaðinn og almennt virðist vera að íbúar Bíldudals séu duglegri að búa til viðburði sem stuðli að félagslífi á svæðinu.

3 GREINING Á STÖÐU INNVIÐA OG SAMFÉLAGS

Í þessum kafla er staða innviða og staða samfélags greind út frá fyrirliggjandi gögnum og samráði við atvinnulífið og sveitarfélagið.


Til þess að geta greint megininnviði og helstu þætti sem taldir eru geta haft áhrif til framtíðar á atvinnumál innan Vesturbyggðar voru innviðir skilgreindir. Horft var til þess að greining á innviðum skilaði niðurstöðum sem hægt væri að nýta til þess að styðja betur við núverandi atvinnulífið og að skapa aðlaðandi aðstæður fyrir nýja atvinnuuppbyggingu, til að tryggja fjölbreytni.

TAFLA 3-1 Yfirlit yfir innviði og undirflokka.

INNVIÐIR OG UNDIRFLOKKAR	
Landnotkun	Samgöngur
<ul style="list-style-type: none"> • Iðnaðarsvæði • Hafnarsvæði • Athafnasvæði • Íbúðarsvæði/húsnæði 	<ul style="list-style-type: none"> • Stofnvegir • Flugvellir • Hafnir/siglingar
Veitur og sorp	Samfélag
<ul style="list-style-type: none"> • Vatnsveita • Hitaveita • Raforka • Fráveita • Fjarskipti • Sorp 	<ul style="list-style-type: none"> • Samfélagsþjónusta • Tólmstundir og mannlíf •

3.1 Greining á landnotkun samkvæmt skipulagsáætlunum

Farið var yfir stöðu landnotkunar skv. gildandi skipulagsáætlunum og úthlutuðum lóðum. Í gildi er aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 [15]. Skipulagið rennur brátt úr gildi og er þegar hafin vinna við endurskoðun þess. Við vinnslu þessarar skýrslu var samráð haft við Landmótun sem vinnur að endurskoðun aðalskipulags.



MYND 3-1 Gildandi þéttbýlisuppdrættir byggðakjarnanna Patreksfjarðar [16] og Bíldudals [17].

3.1.1 Iðnaðarsvæði

Grunnstaða: Innan Vesturbyggðar eru skilgreind iðnaðarsvæði í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þar segir:

„Á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, veitustöðvar, skólpadælu- og hreinsistöðvar, verksmiðjur og virkjanir. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.“

Í dreifbýli eru nokkur iðnaðarsvæði en það eru minni svæði sem eru sérstaklega skilgreind undir ákveðna starfsemi s.s. orkuvinnslu og fóðurstöðvar fyrir fiskeldi. Ekki er um að ræða iðnaðarlóðir fyrir fjölbreytta starfsemi og eru flest þessara svæða ekki tengd veitukerfum sveitarfélagsins.

TAFLA 3.2 Yfirlit yfir iðnaðarsvæði fyrir utan þéttbýli.

IÐNAÐAR-SVÆÐI	STÆRÐ (ha)	FJÖLDI IÐNAÐARLÓÐA	ÞEGAR ÚTHLUTAÐAR IÐNAÐARLÓÐIR	LAUSAR IÐNAÐARLÓÐIR	VEITURKERFI	DEILISKIPULAG
15	-	-	-	-	Nei	Nei
16	0,5	-	-	-	Nei	Nei
17	0,5	-	-	-	Nei	Nei
18	0,5	-	-	-	Nei	Nei
19	0,5	-	-	-	Nei	Nei

Innan þéttbýlis Bíldudals og Patreksfjarðar eru sjö iðnaðarsvæði, fjögur á Patreksfirði og þrjú á Bíldudal. Í töflum 3-3 og 3-4 má sjá yfirlit yfir þessi iðnaðarsvæði.

TAFLA 3-3 Yfirlit yfir iðnaðarlóðir á Bíldudal.

IÐNAÐARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	FJÖLDI IÐNAÐARLÓÐA	ÞEGAR ÚTHLUTAÐAR IÐNAÐARLÓÐIR	LAUSAR IÐNAÐARLÓÐIR	VEITURKERFI	DEILISKIPULAG
I1 – iðnaður við hesthús	3,3	11	4	7	Já/Nei	Já
I2 - gámasvæði	0,2	1	1	0	Já	Nei
I3 - landfylling	4	1	0	1	Nei	Já

Á Bíldudal eru sjö lausar minni iðnaðarlóðir innan svæðis I1. Lóðirnar eru frá 1.342 m² – 2.766 m² og liggur vatnslögn að svæðinu en svæðið er ekki tengt fráveitukerfi sveitarfélagsins. Þegar hefur verið unnið staðbundið hættumat fyrir svæðið vegna ofanflóða/skriðufalla og liggur svæðið utan hættusvæða. I3 er landfylling sem ekki hefur verið gerð í dag. Þar er gert ráð fyrir 4 ha svæði en í breytingu á aðalskipulagi er talað um að þar verði lóð fyrir slátrun og aðra starfsemi tengda fiskeldi.

Á Patreksfirði eru núverandi iðnaðarsvæði fullnýtt en deiliskipuleggja þarf svæði I3 og I4 og tengja veitukerfum til að hægt sé að úthluta lóðum.

TAFLA 3-4 Yfirlit yfir iðnaðarlóðir á Patreksfirði.

IÐNAÐARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	FJÖLDI IÐNAÐALÓÐA	ÞEGAR ÚTHLUTAÐAR IÐNAÐALÓÐIR	LAUSAR IÐNAÐALÓÐIR	VEITUKERFI	DEILISKIPULAG
I1 - Fjósadalsá	0,15	1	1	0	Já	Nei
I2	0,08	1	1	0	Já	Já
I3 – framtíðar svæði	1,25	-	-	-	Nei	Nei
I4	1,75	-	-	-	Nei	Nei

Verkefni í vændum: Engin verkefni eru í vændum varðandi iðnaðarsvæði innan Vesturbyggðar.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið, á þessu stigi, að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Innan Bíldudals og Patreksfjarðar hafa verið tekin frá svæði undir iðnaðarstarfsemi. Á Bíldudal er búið að deiliskipuleggja lóðir á svæði I1 sem hægt er að sækja umsvifalaust um, innan svæðisins er vatnslögn en ekki fráveitukerfi en horft er til þess að svæðið verði með rotþróum, fyrir er á svæðinu hesthúsabyggð. Á Patreksfirði eru svæði sem ekki hafa verið deiliskipulögð og er I3 t.a.m. í jaðri fyrirhugaðrar íbúðabyggðar sem setur takmarkanir á hverskonar starfsemi gæti verið á svæðinu. Svæði I4 er fjær byggð en þó innan þéttbýlis en við svæðið er lóð undir spennivirki sem getur verið tækifæri fyrir starfsemi sem er orkufrek.

Utan þéttbýlis eru ekki iðnaðarsvæði sem bjóða upp á stærri lóðir undir rýmisfreka starfsemi. Horfa mætti til þess að hafa til taks svæði sem ætluð væru undir starfsemi sem ekki sómir sér vel innan þéttbýlis, krefst mikils landrýmis og mögulega hafnaraðstöðu.

3.1.2 Athafnasvæði

Grunnstaða: Í Vesturbyggð eru skilgreind athafnasvæði í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þar segir um athafnasvæði:

„Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vöruheimslyur og matvælaíðnaður.“

Í Vesturbyggð eru athafnasvæði aðeins innan þéttbýlis. Á Patreksfirði eru þrjú athafnasvæði skilgreind. A1 tilheyrir deiliskipulagi hafnarinnar en svæðið er fullnýtt í dag. A2 er afmarkað undir starfsemi Vélsmiðjunnar Loga, svæðið er deiliskipulagt og fullnýtt. Innan A3 er lóð Vegagerðarinnar, svæðið er ekki deiliskipulagt en þar mætti koma fyrir 1-2 lóðum til viðbótar við lóð Vegagerðarinnar. Á Bíldudal eru skilgreind þrjú athafnasvæði. Ekkert þessara svæða er deiliskipulagt og eru öll svæðin full nýtt í dag.

TAFLA 3-5 Yfirlit yfir stærð athafnasvæða innan Bíldudals.

ATHAFNASVÆÐI	STÆRÐ (HA)	FJÖLDI LÓÐA	ÞEGAR ÚTHLUTAÐ	LAUSAR LÓÐIR	VEITUR	DEILISKIPULAGT
A1	0,6	1	1	0	Já	Nei
A2	0,17	1	1	0	Já	Nei
A3/V2	0,3	1	1	0	Já	Nei

TAFLA 3-6 Yfirlit yfir stærð athafnasvæða innan Patreksfjarðar.

ATHAFNASVÆÐI	STÆRÐ (HA)	FJÖLDI LÓÐA	ÞEGAR ÚTHLUTAÐ	LAUSAR LÓÐIR	VEITUR	DEILISKIPULAGT
A1	0,53	3	3	0	Já	Já
A2	0,25	1	1	0	Já	Já
A3	0,72	Ekki vitað	1	Ekki vitað	Já	Nei

Verkefni í vændum: Engin verkefni eru í vændum varðandi athafnasvæði innan Vesturbyggðar.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið, á þessu stigi, að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Á Bíldudal er ekki að finna laus athafnasvæði sama má segja um Patreksfjörð. Mögulega væri hægt að koma fyrir 1-2 lóðum innan athafnasvæðis A3 á Patreksfirði, ef það yrði deiliskipulagt. Huga þarf að því að skilgreina athafnasvæði innan þéttbýliskjarnanna ef að sveitarfélagið vill vera í stakk búið til að bjóða upp á slíkar lóðir.

3.1.3 Hafnarsvæði

Grunnstaða: Innan Vesturbyggðar eru skilgreind hafnarsvæði í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þar segir um hafnarsvæði:

„Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunnar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.“

Í dreifbýli Vesturbyggðar er eitt hafnarsvæði en það er Brjánslækur og þar er smábáta- og ferjuhöfn fyrir ferjuna Baldur.

Innan þéttbýlis Vesturbyggðar er samfelld hafnarsvæði við höfnina á Patreksfirði og einnig á Bíldudal, sjá töflu 3-7. Innan hafnarsvæðis á báðum stöðunum er eingöngu að finna hafnsækna starfsemi s.s. fiskeldi, fiskverkun og starfsemi því tengdu.

TAFLA 3-7 Yfirlit yfir hafnarsvæði innan þéttbýlis Vesturbyggðar.

HAFNARSVÆÐI	STÆRÐ (HA)	FJÖLDI LÓÐA	ÞEGAR ÚTHLUTAÐ	LAUSAR LÓÐIR	VEITUR	DEILISKIPULAG
Patreksfjörður	10,9	15	15	0	Já	Já
Bíldudalur	4,1 m/landfyllingu	7 skv. skipulagi	7	0	Já	Já

Verkefni í vændum eða í vinnslu: Vegagerðin í samvinnu við Vesturbyggð er byrjuð að skoða hvernig hægt er að stækka viðlegukanta og að meta kostnað við að framkvæma stækkun hafnarinnar á Bíldudal. Áætlað er að framkvæmdir hefjist seint á þessu ári við lengingu skipakants, heildarlengd verður um 180 m.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið, á þessu stigi, að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Það þrengir verulega að hafnarsvæðum í Vesturbyggð, engar lóðir eru í boði og er mikill skortur á svæðum innan hafnarinnar á Bíldudals sem fyrirtæki geta athafnað sig á. Með tilkomu þess að Samskip hafa hafið siglingar til Bíldudals þrengir enn frekar að allri starfsemi í höfninni en að jafnaði geta verið 25-30 gámar frá Samskip á hafnarsvæðinu. Innan hafnarsvæðisins á Patreksfirði er fyrirhugað að byggja svokallað nýsköpunarsetur þar sem boðið verður upp á að leigja aðstöðu undir atvinnustarfsemi.

3.1.4 Íbúðarsvæði

Grunnstaða: Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri um Vestfjarðarveg kemur eftirfarandi fram og í samráði sem fjallað var um í kafla 2 má lesa sama tón.

„Umsvif á sviði fiskeldis hafa haft áhrif á fasteignamarkaðinn og skipulagsmál sveitarfélaganna. Þannig er mikil eftirspurn eftir húsnæði í Tálknafjarðarhreppi og nokkur hreyfing á íbúðamarkaði. Tálknafjarðahreppur stóð að byggingu parhúss árið 2016 og annars 2017 en langt var þá frá því að hús reis síðast á staðnum (Vísir, 2017, 18. júní). Í Vesturbyggð er erfitt fyrir nýja íbúa að finna húsnæði en þar er lóðaverð lágt og hefur sveitarfélagið veitt afslátt af gatnagerðargjöldum í von um að glæða húsbyggingar. Íbúðahúslóðir eru til staðar en lítil eftirspurn vegna mismunar á byggingarkostnaði og söluverðs fasteigna þótt fasteignaverð hafi hækkað allnokkuð undanfarið. Iðnaðarsvæði hefur verið skipulagt á Bíldudal og lausar lóðir eru fyrir atvinnustarfsemi á Patreksfirði. [1]“

Innan þéttbýlis á Patreksfirði er töluvert landsvæði skilgreint undir nýja íbúðabyggð, líkt og fram kemur í tilvitnuninni hér að ofan. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru lausar lóðir innan núverandi íbúðabyggðar en einnig eru svæði nefnd A-G ný og samtals eru það 10,3 ha með um 103-117 lóðum. Nýju svæðin hafa ekki verið deiliskipulögð og fá þeirra svæða sem eru þegar byggð eru deiliskipulögð. Einnig er þéttbýlissvæði í Krossholti og á Barðaströnd en þarf hefur verið fólksfjölgun.

TAFLA 3-8 Staða lausra lóða innan þéttbýlis Patreksfjarðar skv. gildandi aðalskipulagi.

SVÆÐI	STÆRÐ (HA)	BYGGÐAR LÓÐIR	LAUSAR LÓÐIR	DEILISKIPULAG
ÞEGAR BYGGÐ SVÆÐI				
Hólar	-	3	4-6	Í vinnslu
Urðargata	-	14	5-7	Í vinnslu
Brunnar	-	23	1-2	Í vinnslu
Stekkar	-	10	5-7	Nei
Hjallar	-	17	5-6	Nei
Sigtún	-	36	4-5	Nei
Aðalstræti	-	51	3-4	Nei
NÝ SVÆÐI				
A	1,2	-	12-14	Nei
B	1,7	-	17-19	Nei
C	3,0	-	30-32	Nei
D	0,7	-	7-9	Nei
E	0,8	-	8-10	Nei
F	0,8	-	8-10	Nei
G	2,1	-	21-23	Nei
Samtals lausar lóðir		-	130-154	

TAFLA 3-9 Staða lausra lóða innan þéttbýlis Bíldudals.

SVÆÐI	STÆRÐ (HA)	BYGGÐAR LÓÐIR	LAUSAR LÓÐIR	DEILISKIPULAG
ÞEGAR BYGGÐ SVÆÐI				
Bíldudalur	13	-	6	Nei
NÝ SVÆÐI				
A	4,8	-	48-52	Nei
Samtals lausar lóðir			48-52	

Innan þéttbýlis Vesturbyggðar (Bíldudals og Patreksfjarðar) voru skráðar 524 íbúðir árið 2016⁶. Frá árinu 2010 hefur skráðum íbúðum fækkað um 16. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir landsvæði fyrir allt að 178-206 nýjar íbúðir, 130-154 þeirra eru á Patreksfirði en töluvert minna landsvæði er á Bíldudal til uppbyggingar. Þó er þar hægt að byggja upp 6-12 íbúðir neðan við Búðagil og um 48-52 íbúðir á reit A skv. gildandi aðalskipulagi. Samkvæmt fasteignaauglýsingum eru 10 eignir innan þéttbýliskjarna Vesturbyggðar til sölu í mars 2019.

Ofanflóðahætta hefur talsverð áhrif á möguleika til uppbyggingar bæði á Bíldudal og á Patreksfirði. Gerð hefur verið úttekt á hættusvæðum í þéttbýlisstöðunum. Unnið er að deiliskipulagi á svæðinu fyrir neðan Búðagil þar sem snjóflóðavarnir hafa verið byggðar og hættan endurmetin, gera má ráð fyrir að hægt sé að koma þar fyrir 6 lóðum og allt að 12 íbúðum. Skipulagsstofnun hefur ákvarðað þann 31. 3. 2015 að ofanflóðavarnir á Bíldudal neðan við Gilsbakkagil og „milligil“ séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum og má gera ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir þar einhverjum lóðum þegar varnirnar hafa verið byggðar. Unnið er að endurskoðun frumathugunar við Gilsbakkagil og verður að því loknu óskað álits Skipulagsstofnunar á því hvort breytingarnar hafi áhrif á ákvörðun stofnunarinnar. Nýtt

⁶ Með íbúð er átt við eina íbúð, s.s. eitt einbýlishús, eina íbúð í t.d. fjögurra íbúða raðhúsi, ein íbúð í fjölbýli eða önnur af tveimur íbúðum í parhúsi.

svæði fyrir íbúðabyggð á Bíldudal er að hluta til innan þess svæðis sem hættumat hefur verið gert fyrir og lendir þar utan hættusvæða.

Þann 22.3.2018 ákvarðaði Skipulagsstofnun að ofanflóðavarnir ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum og unnið er að frumathugun á snjóflóðavörnum við Stekkjargil. Líklegt er að snjóflóðavarnir ofan við Sigtún og Hjalla og Stekkjargil verði byggðar samhliða. Einnig hefur stofnunin gefið út álit vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir ofanflóðavarnir við Urðargötu, Hóla og Mýrar og unnið er að hönnun þeirra. Á því svæði er mögulegt að byggja á lausum lóðum. Framtíðarsvæði fyrir íbúðabyggð skv. aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 eru utan hættusvæða.


Framkvæmdir vegna frekari uppbyggingu ofanflóðavarna í Vesturbyggð hafa ekki verið tímasettar eða fjármagnaðar og hamlar það uppbyggingu á íbúðarsvæðum. Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða atvinnusvæði á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg skv. reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000. Skv. reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 637/1997 má hvorki byggja á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð, sem fyrir er, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

TAFLA 3-10 Yfirlit yfir fjölda íbúða miðað við mismunandi íbúðarhúsnæði.

ÁR	FJÖLDI	EINBÝLI	TVÍBÝLI	3-6 ÍBÚÐIR	6-12 ÍBÚÐIR	13 ÍBÚÐIR EÐA FLEIRI	ÍBÚÐIR EKKI ÍBÚÐARHÚSNÆÐI ⁷
2010	540	343	124	20	31	0	22
2011	537	344	122	20	31	0	20
2012	534	342	122	20	31	0	19
2013	534	336	118	24	37	0	19
2014	531	334	112	21	45	0	19
2015	528	334	112	20	45	0	17
2016	524	331	110	20	45	0	18

Miðað við fjölda íbúða og íbúa er meðaltal íbúa í íbúð 2,0 sem er töluvert lægra en innan höfuðborgarinnar og miðað við landsmeðaltal (sjá mynd 3-2).

⁷ Skrifstofu- eða verslunarbygging í bland við íbúðarhúsnæði. Húsnæðið er að mestu atvinnuhúsnæði en t.d. efri hæðir eru íbúðir. Lóðin flokkast oft sem atvinnulóð. Hér er ekki átt við stórar blokkir þar sem nokkrar einingar flokkast sem t.d hárgreiðslustofur eða dagvistun.



MYND 3-2 Fjöldi fólks að meðaltali í hverri íbúð.

Verkefni í vændum eða í vinnslu: Á meðan að á þessu verkefni stóð hófst deiliskipulagsgerð fyrir þrjú svæði innan Patreksfjarðar. Niðurstaða fékkst einnig í ofanflóðavarnir á Patreksfirði sem leiddi af sér að hægt var að hefja deiliskipulagsgerð. Vesturbyggð varð fyrir valinu fyrir tilraunaverkefni um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni sem Íbúðalánasjóður stendur fyrir [18]. Einnig er vinna í gangi við gerð húsnæðisáætlunar fyrir vesturbyggð.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið, á þessu stigi, að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Það skortir ekki landsvæði til íbúðaupbyggingar innan sveitarfélagsins þegar litið er til aðalskipulags. Töluvert stærra landsvæði hefur verið tekið frá undir íbúðabyggð á Patreksfirði en Bíldudal. Innan beggja byggðakjarnanna vantar að deiliskipuleggja nýja og eldri íbúðabyggð til að geta hafið uppbyggingu. Sveitarfélagið á ekki landsvæði innan Bíldudals til útdeilingar sem er m.a. ástæða fyrir því að ekki er hægt að hefja skipulagsvinnu fyrir íbúðabyggð þar. Eins og kemur fram í kafla 1 þá eru byggðakjarnarnir tveir ásamt Tálknafirði eitt vinnusóknarsvæði. Samráðið leiddi í ljós að svo er í raun ekki þar sem samgöngur á milli svæðanna eru ekki tryggar árið um kring. Það hefur þær afleiðingar að ekki er alltaf hægt að búa á Patreksfirði en sækja vinnu til Bíldudals og öfugt. Sveitarfélagið þarf því að geta boðið upp á fjölbreyttar lóðir bæði á Patreksfirði og Bíldudal.

3.2 Greining á veitum og sorpi

Greining á veitum er byggð á fyrirliggjandi gögnum, svo sem fyrirliggjandi mælingum á vatnsnotkun, upplýsingum frá sveitarfélaginu og öðrum aðilum sem sinna veitum innan sveitarfélagsins. Greining á stöðu sorphmála er einnig byggð á fyrirliggjandi tölulegum gögnum frá sveitarfélaginu.

3.2.1 Vatnsveita

Grunnstaða: Innan Vesturbyggðar er vatnsveita á Bíldudal og á Patreksfirði. Vatnsból beggja þessara veitna eru lindaruppsprettur. Vatn er geislað með UV-ljósi (útfjólublá geislun) á Patreksfirði en það er talið óþarft á Bíldudal.

Ekki er um eiginlega vatnsgeyma að ræða í veitunum en þó er um 100 rúmmetra steyppt þró á Patreksfirði. Vatnsforði fyrir slökkvistarf er því lítil sem enginn og afköst brunahana eru ekki þekkt. Vatnstankar væru til mikilla bóta fyrir rekstraröryggi veitna.

Vatnsnotkun á Patreksfirði er um 125-150 tonn á klst. skv. mælingum. Notkunin á Bíldudal er ekki mæld en áætlað er að notkunin þar sé um 40-50 tonn á klst. Í kafla 2.1 má sjá vatnsnotkun stærstu fyrirtækja á svæðinu.

Verkefni í vændum eða í vinnslu: Til stendur að reisa nýtt vatnsveituhús á Bíldudal þar sem verða mælar, framhjálaupsloki og hægt að setja geislatæki ef þörf verður talin á því. Framkvæmdin er á fjárhagsáætlun 2019 og áætlað að hefja vinnuna sumarið 2019.

Skortur á upplýsingum: Ekki liggur fyrir hvort og þá hversu mikið auka megi vatnsöflun í núverandi vatnsbólum veitnanna.

Niðurstaða: Töluverður skortur er á upplýsingum varðandi vatnsveitu. Mikilvægt er að sveitarfélagið átti sig á vatnsforða sínum og hver afkastageta vatnsbóla er til að getað vitað hvort hægt sé að auka vatnstöku. Ef stærstu fyrirtækin þurfa að auk vatnsnotkun vegna aukinna umsvifa, eins og fram kemur í kafla 2.1., um u.þ.b. 160.000 tonn á ári þá er mikilvægt að vita afkastagetu vatnsbóla.

Sveitarfélagið þarf að vera í stakk búíð til að afhenda slíkt vatnsmagn og hafa áætlanir um hvernig og þá hvenær slíkt væri mögulegt. Einnig er það öryggisatriði að vita afkastagetu vatnsbóla og hvort þau séu örugg eða hvort horfa þurfi til varavatnsbóla í framtíðinni.

3.2.2 Hitaveita

Grunnstaða: Á Patreksfirði er rafkynt hitaveita í $\frac{3}{4}$ hluta bæjarins (svokölluð R/O veita). Finnist nýtanlegur jarðhiti, þá myndi hann minnka raforkunotkun til upphitunar til muna og sú orka sem losnaði nýttist þá í annað. Jarðhitaleit hefur átt sér stað kringum Patreksfjörð án teljandi árangurs. Fundist hefur berghiti sem er hærri en svæðisstigullinn er og verður það rannsakað betur. Í besta falli gæti volgt vatn nýst sem fóður fyrir varmadælu sem að sjálfsögðu minnkar þörf á raforku til beinnar upphitunar. Ketill hitaveitunnar notar frá 1 til 2,5 MW eftir því hvort það er heitt í veðri á sumri eða mesti kuldi á vetri. Nettó sparnaður yrði því, ef nægt volgt vatn finnst, aðeins um 1,5 MW að vetri og minni að sumri.

Á Bíldudal er rafhitun. Tveir möguleikar eru þar fyrir hendi. Annars vegar að virkja 20°C heitt vatn inná varmadælu eða sækja full heitt vatn, 90-100°C um 12 km langa og að hluta erfiða lagnaleið. Húshitunarmarkaður sem er vel innan við 1 MW ber ekki slíka framkvæmd. Volga vatnið yrði í samkeppni við fullheita vatnið ef eingöngu væri verið að horfa á húshitunarmarkað. Ef iðnaður kæmi til sögunnar sem þyrfti um 2 til 3 MW af hitaorku, þá gæti það skapað forsendur fyrir að virkja fullheita vatnið. Mikill kostnaður liggur í frekari rannsóknum á jarðhita við Bíldudal.

Verkefni í vændum: Unnið er að framhaldsrannsóknum á jarðhita við Patreksfjörð og þá kemur í ljós hvort ástæða er til að fara út í framhaldsaðgerðir í jarðhitaleit. Sömuleiðis verður unnið vetnisverkefni tileinkað öllum Vestfjörðum. Þar verður m.a. skoðuð uppsetning á 2,3 MW rafgreini við höfnina á Patreksfirði. Hitaorka er aukaafurð af rafgreiningu vetnis sem hægt er að nýta inná hitaveituna að því gefnu að viðbótarlagnir í dreifikerfinu verði ekki of dýrar.

Ekki er talið fýsilegt að svo stöddu að halda áfram rannsóknum við Bíldudal vegna mikils kostnaðar.


Skortur á upplýsingum: Ekki er talið að skortur sé á upplýsingum.

Niðurstaða: Unnið er áfram að jarðhitarannsóknum á Patreksfirði og leitað leiða til að minnka kostnað við húshitun á svæðinu.

3.2.3 Raforka


Grunnstaða: Skortur á raforkuöryggi á Vestfjörðum er ávallt í umræðunni. Í samráðsferlinu kom skýrt fram að svokallað raforkuflökt væri vandamál sem kostaði fyrirtæki mikla peninga þar sem dýr búnaður verður oft fyrir skemmdum. Aflað var upplýsinga frá Orkubúi Vestfjarða [19] og Landsneti um raforkunotkun og raforkuöryggi.

Flutningskerfi raforku á Vestfjörðum samanstendur af 132 kV línu frá byggðalínuhringnum í Hrutatungu að Mjólka og þaðan liggja 66 kV línur bæði til norðurs og suðurs. Á sunnanverðum Vestfjörðum er aðveitustöð Landsnets á Keldeyri við Tálknafjörð en þangað liggur ein 45 km löng 66 kV lína (TA1) frá Mjólka, sjá mynd 3-3. Framangreindar línur eru í eigu Landsnets. Frá Keldeyri liggja tvær 66 kV línur, önnur liggur til Patreksfjarðar og hin á Bíldudal. Orkubú Vestfjarða á þær og rekur. Frá Patreksfirði liggur síðan löng 19 kV lína á Brjánslæk og nokkrar 11 kV línur. Tálknafjörður er einnig tengdur um Keldeyri.



MYND 3-3 Raforkukerfið á Vestfjörðum.

Heildarnotkun raforku innan Vesturbyggðar árið 2017 var 56.713.377 kWh (sjá mynd 3-4) af því er rafhitaveita 14.109.602 kWh. Hámarksafnotkun á Keldeyri sem fæðir bæði Vesturbyggð og Tálknafjörð var 11,6 MW á árinu 2017⁸



MYND 3-4 Raforkunotkun í Vesturbyggð.

Öryggi raforkuafhendingar

Öryggi raforkuafhendingar í Vesturbyggð verður að teljast fremur ótryggt. Fyrst og fremst er um að kenna truflunum í flutningi, annars vegar á línunum Landsnets og hins vegar Orkubús Vestfjarða.

Truflanir á TA1 línu Landsnets hafa orðið alls 14 sinnum á síðustu 5 árum eða 2,8 sinnum á ári og hefur hver truflun að meðaltali varað rúmlega 2 klukkustundir eða tæpar 6 klst. á ári. Þegar þessar truflanir eiga sér stað verða sunnanverðir Vestfirðir straumlausir að mestu leyti, staðbundið eru þá keyrðar upp dieselrafstöðvar svokallaðar varastöðvar. Tekur allt upp í 30 mínútur í hvert sinn að keyra þær upp. Þar að auki geta truflanir í tengivirkjum og á línunni frá Hróttatungu valdið skerðingu á raforku til notenda á sunnanverðum Vestfjörðum.

Þegar litið er á straumleysi í aðveitustöð Landsnets við Keldeyri sést að straumleysismínútur þar eru að jafnaði fleiri en á landinu í heild.

⁸ Tölur fyrir 2018 eru ekki komnar 06.02.2019 Sjá Raforkuspá 2018-2050 www.os.is



MYND 3-5 Straumleysismínútur forgangskorku í Vesturbyggð og Tálknafirði samanborið við landið allt, frá kerfi Landsnets.

TAFLA 3-11 Skerðingar og fjöldi tilvika í kerfi Landsnets.

ÁRTAL		FJÖLDI STRAUMLEYSISTILVIKA	SKERÐINGAR	STRAUMLEYSISMÍNÚTUR
2013	Keldeyri	7	2,99 MWh	61
2014	Keldeyri	4	4,21 MWh	78
2015	Keldeyri	6	2,72 MWh	48
2016	Keldeyri	9	4,57 MWh	83
2017	Keldeyri	4	1,41 MWh	25
		30	15,90 MWh	295


Í kerfi Orkubús Vestfjarða verða einnig truflanir sem valda skerðingum hjá notendum sem koma til viðbótar þeim skerðingum sem koma frá Landsneti. Meira er um skerðingar vegna þess kerfis en vegna kerfis Landsnets eins og sést ef bornar eru saman töflur 3-12 og 3-13.

TAFLA 3-12 Skerðingar og fjöldi tilvika frá kerfi Orkubú Vestfjarða.

ÁRTAL		FJÖLDI STRAUMLEYSISTILVIKA	SKERÐINGAR	STRAUMLEYSISMÍNÚTUR
2013	Vesturbyggð	21	9,1 MWh	260
2014	Vesturbyggð	14	21,4 MWh	552
2015	Vesturbyggð	13	7,4 MWh	179
2016	Vesturbyggð	25	14,5 MWh	366
2017	Vesturbyggð	9	4,7 MWh	117
		82	57,20 MWh	1.474


TAFLA 3-13 Meðalskerðingar og fjöldi straumleysistilvika á afhendingarstöðum í Vesturbyggð frá kerfi Orkubúi Vestfjarða.

FLOKKUR	FJÖLDI STRAUMLEYSISTILVIKA 2013-2017	MEÐALSKERÐING 2013-2017	STRAUMLEYSISMÍNÚTUR Á ÁRI AÐ MEÐALTALI
Bíldudalur	1	0,22 MWh	13
Patreksfjörður	80	11,22 MWh	734
Rauðisandur	1	0,007 MWh	3
Samtals	82	11,44 MWh	750



MYND 3-6 Straumleysismínútur í Vesturbyggð frá kerfi Orkubús Vestfjarða samanborið við straumleysismínútur í kerfi Orkubúsins í heild.

Samanlagt sést að straumleysismínútur í Vesturbyggð frá Landsneti eru fleiri en fyrir landið í heild sinni og einnig fleiri vegna dreifikerfisins á svæðinu en að meðaltali á Vestfjörðum í heild.



MYND 3-7 Heildar straumleysismínútur í Vesturbyggð frá kerfi Orkubús Vestfjarða og kerfi Landsnets.

Verkefni í vændum eða í vinnslu: Í Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027, kemur fram að til að styrkja flutningskerfið til sunnanverðra Vestfjarða hafi verið skoðaðar nokkrar útfærslur á nýrri tengingu inn á Keldeyri (sem er í Tálknafirði) en það er eini afhendingarstaður Landsnets á sunnanverðum Vestfjörðum.

Niðurstaða þessarar skoðunar er sú að tengja þarf saman Keldeyri og Breiðadal og mynda þar með hringtengingu Keldeyri-Breiðidalur-Mjólka. Í dag er eingöngu ein lína frá Keldeyri að Mjólka og er hún 45 km löng og rekin á 66 kV. Ef af þessari tengingu verður, bætir hún afhendingaröryggi í Vesturbyggð nokkuð og truflanir á TA1 ættu ekki að valda straumleysi [20].

Samkvæmt Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 – Langtímaáætlun, eru nokkur verkefni í undirbúningi eða framkvæmd á Vestfjörðum og má þar nefna:

Jarðstrengur í Dýrafjarðargöng

Vegagerðin hefur hafið framkvæmdir við jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum. Heildarlengd ganga með vegskálum er 5,6 km. Með því að nýta þessa framkvæmd hjá Vegagerðinni er möguleiki á að leggja jarðstreng í göngin sem seinna meir mun leysa af hólmi hluta Breiðadalslínu (BD1) þar sem línan liggur yfir Flatsfjall í allt að 750 metra hæð yfir sjávarmáli og aðstæður eru erfiðar til viðhalds og viðgerða auk þess sem línan er afar útsett fyrir áraun vegna veðurfars.

Sæstrengur yfir Arnarfjörð

Til þess að styrkja flutningskerfið inn á sunnanverða Vestfirði þá hafa verið skoðaðar nokkrar útfærslur á nýrri tengingu inn á Keldeyri. Niðurstaðan var að tengja saman Keldeyri og Breiðadal og mynda þar

með hringtenginguna Keldeyri-Breiðidalur-Mjólká. Fyrsti áfangi þessarar tengingar felst í að leggja sæstreng yfir Arnarfjörð milli Hrafnseyrar og Bíldudals. Lagður yrði 66 kV jarðstrengur frá Hrafnseyri í Mjólká og ná þar með nýrri tengingu frá Mjólká og út á Bíldudal og þaðan niður á Keldeyri.

Hvalárvirkjun

Hvalárvirkjun er í Rammaáætlun, ef Hvalárvirkjun verður reist, ætti notkun á Vestfjörðum að geta aukist og auk þess mun afhendingaöryggi raforku aukast.

Straumleysismínútur vegna kerfis Orkubús Vestfjarða eru mun fleiri en vegna kerfis Landsnets og því er einnig mikilvægt að bæta kerfi Orkubúsins á þessu svæði.

Gera má ráð fyrir að raforkunotkun aukist á næstu árum vegna orkuskipta. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030 og aðgerðaráætlun um orkuskipti. Í báðum áætlunum er stefnt að því að auka hlutdeild innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað jarðefnaeldsneytis. Í tölum raforkuspár er gert ráð fyrir orkunotkun vegna orkuskipta, þannig að það er ekki gert ráð fyrir aukningu umfram það sem kemur fram í Raforkuspá.

Skortur á upplýsingum: Ekki talið að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Tengipunktur allra Vestfjarða við meginflutningskerfið er tengivirkið við Mjólkárvið. Hún getur séð svæðinu fyrir hluta orkuþarfar þess en svæðið er töluvert frá því að vera sjálfbært með raforku. Til að auka afhendingaöryggi á svæðinu setti Landsnet upp varaafsstöð í Bolungarvík.

Flutningsgeta 66 kV lína á Vestfjörðum er nægjanleg til að flytja allt að 10 MW til viðbótar inn á Vestfirði en spennan fer undir leyfileg rekstrarmörk ef álagið er aukið óháð afhendingarstað. Spennuvandamálið mætti leysa með þéttavirkjum og þá er möguleg aflaukning nokkuð meiri. Helsti flöskuháls svæðisins er sá að afhending á forgangsortu er ekki með N-1 afhendingaöryggi þar sem Vestfirðir eru geislatengdir meginflutningskerfinu. Varavélarnar í Bolungarvík anna vel forgangsortkunotkun norðanverðra Vestfjarða en leysa ekki vanda í bilanatilfellum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti er möguleg hámarksaflaukning á Keldeyri í núverandi kerfi Landsnets u.þ.b. 6 MW, ef aflaukning verður á norðanverðum Vestfjörðum hefur það áhrif á mögulega aflaukningu á Keldeyri til minnkunar. Ef þær umbætur sem Landsnet er með í undirbúningi ganga eftir mun hámarksaflaukning á Keldeyri geta hækkað í 10 MW.

3.2.4 Fráveita

Grunnstaða: Fráveitumál er stórt verkefni til framtíðar hjá öllum sveitarfélögum og er Vesturbyggð engin undantekning þar á. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir í kafla 3.14.2, sem á við fráveitumál í þéttbýli, að stefnt sé að því að frárennslirásir verði leiddar út fyrir stórstraumsfjöru og að leitað verði hagkvæmra lausna. Í dag eru 18 fráveitulagnir sem liggja út í sjó frá Vesturbyggð.

Verkefni í vændum: Ekki eru nein verkefni skilgreind en sveitarfélagið er að vinna að því að setja stefnu í málaflokknum til framtíðar til að uppfylla lög og reglugerðir.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið, á þessu stigi, að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Mikilvægt er að kortleggja lagnakerfi sveitarfélagsins til að hægt sé að setja saman aðgerðaáætlun þar sem verkefnið er bútað niður. Tryggja þarf að fráveita innan sveitarfélagsins verði í samræmi við lög og reglugerðir sem lúta að fráveitum.

Mikilvægt er að aðilar sem skila frá sér mikið menguðu frárennsli marki sér sameiginlega stefnu í samstarfi við sveitarfélagið um að hreinsa skólþ innan lóðar sem síðan er leitt út í almennt kerfi sveitarfélagsins og út í viðtaka. Mikilvægt er að á hafnarsvæðinu séu viðeigandi síur hjá lóðarhöfum. Þar sem um matvælaframleiðslu er að ræða skulu sérstakar ráðstafanir gerðar.

Fráveitumál í Vesturbyggð eru sambærileg í öðrum sveitarfélögum af þessari stærðargráðu og landflæmi. Nýjar kröfur í lögum eru kostnaðarsamar fyrir sveitarfélög og getur verið erfitt að átta sig á umfangi slíkra verkefna. Stærstu fyrirtækin í Vesturbyggð eru að framleiða matvæli, aðallega fisk. Fyrirtækin hafa verið að markaðssetja vöruna sína sem umhverfissvottaða vöru og eru í því ferli kröfur um fráveitu. Samráðsaðilar bentu á að iðurlaga koma athugasemdir um fráveitumál sveitarfélagsins þegar úttektir á framleiðsluferlum eru í gangi hjá vottunaraðilum.

3.2.5 Fjarskipti

Grunnstaða: Hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum lauk í lok árs 2016. Ljósleiðarinn er hluti af stofnneti Mílu og liggur um Vesturbyggð þar sem hann tengist sírstöðvum á Bíldudal, Krossholti og Patreksfirði. Þó svo að hringtengingin sé komin, liggur enn endi til Patreksfjarðar og ef hann rofnar þá er allt netsamband þar úti.

Á nokkrum stöðum í þéttbýli Patreksfjarðar stendur til boða að tengjast ljósleiðara Mílu þar sem í dag er boðið upp á 100 Mb/s (Megabitur á sek) hraða. Míla mun bjóða upp á aukinn hraða 1 Gb/s frá og með 1. mars 2019⁹. Í þéttbýli á Bíldudal og Patreksfirði er boðið upp á ljósnet Mílu sem tryggir netsamband með allt að 50Mb/s hraða. Ljósnetið byggir á VDSL tækni þar sem tenging frá notanda í næsta tengiskáp er á koparlínu. Frá tengiskáp að sírstöð liggur ljósleiðari. Vegalengd koparlínunnar hefur mikil áhrif á nethraða hjá notanda en hann lækkar eftir því sem vegalengd koparlínunnar er lengri. Sé koparlínan 1 km til notanda þá næst minna en helmingur uppgefins hraða þjónustunnar. Á Patreksfirði veldur lega koparstrengja því að nethraði er enn minni en vænta má. Sumir staðir eru með óviðunandi nethraða og má þar m.a. nefna grunnskólann og Skjaldborgarbíó á Patreksfirði. Í dag eru 16 hús á Patreksfirði tengd ljósleiðara og áætlað að í lok árs 2019 verði þau 35.

Með styrkjum frá verkefninu *Ísland ljóstengt* hafa sveitarfélög átt kost á því að fara í uppbyggingu ljósleiðarakerfis í dreifbýli. Vesturbyggð fékk tvo sérstaka styrki, einn byggðastyrk til uppbyggingar ljósleiðarakerfis og styrk til uppbyggingar ljósleiðarakerfis fyrir 34 staði á svæðinu frá Kleifaheiði að Kjálkafirði. Uppbygging er í gangi og er áætlað að hún klárast árið 2019. Enginn staður í dreifbýli er tengdur ljósleiðara þegar þetta er skrifað.

Þegar verkefninu Ísland ljóstengt lýkur má búast við að flestir staðir í dreifbýli verði tengdir ljósleiðara. Dreifbýlið mun þá hafa aðgang að meiri hraða en þéttbýlið þar sem ljósleiðarinn hefur meiri afkastagetu en ljósnetið. Þjónustuaðilar bjóða almennt upp á 500Mb/s-1Gb/s hraða á ljósleiðara-samböndum, en hægt er að fá enn meiri hraða.

⁹ <https://www.mila.is/um-milu/frettasafn/aukinn-hradi-a-ljosleidara-milu>

Talsamband um farsíma er almennt talið gott í sveitarfélaginu skv. útbreiðslukortum fjarskiptafyrirtækjanna og Póst og Fjarskiptastofnunar (PFS). Skuggasvæði farsímaneta sumra þjónustuaðila er leyst með innanlandsreiki. Þar geta símtæki tengst farsímaneti Vodafone þar sem heimanet stendur ekki til boða. Þetta kerfi getur valdið vandræðum fyrir fólk sem er á ferðinni, þar sem símtækið leitast við að halda sig á sínu heimaneti þó svo að talsamband sé ekki mögulegt. Við þessar aðstæður slitna símtöl. Símtækið færir sig ekki á reikinet fyrr en að það hefur algerlega misst samband við sitt heimanet. Þetta er minna vandamál hjá viðskiptavinum erlendra fjarskiptafyrirtækja þar sem farsímar þeirra geta fært sig á sterkara farsímasamband því að heimanet þeirra er ekki til staðar.

Farnetsamband (netsamband um farsíma) er misgott á svæðinu. Eiginleikar farneta eru þeir að nethraði lækkar eftir því sem fjarlægð símtækis frá farsímasendi er lengri. Einnig lækkar hraðinn eftir fjölda samtímis notenda á viðkomandi sendi og landslag hefur að sjálfsögðu einnig mikil áhrif. 3G farnet eru sérstaklega viðkvæm fyrir fjölda samtímis notenda vegna lágrar afkastagetu og hraða (fræðilegt hámark 14-40 Mb/s). 4G farnet bjóða upp á mun hraðara net (allt að 300 Mb/s) en raunhraði er þó yfirleitt mun minni. Skv. útbreiðslukorti PFS næst 4G merki víða í sveitarfélaginu. Á heimasíðum fjarskiptafélagana má einnig sjá útbreiðslukort sem gefa til kynna að góður nethraði náist í og í nágrenni við Bíldudal og Patreksfjörð enda eru 4G sendar staðsettir þar.

Verkefni í vændum: Eins og fram hefur komið er uppbygging ljósleiðarakerfis í dreifbýli í gangi og er gert ráð fyrir að hún haldi áfram. Áhugi er á að byggja upp ljósleiðarakerfi í þéttbýli, en styrkir eru ekki í boði til uppbyggingar ljósleiðara í þéttbýli.

Áætluð er lagning ljósleiðara frá Bíldudal og að Grænuhlíð í Arnarfirði. Áætlað er að vinna það í samstarfi Vesturbyggðar og Orkubús Vestfjarða. Einnig á eftir að leggja ljósleiðara frá Bíldudal að Fossi í Arnarfirði. Sótt var um styrk frá Fjarskiptasjóði vegna Ísland ljóstengt 2019.

Áhugi er fyrir því að leggja ljósleiðara frá Patreksfirði að Örlygshöfn, Hænuvík, Kollsvík, Látrabjargi og Rauðasandi. Ekki er ljóst hvort verður af þessari framkvæmd. Töluverður ferðamannafjöldi heimsækir Látrabjarg og þar er skuggi á skipafjarskiptum á haf út sem getur haft áhrif á tilkynningaskyldu fiskiskipa. Orkubú Vestfjarða hefur áhuga á að leggja þriggja fasa rafstreng í Breiðuvík, verði ákveðið að fara í verkið. Einnig hefur Neyðarlínan sýnt áhuga á bætingu neyðarfjarskipta Tetra og Vaktstöð siglinga með tengingu um ljósleiðara. Þessi framkvæmd er talin mjög kostnaðarsöm og krefst því sérstakra aðgerða sem ekki eru talin falla inn í Ísland ljóstengt verkefnið.

Markmið Mílu er að leggja ljósleiðara á þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni og er sú vinna þegar hafin. Ekki liggur fyrir hvenær farið verður í lagningu ljósleiðara á Bíldudal og Patreksfirði.

Almennt hafa farsímafyrirtækin unnið að því að byggja upp 4G net á landinu og gert er ráð fyrir að þau geri það áfram. Sífelld þróun er á afkastagetu þeirra og má búast við innleiðingu 5G staðalsins á næstu árum. Nova er farið að bjóða upp á s.k. 4,5G á nokkrum stöðum á landinu. Skv. heimasíðu þeirra nær netið allt að 1000 Mb/s hraða. Þetta er þó ekki í boði í Vesturbyggð skv. útbreiðslukorti þeirra.

Skortur á upplýsingum: Ekki liggja fyrir tímasetningar hjá Mílu um uppbyggingu ljósleiðarakerfis í þéttbýli í Vesturbyggð. Áætlanir um uppbyggingu farnetskerfa liggja ekki fyrir frá viðkomandi fyrirtækjum. Nákvæmar upplýsingar um farnetsþjónustu á einstaka stöðum liggja ekki fyrir.

Niðurstaða: Öll ofangreind netkerfi eru/verða tengd inn á hringtengingu ljósleiðara (stofnnets) sem liggur í gegnum sveitarfélagið. Netkerfi eru því vel trygg varðandi netsamband við umheiminn. Þegar ljósleiðarauppbyggingu dreifbýlis lýkur má búast við að flestir staðir dreifbýlisins verði mjög vel settir hvað varðar nettengingar eða sambærilegt við aðra staði í dreifbýli landsins.

Í stórum hluta þéttbýlis er ljósnetið eina þráðbundna netsambandið sem stendur til boða þar sem ljósleiðari er ekki í boði. Notendur hafa því ekki val um önnur kerfi t.d. ljósleiðarakerfi. Öryggi ljósnetkerfisins sem slíkt er gott og sambærilegt við önnur þráðbundin netsambönd annars staðar á landinu. Afkastageta ljósnetsins er töluvert minni en afkastageta ljósleiðara og varla talin boðleg t.d. fyrir fyrirtæki sem þurfa mikinn nethraða. Ljósleiðarauppbygging í þéttbýli myndi leysa þetta vandamál. Míla er með markmið um uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýli á landsbyggðinni en tímasetningar liggja ekki fyrir. Mælt er með að ljósleiðaravæðing þéttbýlis verði skoðuð nánar og gert verði ráð fyrir þessari uppbyggingu við ljósleiðarauppbyggingu í dreifbýli ef kostur er.

Farnetssamband ætti að vera nokkuð gott innan og í næsta nágrenni við þéttbýli. Búast má við að það sé síðra annars staðar og jafnvel lítið sem ekkert á stöku stað.

Farsímasamband er ekki nægilega gott fyrir viðskiptavinum íslenskra farsímakerfa sem eru á ferðinni vegna tæknilegra vandamála í innanlandsreiki. Ekki er búist við að þetta verði lagfært nema að takmörkuðu leyti.

Ljósleiðari út á Látrabjarg og ofangreinda staði myndi auka fjarskiptaöryggi svæðisins til muna. Yfirvöld, þ.e. ríkið og sveitarfélagið þurfa í sameiningu að vinna að því að gera það kleift.

3.2.6 Sorp

Staðan: Vesturbyggð er nú með samning við Gámaþjónustu Vestfjarða um þjónustu við flokkun, söfnun og flutning á úrgangi til endurvinnslu eða förgunar. Til stendur að bjóða út sorphirðu í sveitarfélaginu seinni hluta ársins 2019. Flokkun úrgangs fer fram við heimili, annars vegar í bláa tunnu á Patreksfirði og Bíldudal og hins vegar óflokkað í gráa. Í þá bláu fer pappír, pappi, dagblöð og tímarit. Þá eru gámavellir á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði þar sem aðstaða er til flokkunar annars úrgangs s.s. grófs úrgangs, timburs, jarðvegs og garðaúrgangs, brotamálma, bylgjupappírs, plasts, hjólbarða, raftækja, spilliefna o.fl.

Í sveitarfélaginu er ekki mikill möguleiki á flokkun lífræns úrgangs og fer hann því mestmegnis í urðun. Frá 2017 hefur Vesturbyggð boðið íbúum sínum upp á moltugerðartunnur og í dag jarðgera um 20 heimili í stað þess að setja í gráa tunnu. Í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs er ákvæði í 9 gr. þar sem segir að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar en 1. júlí 2020, minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna heimilisúrgangs sem féll til árið 1995. Sama segir þar um lífrænan úrgang frá rekstri. Sveitarstjórnnum er skylt að taka á þessu og tilgreina leiðir til þess í svæðisáætlanum. Einnig hafa verið gefin út drög að tilskipun hjá EES þar sem segir að öllu aðildarríki skuli innleiða sérstaka söfnun á lífrænum úrgangi fyrir 31.12.2023.

Ýmis önnur markmið eru í reglugerðinni fyrir umbúðir, byggingar – niðurrifsúrgang, ökutæki og rafúrgang en þau er á landsvísu og hefur úrvinnslusjóður m.a. ábyrgð á hluta þeirra en ekki hvert og eitt sveitarfélag.

Þá hefur EES samþykkt tilskipun sem gerir ráð fyrir að árið 2030 megi sveitarfélög ekki urða meira en 10% af úrgangi og að a.m.k. 65% af úrgangi skuli fara í endurvinnslu en það sem eftir er endurnýtt.

TAFLA 3-14 Yfirlit yfir urðað sorp og aðra sorphreinsun í Vesturbyggð [21].

	2012 (kg)	2013 (kg)	2014 (kg)	2015 (kg)	2016 (kg)	2017 (kg)
A. Urðað sorp í Fíflholti	390.760	434.840	527.980	683.380	968.120	727.540
<i>þar af frá fiskeldi</i>			39.700	148.820	449.960	205.180
B. Sorphreinsun í Vesturbyggð						
Heimilissorp	199.844	212.872	247.150	250.026	263.910	278.240
Timbur	47.157	94.763	83.099	98.600	124.084	74.030
Brotamálmur	33.785	68.208	41.815	66.484	66.047	84.468
Pappír og endurvinnsluefni	11.622	20.537	25.870	23.653	39.069	34.588
Hjólbarðar	10.144	12.128	10.178	10.608	13.456	7.460
Jarðvegur, múr, garðaúrgangur	23.046	31.160	19.547	5.739	36.746	82.000
Annað og óflokkað	5.970	2.844	4.171	578	1	0
Alls	331.568	445.512	431.830	455.688	543.313	560.786

Verkefni í vændum: Sumarið 2018 bauð Vesturbyggð íbúum sínum aðstoð við að koma af stað moltugerð frá heimilum. Var þetta verkefni liður í því að reyna að draga úr magni lífræns úrgangs sem er urðaður í Fíflholti í Borgarbyggð. Mikill kostnaður fylgir akstri og förgun sorps fyrir sveitarfélagið.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið á þessu stigi að upplýsingar skorti.


Niðurstaða: Fyrir hendi er ágætis þjónusta varðandi möguleika á flokkun, á það a.m.k. við um þéttbýlustu staði sveitarfélagsins. Hvað varðar flokkun þá virðist skv. yfirliti sveitarfélagsins um sorphirðu frá 9.5.2018 að árangur mætti vera betri en meiri tölfraði þarf þó til að fullyrða um slíkt. Á yfirliti sést að magn flestra gerða úrgangs m.a. heimilisérgangur fer vaxandi með hverju ári, sem er jafnframt þróunin á landsvísu.

Það er mælt með að Vesturbyggð geri skoðun á stöðu sinni gagnvart skyldum sínum og markmiðum laga, reglugerða og svæðisáætlunar og meti um leið stöðuna miðað við önnur sveitarfélög í landinu. Nokkrir valkostir verði skoðaðir og samhliða því sé kostnaður við sorphirðuna skoðaður og áhrif nauðsynlegra breytinga á kostnað.

3.3 Greining á samgöngum

Í þessum kafla er farið yfir stöðu samganga í Vesturbyggð. Í umfjöllun um samgöngur er lögð áhersla á samgöngur til og frá sveitarfélaginu með flugi, siglingum og á þjóðvegum landsins annars vegar og hins vegar yfir samgöngur á milli byggðakjarna sveitarfélagsins. Auk þessara tenginga er litið til vega innan sveitarfélagsins sem tengja bæi og ferðamannastaði við stofnvegakerfið. Þessir vegir eru bæði fjallvegir og láglandisvegir og af misjöfnum gæðum og mis vel í stakk búnir til að anna þeirri umferð sem um þá fer. Í mörgum tilfellum er þörf á upp færslu og lagfæringu á þessum vegum en í þessari

greiningu verðu lögð megin áhersla á stofnvegakerfið, flugsamgöngur og samgöngur á sjó en ekki fjallað frekar um aðrar samgöngur.



MYND 3-8 Yfirlit yfir helstu stofnvegi í Vesturbyggð (blár,rauður og bleikur) og staðsetningu hafna (rauðir þríhyrningar) og flugvallar (grænn þríhyrningur).

3.3.1 Stofnvegir

Grunnástand: Stofnvegir eru í umsjón Vegagerðarinnar og eru skilgreindir á eftirfarandi hátt af Vegagerðinni:

„Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.“

Samgöngur eru mikilvægar fyrir samfélagsið á Vestfjörðum. Í könnun þar sem viðhorf íbúa mismunandi svæða frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri voru borin saman, kom fram að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum gáfu vegakerfinu lakari einkunn en þátttakendur annars staðar. Á móti kemur að íbúar gáfu greiðri bílaumferð (engar umferðarteppur) háa einkunn og að íbúar sunnanverðra Vestfjarða segjast ekki sækja vinnu um langan veg, nema þá helst ungt fólk eða fólk sem býr í dreifbýli [5]. Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri um samfélagsáhrif Vestfjarðarvegur kemur fram að frekari tafir á vegabótum muni hafa sífellt meiri áhrif á íbúa svæðisins, þ.m.t. valda kvíða og óöryggi vegfarenda, torvelða samskipti fólks og rýra lífsgæði á svæðinu [1].

TAFLA 3-15 Yfirlit yfir stofnvegi skv. gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og umferðartölum hjá Vegagerðinni.

NR.	HEITI	LÝSING	ÁDU ¹⁰ MEÐALTAL	VDU ¹¹ MEÐALTAL
60	Vestfjarðarvegur	Liggur frá sýslumörkum í Kjálkafirði, fyrir Vatnsfjarðarbotn um Helluskarð að sýslumörkum upp á Dynjandisheiði.	210	70
62	Barðastrandarvegur	Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsstötu að höfn á Patreksfirði.	230	90
63	Bíldudalsvegur	Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðarveg rétt norðan við Helluskarð.	300 yfir Mikladal / 200 yfir Hálfán	220 yfir Miklada/110 yfir Hálfán
610	Brjánslækjarvegur	Af Barðastrandarvegi að ferjubryggju.	85	25

Stofnvegir sem tengja Vesturbyggð við nærliggjandi sveitarfélög eru Barðastrandarvegur (nr. 62), Vestfjarðarvegur (nr. 60), Bíldudalsvegur (nr. 63) og Brjánslækjarvegur (nr. 610), sjá töfluTafla 3-15.



MYND 3-9 Skjáskot af vefsíðu Vegagerðarinnar með yfirliti yfir ÁDU árið 2017 [22]

Samgöngur á milli byggðakjarna eru yfir fjallvegi sem eru erfiðir á veturna. Fara þarf yfir Mikladal á milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar um 18 km leið og á milli Tálknafjarðar og Bíldudals eru um 12 km um Hálfán sem er í um 500 m. y.s. Alls er vegalengdin á milli Patreksfjarðar og Bíldudals um 30 km.

¹⁰ ÁDU= árdagsumferð

¹¹ VDU= vetrardagsumferð


Á mynd 3-9 má sjá yfirlit yfir umferðartölur á vegum í sveitarfélaginu. Ef horft er til hlutfalls vetrar- og sumarumferðar milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals þá sést að hlutfallið er um 50% milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar en 35% milli Tálknafjarðar og Bíldudals. Þessar tölur benda til meiri samskipta og þjónustu milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar en Tálknafjarðar og Bíldudals.

Leið íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum frá sveitarfélaginu og í átt að höfuðborginni og norðurlandi er yfir Kleifarheiði og með Barðaströndinni. Frá Patreksfirði til Reykjavíkur eru 392 km og þarf að fara um Kleifarheiði, Barðaströnd, Svínadal, Bröttubrekku (402 m. y.s.), Borgarfjarðarbrú og Hvalfjarðargöng. Frá Bíldudal til Reykjavíkur er um 376 km og þarf að fara um Suðurfirðina, Helluskarð (468 m. y.s.), Barðastrandarsýslu, Svínadal, Bröttubrekku, Borgarfjarðarbrú og Hvalfjarðargöng.

Tengingar við nyrsta hluta Vestfjarða m.a. Ísafjörð eru um Bíldudalsveg og Vestfjarðarveg. Sú leið er um 144 km. Leiðin liggur víða um fjallvegi og á löngum köflum eru malarvegir og lítil vetrarþjónusta.

Vetrarþjónusta

Á mynd 3-10 má sjá vetrarþjónustu Vegagerðarinnar fyrir árin 2018-2019 [23]. Mokað er alla daga á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals. Þessi leið er mokað frá 07:30-20:00 alla daga, alls eru þetta um 12.8 km. Tengingin á milli þessara byggðakjarna fellur undir A reglu Vegagerðarinnar þ.e.a.s. þjónusta alla daga vikunnar. Hálkuvörn er misjöfn eftir vegköflum, sjá má á mynd 3-10 hvernig þjónustustigið varðandi hálkuvörn er.



MYND 3-10 Yfirlitskort af vetrarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum [24].

Lokanir á vegum eru algengar yfir veturna bæði á milli byggðarlaganna þriggja og á Kleifarheiði á Barðastrandavegi. Í töflu 3-16 má sjá yfirlit yfir fjölda daga sem vegum hafa verið lokað á árunum 2015-2017. Lokanir geta hins vegar verið allt frá 1 klst. yfir í tæpa 17 klst. Í töflunni er aðeins gerð grein fyrir fjölda daga [25]. Tölurnar sem fengust hjá Vegagerðinni eru hrátölur á sólarhring; Hálfán (þjónusta virka daga 7:30-20 og helgar 9-20), Miklidalur (þjónusta virka daga 7:30-20 og helgar 9-20) og Kleifarheiði (þjónusta virka daga 8-20 og helgar 9:30-20). Mismunur á milli ára stafar að mestu af veðurfarslegum ástæðum. Á árinu 2017 var veturinn fremur snjóléttur en árið 2015 var veturinn mjög snjóþungur yfir langt tímabil.

TAFLA 3-16 Yfirlit yfir lokanir yfir vetrartíma á Kleifarheiði og vegum yfir Hálfán og Miklidal [25].

VEGUR	FJÖLDI DAGA 2015	FJÖLDI DAGA 2016	FJÖLDI DAGA 2017
Kleifarheiði	46 dagar	16 dagar	10 dagar
Hálfán	38 dagar	14 dagar	7 dagar
Miklidalur	31 dagar	11 dagar	4 dagar


Lokanir á vegum geta haft mikil áhrif á starfsemi í sveitarfélaginu enda er um eitt vinnusóknarsvæði að ræða (Táknafjörður hluti af því) og því bagalegt ef fólk kemst ekki til eða frá vinnu vegna lokana. Má velta því fyrir sér hvort raunverulega sé hægt að skilgreina svæðið sem eitt vinnusóknarsvæði þegar ekki er hægt að komast á milli bæjanna í 10-38 daga á ári. Lokanir á vegum til og frá sveitarfélaginu geta líka haft áhrif á flutninga en fyrirtækin treysta á vegasamgöngur til að koma ferskri vöru á markað.

Flutningar um þjóðveg

Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri þar sem samfélagsáhrif úrbóta á Vestfjarðarvegi voru til skoðunar, kemur fram að um sjö flutningabílar fara á dag frá sunnanverðum Vestfjörðum til Reykjavíkur og/eða Keflavíkur og svo til baka. Bílarnir keyra að jafnaði sex daga vikunnar með ýmiss konar farm þó mest ferskan fisk. Þetta gera um 2.100 ferðir á ári aðra leiðina og sambærilegur fjöldi ferða til baka [1]. Öflugar landsamgöngur til og frá svæðinu eru því mjög mikilvægar m.a. með tilliti til samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu.

Slys og óhöpp

Umferðaróhöpp undanfarin 10 ár voru skoðuð (sjá myndMynd 3-11) og má sjá mynstur þ.e.a.s. flest umferðaróhöpp (óhapp án meiðsla og slys með litlum meiðslum) á þjóðvegum eru útafakstur og í kringum Patreksfjörð. Tvö alvarleg slys hafa verið á síðustu 10 árum, í báðum tilfellum var ekið á gangandi vegfaranda á Patreksfirði.



MYND 3-11 Skjáskot úr kortasjá Samgöngustofu, yfirlit yfir umferðarhöpp.

Ef miðað er við umferð þá er slysatíðni, árin 2012-2016, mest á kaflanum frá Patreksfirði og yfir Kleifarheiði. Þar er mest um útafakstur og að ekið er á hluti á vegi.

Almenningssamgöngur

Áætlunarbílar aka þrisvar á dag milli byggðakjarna í Vesturbyggð og Tálknafjarðar, að morgni, síðdegis og á kvöldin (um kvöldmatarleytið). Einnig fer áætlunarbíll þrisvar í viku yfir sumartímann frá Patreksfirði til Ísafjarðar og til baka, með viðkomu á Brjánslæk (þar sem er tenging við ferjuna Baldur) með fyrirtækinu Westfjords Adventures. Ferjan fer á milli Brjánslækjar og Stykkishólms, með viðkomu í Flatey. Ferðir eru tvisvar á dag á sumrin en á veturna er siglt 6 daga vikunnar, einu sinni á dag en tvisvar, þriðjudaga og föstudaga. Á sumrin hefur verið hægt að ná rútu til Hólmavíkur frá Ísafirði og þaðan í leiðakerfi Strætó.

Verkefni í vændum: Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 er lagt til að innan sveitarfélagsins verði farið í framkvæmdir á köflum á Vestfjarðarvegi og Bíldudalsvegi [26]. Í tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 er gert ráð fyrir að fjármagni verði veitt í ákveðna kafla á Vestfjarðarvegi. Eitt af markmiðum í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun er að: *til að ná stuðla að jákvæðri byggðapróun þarf að vinna í því að stytta ferðatíma innan skóla- og vinnusóknarsvæða.*

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið að upplýsingar skorti á þessu stigi.

Niðurstaða: Samgöngur á milli byggðarlaga eru ekki tryggar og hafa lokanir á vegum (sjá töflu 3-16) verið algengar sum ár, en bundnar veðurfari sem ekki er hægt að hafa áhrif á. Í kafla 1.2 kemur fram að skv. Byggðastofnun þá eru byggðakjarnarnir í Vesturbyggð ásamt Tálknafirði eitt vinnusóknarsvæði en upplifun fólks á svæðinu (sjá kafla 2.3) er ekki í samræmi við það og þá sérstaklega ekki yfir vetrarmánuðina þar sem samgöngur eru ekki tryggar vegna lokana vega m.t.t. veðurfars. Auk þess er vetrarþjónusta ekki eftir kl 20:00 á kvöldin sem hamlar samfélaginu bæði m.t.t. vaktavinnu og menningar- og tómstundapátttöku.

Tenging svæðisins við bæði höfuðborgarsvæðið og norðurhluta Vestfjarða liggur um fjallvegi og víða um fjallvegi og á löngum köflum eru malarvegir og lítil vetrarþjónusta. Þetta hamlar ferðum íbúa og annarra til og frá svæðinu og hamlar möguleikum íbúa á að sækja nauðsynlega þjónustu. Tíðar lokanir og ótraustar samgöngur hamla einnig uppbyggingu ferðaþjónustu sem heilsárs atvinnugreinar og hefur áhrif á flutninga vöru til og frá svæðinu.

3.3.2 Flugvellir

Flugvöllurinn á Bíldudal er staðsettur um fimm kílómetra suðaustur af Bíldudal. Takmarkanir eru á hversu stórar flugvélar geti lent á flugvöllinum á Bíldudal vegna lengdar flugbrautarinnar. Flugbrautin er í dag rúmlega 1.000 metra löng með öryggissvæði meðtöldu.

Áætlunarflug

Beint áætlunarflug er daglega frá Bíldudalsflugvelli til Reykjavíkur, sex daga vikunnar. Flugíð tekur um 40 mínútur. Flugrúta ekur frá Patreksfirði um Tálknafjörð og Bíldudal á flugvöllinn og til baka sömu leið í tengslum við öll flug.

Flugfélagið Ernir sér um áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Bíldudals einu sinni á dag mánudaga til föstudaga og sunnudaga. Ekki er flogið á laugardögum og tekur flugáætlun á svæðinu breytingum á sumrin og veturna [27].

Hluta ársins 2018 var flogið tvisvar á dag til Bíldudals. Flug tvisvar á dag var mjög mikil búbot fyrir íbúa sem þá gátu farið dagsferð til Reykjavíkur og nauðsynlegar ferðir þangað kölluðu því ekki á gistingu og vinnutap umfram það sem nauðsynlegt er. Sömuleiðis var þetta mikilvægt fyrir þjónustu sem fyrirtæki og íbúar þurfa að njóta í sveitarfélaginu, þá gátu þeir sem eiga erindi og/eða þurfa að þjónusta fyrirtæki á svæðinu komið án þess að gista með tilheyrandi hagræði fyrir fyrirtækin á svæðinu. Þetta flug var vel nýtt.

Verkefni í vændum: Í tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 er gert ráð fyrir fjármagni til yfirborðsviðhaldi flugbraut og flughlaða sem og leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðrétting frávika. Alls er gert ráð fyrir 111 milljónum króna í flugvöllinn, 109 m.kr. eru áætlaðar á árinu 2019 og restin árið 2020 [26]. Tillaga hefur komið frá starfshópi samgönguráðuneytis um niðurgreiðslu innanlandsflugs, frekari vinna er í gangi um innleiðingu slíkrar aðgerðar.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið á þessu stigi að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Flugsamgöngur gætu verið öflugri á Bíldudal. Mikil samgöngubót varð við að hefja flug að morgni og aftur að kvöldi á fimmtudögum, árið 2018 og æskilegt að það fyrirkomulag yrði tekið upp aftur. Lengd flugbrautar er takmarkandi þáttur en stærri vélar geta ekki lent og þetta takmarkar nýtingu flugs við flutning á ferskum afurðum frá svæðinu, a.m.k. miðað við þann flugvélakost sem nýttur er til ferðanna í dag. Til lengri tíma litið þarf að horfa til þess að Bíldudalsflugvöllur verði öflug gátt inn á sunnanverða Vestfirði með gott þjónustustig bæði fyrir fólksflutninga en ekki síður til að flytja afurðir til og frá sunnanverðra Vestfjarða.

3.3.3 Hafnir/siglingar

Innan Vesturbyggðar skv. samgönguáætlun er Brjánslækur og Bíldudalshöfn skilgreindar sem hafnir í grunneti. Einnig er höfn á Patreksfirði sem gegnir stóru hlutverki í atvinnulífi sveitarfélagsins. Patreksfjarðar- og Bíldudalhafnir eru þátttakendur í Bláfánanum sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er smábátahöfunum og baðströndum. Bláfáninn er veittur fyrir markvissa umhverfisstjórnun, góða þjónustu og vandaða upplýsingagjöf um aðbúnað, umhverfi og öryggi [28].

Bíldudalshöfn

Bíldudalshöfn er með 80 m viðlegukant með 10 m dýpi, flotbryggju fyrir smábáta og aðra þjónustu sem hafnir veita [29]. Skipalægi er á ytri höfn. Höfnin er opin allan sólarhringinn en almennur vinnutími starfsmanna er frá 8-17. Skemmtiferðaskip hafa komið og lagst við bryggju á Bíldudal. Þetta eru vanalega minni skip með um 200 farþega. Samskip hafa hafið viðkomu á Bíldudal einu sinni í viku sem hluti af þeirra áætlun í strandsiglingum og flutningum til meginlands Evrópu [30]. Á samráðsstigi var haft samband við flutningarfyrirtæki til að átta sig á þörfum slíks fyrirtækis. Viðlegukantar þurfa að vera um 140-180 m og gott aðgengi að geymslusvæði fyrir gáma með rafmagnstenglum. Á Ísafirði eru um 35 tenglar fyrir gáma á svæði sem Eimskip nýtir.

Í kafla 3.1.3 er farið náið í stærðir hafnarsvæðanna innan þéttbýlis Vesturbyggðar. Eins og þar kemur fram er verið að vinna í því að stækka hafnarsvæðið á Bíldudal til að bæta aðstöðu fyrir þau fyrirtæki sem þegar eru á svæðinu en einnig ný fyrirtæki sem hafa áhuga á að setjast að á svæðinu.

Patreksfjarðarhöfn

Patreksfjarðarhöfn hefur fjölbreytta starfsemi eins og Bíldudalshöfn. Hafnarkantar eru alls 629 m og þar af eru 170 m viðlegukantur með 7-7,5 m dýpi. Trébryggja er fyrir meðalstóra fiskibáta og flotbryggja fyrir smábáta. Auk þess eru skipalægi á tveimur stöðum í firðinum þar sem dýpi er um 18 m. Tveir kranar eru á Patreksfjarðarhöfn, annar 0,8 tonn og hinn 50 tonna færanlegur krani. Höfnin er opin allan sólarhringinn en almennur vinnutími starfsmanna er frá 8-17.

Brjánslækur

Ferjan Baldur fer frá Brjánslæk til Stykkishólms og byggir vetraráætlunin á einni ferð á dag fjóra daga vikunnar og tveimur ferðum á dag tvo daga vikunnar. Yfir sumartímann er aukið við ferðir. Algengt er að ferjan Baldur sé notaður í vöruflutninga frá sunnanverðum Vestfjörðum til Reykjavíkur og annarra svæða á suðurlandi. Tölur fyrir árið 2018 gefa til kynna að flutningsaðilar hafi notað Baldur töluvert meira það árið heldur en 2017 þar sem að í janúar- mars hafa umframmetra (lengri en 5m) vörubílar verið 2.275 og vöruflutningabílar 185. Þetta gæti gefið til kynna að það sé aukning í flutningi. Frá árunum 2008-2017 er árið 2013 metár í fjölda umframmetra vörubíla en þá voru þeir alls 10.081 og vöruflutningabílar tæplega 1.000 [31]. Eins og er niðurgreiðir ríkið siglingar Baldurs.

TAFLA 3-17 Yfirlit yfir fjölda flutningabíla sem nýtt hafa ferjuna Baldur á árunum 2015-2017.

TEGUND BÍLS	FJÖLDI 2015	FJÖLDI 2016	FJÖLDI 2017
Vöruflutningabíll að 5 m	713	684	566
Umframmetrar vörubíll	8.352	7.813	6.312

Verkefni í vændum: Undirbúningur er fyrir stækkun hafnarinnar á Bíldudal. Þar er gert ráð fyrir að ráðast í landfyllingu og stækka viðlegukant. Ríkið er ekki að gera ráð fyrir öðrum framkvæmdum á hafnarsvæðum innan Vesturbyggðar á samgönguáætlun til fimm ára nema að leggja fjármuni í öldubrjót við Brjánslæk.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið á þessu stigi að upplýsinga skorti.

Niðurstaða: Hafnaraðstaða í Vesturbyggð er fjölbreytt og hafa þessar þrjár hafnir ólík hlutverk. Samkvæmt samráði og greiningu á höfnunum eru mestu áskoranirnar á Bíldudal þar sem mikil þrengsli eru í kringum núverandi starfsemi. Við vinnslu verkefnisins bættist við starfsemi Samskipa á Bíldudalshöfn og er því enn minna pláss en áður. Meiri ásókn hefur verið í pláss við höfnina á Bíldudal heldur en t.d. á Patreksfirði eins og staðan er í dag. Vesturbyggð þarf að ákveða hvar byggja eigi upp aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip því með t.d. tilkomu Samskipa á Bíldudal og þeirrar starfsemi sem þar er gæti verið mun ákjósanlegra að markaðsetja Patreksfjarðarhöfn sem höfn fyrir komu skemmtiferðaskipa. Það verður tæknilega mikil áskorun að koma skemmtiferðaskipi að á Bíldudal m.t.t. viðlegukanta, athafnasvæðis fyrir rútur til að sækja farþega, húsnæðis til að taka á móti skemmtiferðaskipum og öryggisatrið þar sem iðnaðarstarfsemi s.s. kalkvinnsla og ferðaþjónusta er blandað saman.

3.4 Greining á samfélaginu

Ein helsta ástæða fjölgunar íbúa innan sveitarfélagsins er uppbygging atvinnureksturs og aukin atvinnutækifæri samhliða því. Til þess að gott atvinnulíf geti dafnað þarf mannauður að vera til staðar. Samráðsaðilar höfðu allir áhyggjur af samfélagsþjónustu og nefndu allir mikilvægi þess að innan Vesturbyggðar væri góð grunnþjónusta og fjölbreytt tólmundastarf. Þessar áhyggjur eru til komnar vegna þess að fyrirtækin standa frammi fyrir því að laða til sín hæft og gott starfsfólk sem tilbúið er að setjast að á svæðinu. Til þess að það gerist, þarf samfélagið að vera aðlaðandi og bjóða upp á sambærilega eða betri þjónustu og í sambærilegum og stærri sveitarfélögum landsins. Í

Í þessum kafla er fjallað um samsetningu samfélagsins í Vesturbyggð og stöðu á helstu samfélagsþjónustu sem Vesturbyggð þarf að veita. Við greiningu á stöðu samfélagsins var m.a. stuðst við tölfræðileg gögn um samsetningu íbúa, þróun í atvinnumálum, nemendafjölda í skólum, upplýsinga frá sveitarfélaginu sem og samtöl við ýmsa aðila í Vesturbyggð eða annars staðar á Vestfjörðum sem sinna ýmsum samfélagslegum málefnum innan sveitarfélagsins.

3.4.1 Samfélagsþjónusta

Með fólksfjölgun eykst þörfin fyrir þá samfélagsþjónustu sem ætlað er að þjónusta íbúana. Sú grunnþjónusta sem þarf að vera innan sveitarfélags innifelur m.a. leik- og grunnskóla, heilbrigðis- og

félagsþjónustu og tómstundir, sem falla ýmist undir ábyrgð sveitarfélagsins eða ríkisins eða hvoru tveggja.

Sveitarfélagið

Bæjarstjórn Vesturbyggðar er skipuð sjö bæjarfulltrúum og sjö varamönnum. Fundir bæjarstjórnarinnar eru haldnir þriðja miðvikudag í hverjum mánuði og eru fundirnir öllum opnir. Bæjarráð, sem heyrir undir bæjarstjórn, fer ásamt bæjarstjóra með fjármála- og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Í bæjarráði eiga sæti þrír bæjarfulltrúar og þrír til vara [32].

Í sveitarstjórnarlögum er hlutverk sveitarfélaga skilgreint. Á heimsíðu Sambands Íslenskra sveitarfélaga er að finna bæklinginn *Sveitarstjórnir á Íslandi* þar er farið yfir hvert almennt hlutverk sveitarfélags er. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Sveitarfélög sjá íbúum sínum fyrir almennri grunnþjónustu. Þau mynda stöðir velferðarsamfélags sem Íslendingar búa í. Auk þess sjá þau íbúum sínum fyrir tæknilegri grunnþjónustu. Þeim ber, ásamt ríkisvaldinu, að sjá atvinnulífinu fyrir umgjörð um starfsemi sína.

Lögbundin verkefni sveitarfélaganna eru margbreytileg en þeim má í grófum dráttum skipta í þrennt:

- *Stjórnsýslu, sem felst m.a. í því að annast heilbrigðis og byggingareftirlit og veita ýmis konar leyfi til atvinnustarfsemi og athafna.*
- *Velferðarþjónustu við einstaklinga, eða afmarkaða hópa þeirra, svo sem félagsþjónustu, rekstur grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfsemi, o.s.frv.*
- *Tæknilega þjónustu, sem íbúarnir njóta almennt séð, svo sem gatnagerð, veitþjónustu, brunavarnir o.s.frv. [33].“*

Um mitt ár 2018 gaf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið út yfirlit yfir lögmæt verkefni sveitarfélaga, skv. 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þar eru lögmæt verkefni sveitarfélaga flokkuð eftir málaflokkum og hvort um lögskyld eða lögheimil verkefni er að ræða og er því ætlað að einfalda sveitarstjórnnum yfirsýn yfir verkefni sín [3].

Stærsta einstaka verkefni Vesturbyggðar er fræðslu- og uppeldismál en til þess málaflokks ver sveitarfélagið um helmingi útgjalda sinna. Þar á eftir kemur félagsþjónustan og æskulýðs- og íþróttamál. Vesturbyggð líkt og önnur sveitarfélög er stærsti vinnuveitandinn á svæðinu [34].

Vesturbyggð og Tálknafjörður eiga í töluverðu samstarfi innbyrðis og eru jafnframt þátttakendur í samstarfi sem rekið er á landshlutagrunni, s.s. landshlutasamtökum, atvinnuþróun og málefnum fatlaðra. Lítið samstarf er við Reykhólahrepp eða Ísafjarðarbæ, enda samgöngur til þeirra sveitarfélaga stopular. Vestfjarðastofa er sjálfseignarstofnun og skv. heimasíðunni; *„er tilgangur hennar að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaðróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi“*.

Ráðhús og þjónustumiðstöðvar

Ráðhús Vesturbyggðar er staðsett á Patreksfirði og þar er veitt almenn þjónusta og haldið utan um skipulagsmál, félagsmál, barnavernd, íþrótt- og tómstundamál, fjármál, sorphirðu, dýrahald og fleira, auk þess sem slökkviliðsstjóri hefur skrifstofu sína þar. Fræðslustjóri er með aðstöðu á Bíldudal. Vesturbyggð heldur úti virkum vef, þar sem íbúar og aðrir geta fengið greinargóðar upplýsingar um framboð á þjónustu og öðru í sveitarfélaginu og er mikið af upplýsingum í þessum köflum tekið þaðan. Einnig eru upplýsingarveitur á Facebook og Twitter.

Þjónustumiðstöðvar eru staðsettar á Bíldudal og Patreksfirði. Þær veita stofnunum og bæjarbúum margvíslega þjónustu, sérstaklega hvað varðar rekstur á innviðum sveitarfélaganna, svo sem snjómokstur, viðhald gatna, viðhald og endurnýjun veitukerfis, merkingar gatna og umsjón með rekstri Vinnuskólans.

Félagþjónusta – velferðarsvið Vesturbyggðar

Velferðarsvið Vesturbyggðar sér um barnavernd, málefni eldri borgara og fatlaðra, félagsleg úrræði, málefni fjölskyldna, forvarnir og félagslegar íbúðir til leigu.

Samstarf er milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðar í barnavernd og starfar ein barnaverndarnefnd á svæðinu. Barnavernd tekur við tilkynningum um grun um að börn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Markmið barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði með því að styrkja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar við á. Nefndinni ber að kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta þarfir þeirra sem grunur leikur á að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.

Velferðarráð Vesturbyggðar sér um málefni aldraðra. Markmið þjónustunnar er að eldri borgarar geti búið sem lengst heima hjá sér með viðeigandi stuðningi og í þeim tilgangi er boðið upp á félagsstarf og heimaþjónustu í öllu sveitarfélaginu. Eldri borgarar geta fengið mat sendan heim í íbúakjörnunum og aðgangur þeirra í íþróttahús er niðurgreiddur.

Vesturbyggð sér um félagsleg úrræði sem ætlað er að koma einstaklingum og fjölskyldum til aðstoðar í tímabundnum erfiðleikum. Til dæmis er boðið upp á félagslega heimaþjónustu svo einstaklingar geti búið sem lengst heima hjá sér og við sem eðlilegastar aðstæður. Jafnframt er boðið upp á félagslega ráðgjöf vegna félagslegs- eða persónulegs vanda, svo sem á sviði fjármála, húsnæðis-, uppeldis- og skilnaðarmála. Fjárhagsaðstoð er veitt í tengslum við félagslega ráðgjöf og önnur úrræði eftir því sem við á í hverju tilfalli fyrir sig. Einnig geta þeir íbúar sem þurfa sótt um húsnæðisstuðning, bæði þeir sem ekki geta séð sér og fjölskyldu sinni fyrir húsnæði vegna ýmissa atriða sem og 15-17 ára nemendur sem búa fjarri foreldrum sínum vegna náms.

Þjónusta Vesturbyggðar við fjölskyldur er margvísleg. Sveitarfélagið rekur tvær félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni (sjá kafla 3.4.2) og tvo leikskóla (sjá umfjöllun neðar í þessum kafla), styrkir tómstundastarf barna og unglinga og býður upp á foreldragreiðslur, sem ætlað er að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur og þar til barn verður 14 mánaða eða kemst að í leikskóla.

Velferðarráð Vesturbyggðar vinnur að forvörnum í samfélaginu gegn áfengis og vímuefnum, m.a. í samvinnu við lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla.

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur vinna sameiginlega að málefnum fatlaðra og sér Vesturbyggð um þjónustu við fólk með fötlun skv. þjónustusamningi við Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Einnig á sveitarfélagið nokkrar íbúðir á Bíldudal og Patreksfirði sem eru leigðar út til íbúa í langtímaleigu.

Skólar og menntun

Innan Vesturbyggðar eru reknir tveir grunnskólar og tveir leikskólar. Einnig er starfandi framhaldsdeild Fjölbautaskóla Snæfellinga og tónlistarskóli.

TAFLA 3-18 Yfirlit yfir fjölda nemenda í skólum Vesturbyggðar veturinn 2017-2018.

SKÓLI	FJÖLDI NEMENDA SKÓLAÁRIÐ 2018-2019
Patreksskóli	99
Bíldudalsskóli	36
Leikskólinn Araklettur á Patreksfirði	53
Leikskólinn á Bíldudal	10
Framhaldsdeild Fjölbautaskóla Snæfellinga	15
Tónlistarskóli Vesturbyggðar	77

Leikskólar

Húsnæði leikskólans Arakletts á Patreksfirði var byggt árið 1984 og skólaárið 2018-2019 voru þar 53 börn á þremur deildum.

Leikskólinn Tjarnarbrekka á Bíldudal er hluti af Bíldudalsskóla. Skólaárið 2018-2019 voru þar 10 börn. Í ársskýrslu skólans fyrir skólaárið 2017-2018 kemur fram að fjöldi barna í leikskólanum hafi verið á bilinu 9-18 frá árinu 2011, fæst 9 árið 2011 og flest 18 árið 2014 [35].


Leikskólar fengu lítið eitt lakari umsögn á sunnanverðum Vestfjörðum en annars staðar í könnun SSV [5] og má leiða að því líkur að skortur á húsnæði á Patreksfirði hafi eitthvað með þá einkunn að gera.

Grunnskólar

Skólaárið 2018-2019 voru 99 nemendur við Patreksskóla á Patreksfirði. Á heimasíðu skólans eru taldir upp 25 starfsmenn [36].

Skólaárið 2018-2019 voru 36 nemendur við grunnskólahluta Bíldudalsskóla en þar er einnig rekinn leikskólinn Tjarnarbrekka. Í ársskýrslu skólans fyrir skólaárið 2017-2018 kemur fram að nemendum hafði farið jafnt og þétt fjölgandi frá árinu 2011, en örlítil fækkun varð árið 2017-2018 [35]. Á heimasíðu skólans eru taldir upp 12 starfsmenn við skólann [37].

Á mynd 3-12 má sjá þróun fjölda nemenda í grunnskólum á sunnanverðum Vestfjörðum síðan árið 2002. Þar má sjá að eftir fækkun allt fram til ársins 2011, hefur nemendafjöldinn haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár.



MYND 3-12 Fjöldi nemenda í grunnskólum á sunnanverðum Vestfjörðum árin 2008, 2011, 2014 og 2017 [38].

Framhaldsdeild

Fjölbrautaskóli Snæfellinga, FSN, starfrækir framhaldsdeild á Patrekssfirði. Öll kennsla skólans fer fram á Grundarfirði en nemendur á Patrekssfirði stunda þar nám undir leiðsögn kennara á Grundarfirði með aðstoð upplýsingatækni, svo sem Skype, fjarfundarbúnaðar og tölvupósta. Starfsmenn deildarinnar á Patrekssfirði leiðbeina svo nemendum á staðnum og halda utan um rekstur framhaldsdeildarinnar. Nemendur fara reglulega til Grundarfjarðar í námsferðir og taka þá gjarnan þátt í félagslífi skólans þar.

Á heimasíðu FSN kemur fram að vorið 2018 hafi af 181 nemendum, 11 nemendur í dagskóla haft búsetu í Vesturbyggð og fjórir á Tálknafirði. Auk þess voru 16 karlar og 23 konur í dreifnámi, þar af tveir í Vesturbyggð en enginn á Tálknafirði. Nemar í dreifnámi hafa verið fleiri á undanförunum árum og voru t.d. fjórir nemar í dreifnámi í Vesturbyggð og einn á Tálknafirði vorið 2017 af þá samtals 148 nemum [39].

Í könnun þar sem viðhorf íbúa mismunandi svæða frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri voru borin saman kom fram að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum telja gæði framhaldsskóla betri en víða annars staðar [5].

Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Vesturbyggðar er starfræktur á Patrekssfirði og Bíldadal en tónlistarkennsla hefur verið á Patrekssfirði samfleytt síðan árið 1967. Bæði er þar starfræktur forskóli og einnig geta bæði börn og fullorðnir lært á hin ýmsu hljóðfæri. Skólaárið 2018-2019 voru nemendur við skólann 77.

Frístund

Á Bíldudal og Patreksfirði hefur verið boðið upp á lengda viðveru grunnskólabarna í 1.-4. bekk vegna fjölgunar íbúa til að koma til móts við fjölskyldufólk. Frístundin er opin frá skólalokum til kl. 16 alla skóladaga og sækja starfsmenn nemendur í skólana.

Íþróttaskóli

Íþróttaskóli sem ætlaður er börnum í 1.-4. bekk er starfræktur í beinu framhaldi af grunnskólunum alla virka daga í Patreksfirði og Bíldudal, sem og í Tálknafirði. Boðið er upp á fjölbreyttar íþróttir.

Dagforeldrar

Daggæsla er heimil í heimahúsum í Vesturbyggð, í samráði við og með samþykki sveitarfélagsins og niðurgreiðir sveitarfélagið þá gæsluna. Ekkert dagforeldri er þó starfandi í sveitarfélaginu í dag en vitað er til þess að fjölskyldur hafi brúað bilið með því að ráða í vistráðningu (au-pair).

Þekkingarsetur

Þekkingarsetur er starfrækt á Patreksfirði og hlutverk þess er að vera einstaklingum og atvinnulífinu til aðstoðar með ýmsa ráðgjöf og upplýsingar. Þar hafa Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Framhaldsdeild FSN, Umhverfisstofnun, Vestfjarðastofa og fleiri aðsetur.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða


Fræðslumiðstöð Vestfjarða er með útibú á Patreksfirði. Henni er ætlað að auðvelda íbúum á Vestfjörðum símenntun og þátttöku í námi af ýmsu tagi, svo sem styttri almenn námskeið, endurmenntunarnámskeið og starfstengd námskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum atvinnulífsins og vinnandi fólki. Í könnun SSV mældist menntunarstig landshlutans undir meðallagi, sem og sókn í endurmenntun [5].

Heilbrigðisþjónusta

Líkt og sjá má á mynd 3-13 eru sunnan- og norðanverðir Vestfirðir eitt heilbrigðisumdæmi. Í 12. gr. reglugerðar um heilbrigðisumdæmi segir: „*Heilbrigðisstofnun Vestfjarða veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.*“

Á Patreksfirði er sjúkrahús og heilsugæsla. Viðvera sérfræðinga er mismunandi og er það auglýst hverju sinni. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í febrúar 2019 er verið að undirbúa fjarheilbrigðisþjónustu á bæði Patreksfirði og í Bíldudal.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er heilsugæslan í Vesturbyggð almennt mjög góð, þ.e. góð kjölfesta, biðtími stuttur og lækningar koma þangað reglulega auk þess sem mönnun hefur farið batnandi á undanförunum árum [40]. Heilsugæslan á Patreksfirði er opin alla virka daga og veitir hún almenna þjónustu fyrir íbúa í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Heilsugæsla er starfrækt á Bíldudal og í Tálknafirði. Selið á Bíldudal er opið einu sinni í viku þegar mönnun leyfir og fer lækningar vikulega til Bíldudals og Tálknafjarðar. Nokkrir hjúkrunarfræðingar hafa nú fasta búsetu í Vesturbyggð.



MYND 3-13 Heilbrigðisumdæmi og sveitarfélög á Íslandi [41].

Á sjúkrahúsinu á Patreksfirði er blönduð legu- og sjúkradeild. Mæðraeftirlit fer almennt fram á heilsugæslunni en aðgengi að ljósmóður hefur verið erfitt í Vesturbyggð. Til að fara í ómskoðun eða fá aðra þjónustu ljósmóður á meðgöngu hefur verðandi móðir og hugsanlega maki hennar þurft að ferðast til Ísafjarðar eða til höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í febrúar 2019 er verið að auglýsa eftir ljósmóður sem myndi bjóða upp á sónar og aðra þjónustu við verðandi mæður á um það bil mánaðarfresti í Vesturbyggð [40]. Einnig er vert að nefna að sjúkraflug er frá Bíldudalsflugvelli en þá þarf að fara yfir fjallvegi sé sjúklingurinn að koma frá Patreksfirði eða Tálknafirði.

Heimahjúkrun hefur verið lítil í Vesturbyggð, skv. upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er heimahjúkrun í Vesturbyggð í burðarliðnum og er ætlunin að bjóða upp á slíka þjónustu á komandi mánuðum eða árum [40].

Hjúkrunarrými á dvalarheimili aldraðra á Patreksfirði eru komin til ára sinna og hefur Heilbrigðisstofnun Vestfjarða óskað eftir uppbyggingu á hjúkrunarrýmum til heilbrigðisráðuneytisins og er það mál í skoðun þegar þetta er ritað í febrúar 2019 [40].

Löggæsla, slökkvilið og björgunarsveitir

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum er með aðalskrifstofu á Patreksfirði. Sýslumaðurinn sjálfur er hins vegar staðsettur á Ísafirði.

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur falla undir umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum, en umdæmi hans er nær allur Vestfjarðarkjálkinn að undanskildum Bæjarhreppi í Strandasýslu sem er nú hluti

Húnaþingi Vestra. Landsvæði umdæmisins nemur tæpum 10% af Íslandi öllu, með eina lengstu strandlengju landsins um 2.000 km og vegir í umdæminu eru um 1.550 km langir [42]. Lögreglustöð er á Patreksfirði, Hólmavík og á Ísafirði. Samtals starfa 20 lögregluþjónar í umdæminu öllu, þar af fimm á lögreglustöðinni á Patreksfirði.

Slökkviliðið í Vesturbyggð eru annars vegar á Patreksfirði og hins vegar á Bíldudal og skv. heimasíðu Vesturbyggðar skráðir 17 slökkviliðsmenn á Patreksfirði og 11 á Bíldudal. Þrír bílar eru á Patreksfirði og einn á Bíldudal. Samstarf er við slökkviliðið á Tálknafirði, einkum þegar um forgangsútköll er að ræða, enda er sami slökkviliðsstjórinn yfir öllu umdæminu.

Fimm björgunar- og hjálparsveitir starfa á sunnanverðum Vestfjörðum, björgunarsveitirnar Blakkur á Patreksfirði, Kópur á Bíldudal, Bræðrabandið í gamla Rauðasandshreppnum (Vesturbyggð), Tálkni á Tálknafirði og hjálparsveitin Lómfell á Barðaströnd. Sveitirnar hafa yfir ýmsum tækjum að ráða, svo sem jeppum, fjórhjólum (m.a. á beltum á veturna), gúmmibjörgunarbátum, fluglínutækjum og fleiru. Einnig er öflugur leitarhundaflokkur starfandi í Blakki [43].

Auk þess eru Slysavarnardeildin Gyða á Bíldudal og Slysavarnardeildin Unnur á Patreksfirði virkar sem og unglíngadeildin Vestri á Patreksfirði [44]. Fleiri slysavarnar- og unglíngadeildir eru skráðar á svæðinu hjá Landsbjörg en eru lítið eða ekki virkar [44].

Önnur þjónusta á sunnanverðum Vestfjörðum

Nokkur fyrirtæki eru á svæðinu sem sérhæfa sig í málningarvinnu, raflögnum, uppsetningu innréttinga, vélvinnslu og viðgerð á vélbúnaði, og bókhaldi. Matvöruverslanir eru á Patreksfirði og Tálknafirði. Tvö bifreiðaverkstæði eru á Patreksfirði, hárgreiðslustofa, pósthús, veitingastaðir og kaffihús, og vínbúð er á Patreksfirði. Sveitarfélagið rekur tjaldsvæði á sumrin á Patreksfirði og Bíldudal og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er opin á sumrin á Patreksfirði en hún er rekin af einkaaðila. Auk þess er tjaldsvæði í Tálknafirði [45]. Samkvæmt starfsfólki sveitarfélagsins eru engin tryggingarfélög í Vesturbyggð, en einn banki er með útibú á Patreksfirði, Landsbanki Íslands.

Í könnun SSV þar sem viðhorf íbúa mismunandi svæða frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri voru borin saman kemur fram að þátttakendur á sunnanverðum Vestfjörðum telja vöruverð og vöruúrval mun lakara en íbúar annars staðar á könnunarsvæðinu. Þátttakendum þóttu einnig að bæta mætti nettengingar, farsímasamband og framboð á íbúðum til sölu. Aftur á móti voru þeir sáttir við framboð á íbúðum til leigu [5].

Samantekt um samfélagsþjónustu

Verkefni í vændum: Ekki er vitað um að nein skipulögð verkefni eru í vændum á vegum sveitarfélagsins, en Heilbrigðisstofnun Vestfjarða vinnur um þessar mundir (í febrúar 2019) að umbótum á aðgengi að ljósmóður og fæðingarþjónustu, heimahjúkrun, uppbyggingu á hjúkrunarrýmum og fjarheilbrigðisþjónustu á bæði Patreksfirði og í Bíldudal.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið á þessu stigi að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Samfélagsþjónusta er almennt góð í Vesturbyggð en ótryggar samgöngur og fjarlægð frá annarri þjónustu geta haft neikvæð áhrif á íbúa. Til dæmis getur fólk haft neikvæða upplifun af því að búa við skort á dagforeldrum, litlu aðgengi að ljósmóður, þröngu húsnæði skóla og leikskóla og skort á

annarri þjónustu á borð við lágvöruverslun o.fl. Skoða þarf betur aðstöðu/húsnæði fyrir ýmiskonar þjónustustarfsemi.

3.4.2 Tómstundir og menning

Fjölbreytileg afþreying er í boði í Vesturbyggð, líkt og farið er yfir hér að neðan. Auk þess sem upp er talið í þessum kafla eru ýmsir starfandi hópar, svo sem bútasaums- og handavinnuhópur, pólitískt starf og fleira.

Hreyfingartengd þjónusta

Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar

Sveitarfélagið rekur íþróttamiðstöðvarnar Bröttuhlíð á Patreksfirði og Byltu á Bíldudal, auk þess er íþróttamiðstöð á Tálknafirði. Í Bröttuhlíð er útisundlaug og heitir pottar, auk ágætlega útbúnum þreksal og íþróttahúsi. Í íþróttamiðstöðinni Byltu er þreksalur, íþróttasalur, heitur pottur og gufubað. Að auki er sundlaug í Tálknafirði og tvær sundlaugar eru opnar á Barðaströnd á sumrin, við Flókalund og við Birkimel.

Í Vesturbyggð starfar íþrótt- og tómstundafulltrúi, sem meðal annars hefur það starf að samræma íþróttastarf á svæðinu [1].

Íþróttafélög

Nokkur íþrótt- og ungmennafélög eru starfandi á sunnanverðum Vestfjörðum og eru þau öll í Héraðssambandinu Hrafna-Flóka, HHF. Félögin eru Íþróttafélagið Hörður á Patreksfirði, Íþróttafélag Bílddælinga, Skotíþróttafélag Vestfjarða, Ungmannafélag Barðastrandar, Ungmennafélag Tálknafjarðar, Fimleikafélag Vestfjarða og tveir golfklúbbar sem nefndir eru hér að neðan.

Golf

Tveir golfvellir eru í Vesturbyggð, annars vegar að Hóli við Bíldudal og hins vegar í Vesturbotni í Patreksfirði, innan við þorpið. Báðir eru 9 holu vellir og eru tveir golfklúbbar starfandi í tengslum við vellina, Golfklúbbur Bíldudals og Golfklúbbur Patreksfjarðar.

Heitar laugar

Volgar uppsprettur er að finna í fáförnum dölum í Vesturbyggð og sumar þeirra eru ekki auglýstar opinberlega enda er vakt við fæstar þeirra. Ein þeirra sem dregur að sér ferðamenn sem og heimafólk er Hellulaug í Vatnsfirði en hún liggur í fjöruborðinu. Einnig er lítil hlaðin náttúrulega við sundlaugina við Birkimel á Barðaströnd, steypt laug í Reykjafirði við Arnarfjörð og á Tálknafirði er að finna heita laug sem kölluð er Pollurinn.

Kvenfélög

Þrjú kvenfélög starfa í Vesturbyggð, Framsókn á Bíldudal, Neisti á Barðaströnd og Sif á Patreksfirði og til viðbótar er Harpa á Tálknafirði. Á heimasíðu Vesturbyggðar kemur fram að félögin sinna hinum ýmsu líknar- og framfaramálum og eru ómissandi í samfélaginu.

Lionsklúbbur

Lionsklúbbur Patreksfjarðar starfar í Vesturbyggð og sér t.d. um rekstur kvikmyndahússins Skjaldborgarbíó í samstarfi við sveitarfélagið. Einnig er styrkjum safnað til viðgerðar á mannvirkjum og til björgunarstarfa. Klúbburinn styður jafnframt við skólastarf á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Kvikmyndahús

Kvikmyndahúsið Skjaldborgarbíó er rekið í samstarfi Lionsklúbbs Patreksfjarðar og Vesturbyggðar, bæði hvað varðar mönnun í húsinu og almenna umhirðu við húsið sjálft. Húsið er meðal elstu kvikmyndahúsa á landinu. Reglulegar kvikmyndasýningar eru haldnar að jafnaði á föstudögum og sunnudögum í hverri viku. Hápunktur ársins er Skjaldborg – hátíð íslenskra heimildamynda, sem haldin er um hvítasunnuna á hverju ári í kvikmyndahúsinu. Einnig er húsið notað til tónleikahalds, fræðslukvöld haldin þar og beinar útsendingar frá stórum íþróttaviðburðum eru sýndar í húsinu.

Kvikmyndaklúbburinn Kittý er starfræktur á Patreksfirði í tengslum við Skjaldborgarbíó og er samstarf milli hans og Lionsklúbbsins varðandi rekstur kvikmyndahússins.

Bókasöfn

Tvö bókasöfn eru starfrækt í Vesturbyggð, annars vegar Héraðsbókasafn Vestur-Barðastrandarsýslu á Patreksfirði og hins vegar Bókasafn Bílddælinga á Bíldudal.

Leikfélög

Leikfélög eru starfrækt bæði á Patreksfirði og Bíldudal og hafa þau um árabil staðið fyrir mismikilli leiklistarstarfsemi í sveitarfélaginu, þá einkum í Bíldudal.

Kirkjur og kórastarf

Átta kirkjur eru í Vesturbyggð og tvær í Tálknafirði. Á heimasíðu sveitarfélagsins kemur fram að margar þeirra eru hús með sögu, tvær sem eru meðal elstu steinsteyptu kirkna landsins og sumar eru frá miðri 19. öld. Einn prestur þjónar Patreksfjarðarprestakalli, sem tekur bæði til Vesturbyggðar og Tálknafjarðar.

Kórar Patreksfjarðar-, Tálknafjarðar- og Bíldudalskirkna starfa í prestakallinu.

Félagsmiðstöðvar

Tvær félagsmiðstöðvar eru starfræktar fyrir unglunga í Vesturbyggð, annars vegar Vest-End á Patreksfirði og Dímon á Bíldudal. Báðar eru ætlaðar unglungum í 8.-10. Bekk en mega börn í 7. bekk mæta einu sinni í viku og á sérstaklega auglýsta viðburði.

Félagsheimili

Þrjú félagsheimili eru í Vesturbyggð, Baldurshagi á Bíldudal, sem staðsett er í miðju þorpinu, Félagsheimili Patreksfjarðar, sem staðsett er innarlega í þorpinu á Patreksfirði og Birkimelur við Krossholt á Barðaströnd. Ýmis konar viðburðir og skemmtanir eru haldnir í félagsheimilunum allt árið

um kring. Í könnun meðal íbúa mismunandi svæða frá Hornafirði að Skagafirði kom fram að íbúar gáfu félagsheimilum á sunnanverðum Vestfjörðum betri umsögn en á öðrum landsvæðum [5].

Söfn, sýningar og setur

Ýmis konar menningartengd starfsemi er í Vesturbyggð. Á heimasíðu sveitarfélagsins eru til dæmis talin upp minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti um sögu sjósóknar, landbúnaðar og fleira á svæðinu, Skrímslasetrið á Bíldudal, Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal og sýningar í Gamla bænum á Brjánslæk á Barðaströnd. Í HÚSINU, gömlu verbúðinni á Patreksfirði, er að finna listagallerí, vinnuaðstöðu fyrir listamenn, skrifstofurými til útleigu og handverksverslun, auk þess sem þar eru haldnir tónleikar [46] og upplestrarkvöld.

Samantekt á tómstundum og mannlífi

Verkefni í vændum: Ekki er vitað um nein skipulögð verkefni sem í vændum eru.

Skortur á upplýsingum: Ekki er talið á þessu stigi að upplýsingar skorti.

Niðurstaða: Að öllu samanteknu, er nokkuð fjölbreytt tómstundatengd þjónusta í Vesturbyggð. Auðvelt aðgengi er að hreyfingu, virk íþróttafélög og fjölbreyttir hópar starfandi sem sinna menningartengdum atburðum. Hversu lifandi slík félög og hópar eru fara iðulega eftir fólkinu sem á staðnum er og hversu áhugasamt það er um að halda þeim gangandi.

4 SVIÐSMYNDIR

Sviðsmyndagreining er aðferð sem þróuð hefur verið til að túlka og taka á óvissu [47]. Starfsemi stórra fyrirtækja í Vesturbyggð byggir á nýtingu auðlinda. Slíkri starfsemi fylgir óvissa t.a.m. ef nýtingar- eða starfsleyfi fást ekki og því er gott að skoða sviðsmyndir fyrir mismunandi þróun. Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að þekkja innviði sína og rýmd þeirra. Í rúmlega þúsund manna byggðarlagi hefur hvert starf sem bætist við eða lagt er niður mikil áhrif á samfélagið. Með því að beita aðferðafræði sviðsmyndagreiningar á fjölda starfa er sveitarfélagið betur í stakk búið til að taka upplýstar ákvarðanir sem byggðar eru á gögnum og spám um mögulegar þróun til framtíðar.

Sviðsmyndagreiningin sem fram fer í þessum kafla er ætlað að nýtast inn í endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og til þess að sveitarfélagið sé betur í stakk búið til að bregðast við óvissu. Í stefnumótunarhluta endurskoðunar aðalskipulags þarf að taka ákvarðanir með óvissu um framtíðina og vegna þess er mikilvægt að þeir sem taka ákvarðanir séu meðvitaðir um þá þætti sem þeir ráða engu um. Má þar nefna dæmi eins og hvort ákveðin leyfi til nýtingar auðlinda fái eða efnahagsþróun í heiminum og á Íslandi sem draga til að mynda úr fjárfestingum í samgönguúrbótum svo fáein dæmi séu nefnd [48].

Við gerð sviðsmynda er leitast við að segja sögu á sem raunhæfastan hátt og setja þær skipulega upp m.t.t. áhrifa á sveitarfélagið. Sem dæmi má nefna að aukin framleiðsla laxeldisfyrirtækis kallar á fleira starfsfólk, aukið athafnarými, meiri vatnsnotkun, stærra húsnæði og þörf fyrir fleiri leikskólaláss. Einnig má snúa dæminu við, ef laxeldisfyrirtæki fær ekki leyfi fyrir frekara eldi þá verður ekki aukning starfa, mögulega dregst starfsemin saman, samdráttur í afleiddum störfum og minni þörf á frekari fjárfestingu í innviðum og samfélagsþjónustu.

Til viðbótar er mikilvægt að þeir sem taka ákvarðanir séu meðvitaðir um að sviðsmyndir koma ekki í staðinn fyrir hefðbundnar skipulagsaðferðir eins og íbúaspár og spár um húsnæðisþörf.

Aukning starfa í Vesturbyggð og íbúaaukning hafa ekki haldist í hendur. Þegar skoðað er hversu margir íbúar fylgi hverju starfi er notast við ákveðin viðmið. Hér á landi hefur m.a. verið stuðst við að hverju starfi fylgi um 2- 2,4 íbúar og jafnvel fleiri. Í Vesturbyggð hefur íbúaaukning verið hæg og í raun hefur íbúum stundum fækkað þó svo að störfum hafi fjölgað. Í kafla 1.2.2. kemur fram að 33% af heildar íbúafjölda innan Vesturbyggðar eru einstæðingar sem er töluvert hátt hlutfall. Í dag eru um 600 störf í Vesturbyggð og rúmlega 1.000 íbúar, ef horft er til þessar grunnupplýsinga þá er 1,7 íbúi sem fylgir hverju starfi. Þetta er því töluvert lægra en þau viðmið sem stuðst er við. Það skal tekið fram að ekki er hægt að nálgast gögn um hvar fólk starfar miðað við búsetu og því ekki hægt að tengja þetta beint saman en slíkt gæfi bestu upplýsingarnar.

Í skýrslu KPMG um laxeldi í Ísafjarðardjúpi kemur fram að metið er að afleiddum störfum fækki vegna hagræðingar í greininni. En einnig vegna þess að það tekur um 10 ár fyrir afleidd störf að jafnast út. Því er í sviðsmyndunum gert ráð fyrir að afleidd störf aukist ekki, áhrif þeirra talin þegar komin, þó aldrei sé hægt að fullyrða um slíkt.

4.1 Valdar sviðsmyndir

Eftir samráð og greiningu á stöðu innviða og samfélags hafa orsakir og áhrif ákveðinnar þróunar undanfarin ár verið kortlögð. Sú greining hefur þegar gefið fyrstu sviðsmyndina þ.e.a.s. grunnmyndina sem nefnd verður *Sviðsmynd 1* sem lýsir núverandi stöðu. *Sviðsmynd 0* er sú að stærstu fyrirtæki á svæðinu fái ekki endurnýjun á leyfum til auðlindanýtingar. Horfa má til þeirra atburða sem áttu sér stað haustið 2018 þegar úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi rekstrarleyfi sem Matvælastofnun hafði veitt Arnarlaxi og Arctic Sea Farm í Patreksfirði og Tálknafirði [49]. Sú sviðsmynd sem hefði orðið að veruleika út frá þessum niðurstöðum hefði haft mikil áhrif á framboð starfa innan sveitarfélagsins og mögulega stuðlað að brottflutningi.

Við uppsetningu á öðrum sviðsmyndum var horft til þess hvaða aðrar myndir af stöðu mála innan Vesturbyggðar gætu mögulega gerst miðað við þá greiningu sem sett er fram í kafla 2 og 3. *Sviðsmynd 2* er byggð á upplýsingum sem fengust úr samráðinu. Forsenda fyrir því að hún verði að veruleika er að stefna stærstu fyrirtækjanna og sveitarfélagsins til næstu 5-10 ára nái fram að ganga og vöxtur verði bæði hjá fyrirtækjunum og sveitarfélaginu. *Sviðsmynd 3* byggir á því að aukning verði meiri á næstu árum en fyrirtæki og Vesturbyggð sjá fyrir sér. Allar sviðsmyndirnar horfa til sömu innviða með mismunandi áhrif á þá sem orsakast helst af mismunandi þróun í atvinnumálum í sveitarfélaginu sem hefur í kjölfarið áhrif á íbúafjölda. Mikilvægt er að endurskoða eftir u.þ.b. 3 ár hvernig íbúapróun og fjöldi starfa þróast. Ef þróunin gefur tilefni til þess að aðlaga stuðulinn 1,7 íbúi á starf getur það gefið sveitarfélaginu betri skilning á íbúapróun og þar með verið með nákvæmari tölur á bakvið stefnumótun sína til framtíðar.

Í töflu 4-1 má sjá yfirlit yfir sviðsmyndirnar, áætlaða þróun á fjölda íbúa og starfa. Í köflunum hér á eftir er farið nákvæmar yfir hverja sviðsmynd og skoðað hvaða áhrif þær geti haft á innviði og samfélagið innan Vesturbyggðar. Með þessum hætti er hægt að skoða hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að sveitarfélagið sé í stakk búið til að bregðast við áhrifum þeirra.

TAFLA 4-1 Yfirlit yfir sviðsmyndir og forsendur fyrir þeim.

SVIÐSMYND	FORSENDUR
Sviðsmynd 0 – Skref aftur á bak Leyfi til auðlindanýtingar fást ekki	<ul style="list-style-type: none">• Leyfi afturkölluð fyrir eldi og vinnsla kalks hættir• Fækkun starfa um 150• Íbúafækkun um 250 manns
Sviðsmynd 1 – Núverandi staða Grunnástand	<ul style="list-style-type: none">• Umfang stærstu fyrirtækjanna stöðug• Ekki aukning í störfum umfram núverandi störf sem eru um 600• Íbúafjöldi helst óbreyttur, um 1.000 íbúar
Sviðsmynd 2 – Björt framtíð Aukning miðað við samráð	<ul style="list-style-type: none">• Leyfi gefin út fyrir auknu eldi og aukinni kalkvinnslu• Aukning í störfum hjá stærstu fyrirtækjunum um 70-90 störf• Nýtt fyrirtæki hefur rekstur með um 50 ný störf• Íbúafjölgun væri um 240 manns
Sviðsmynd 3 – Draumurinn Aukning umfram sviðsmynd 2	<ul style="list-style-type: none">• Aukning í eldi verður meiri og í vinnslu kalks• Aukning starfa hjá stærstu fyrirtækjunum, 120-180 störf• Nýtt fyrirtæki hefur rekstur með um 100 störf• Íbúafjölgun væri um 300- 400 manns

4.2 Staða innviða

Til að gefa yfirlit yfir stöðu innviða út frá mismunandi sviðsmyndum er notast við skýringar og liti skv. töflu 4-2. Í köflunum hér fyrir neðan er betur gerð grein fyrir sviðsmyndunum og hvaða áhrif þær hafa og hvaða aðgerðir þær kalla á.

TAFLA 4-2 Skilgreining á ástandi innviða.

LITASKILGREINING	SKÝRING
	Ástand talið gott núna og til næstu 5 ára.
	Ástand talið ásættanlegt núna en ekki góðar horfur til næstu 5 ára. Ástand getur einnig verið háð óvissu.
	Ástand ekki talið ásættanlegt og/eða ekki í samræmi við lög og reglugerðir.

4.3 Sviðsmynd 0 – Skref aftur á bak

Sviðsmyndin 0 - Skref aftur á bak byggir á því að stærstu fyrirtækin á svæðinu fái ekki endurnýjun á leyfum til auðlindanýtingar þ.e. þeim leyfum sem þau nú þegar hafa. Sviðsmyndin byggir á raunhæfri stöðu sem kom upp haustið 2018 þegar úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi rekstrarleyfi sem Matvælastofnun hafði veitt Arnarlaxi og Arctic Sea Farm í Patreksfirði og Tálknafirði [49]. Þar sem lagalegu umhverfi fiskeldis er ábótavant er nokkur óvissa um framtíð þessarar atvinnugreinar. Sviðsmyndin myndi líklega færa Vesturbyggð aftur á þann stað þegar Bíldudalur var skilgreindur sem brothætt byggð af Byggðastofnun á árunum 2013-2016 [50].

Afleiðing af sviðsmyndinni eru að störfum fækkar um 150 stöðugildi og íbúum fækkar um 250 manns.

Ferðamönnum gæti fækkað sem getur haft þær afleiðingar að hótél og veitingastaðir verði ekki opin nema hluta af ári eins og er í dag. Starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja héldi því áfram að vera árstíðabundin. Möguleg afleiðing gæti verið að samgönguúrbætur sem eru á samgönguáætlun verði frestað þar sem þörfin fyrir slíkar framkvæmdir væri ekki metin eins aðkallandi þar sem minni verðmætasköpun ætti sér stað á svæðinu. Í töflu 4-3 má sjá yfirlit yfir áhrif á innviði sem greindir eru í kafla 3 og hvaða aðgerða mælt sé með að sveitarfélagið grípi til.

TAFLA 4-3 Samantekt á áhrifum á innviði og aðgerðir sem sviðsmynd 0 - Skref aftur á bak.

INNVIÐIR	ÁHRIF	NIDURSTAÐA
Landnotkun		
Hafnarsvæði	Losnar um pláss við höfmina á Bíldudal og á Patreksfirði	Krefst ekki aðgerða
Athafna og/eða iðnaðarlóðir	Óbreytt ástand mögulega gæti losnað um nokkrar lóðir	Krefst ekki aðgerða
Íbúðarsvæði	Minni þörf á nýjum lóðum undir íbúðarhúsnæði	Krefst ekki aðgerða
Húsnæðismál	Losnar um íbúðar- og atvinnuhúsnæði vegna þess að störfum fækkar sem getur leitt af sér einhverja brottflutninga	Krefst ekki aðgerða
Veitur og sorp		
Vatnsveita	Álag á veitukerfi minnkar	Kanna þarf afkastagetu vatnsbóla til að tryggja grunnupplýsingar um vatnsveitu Afla þarf upplýsinga um afkastagetu brunahana af öryggisástæðum Vatnstankar eru til mikilla bóta fyrir rekstraröryggi veitna
Raforka	Afhendingaröryggi er ábótavant ekki aukning á raforkunotkun	Prýsta þarf á úrbætur bæði hjá Orkubúi Vestfjarða og Landsneti
Fráveita	Ekki aukning inn á kerfið en fráveita stenst ekki lagakröfur	Vinna þarf að aðgerðaráætlun til að uppfylla lög og reglugerðir um fráveitur til framtíðar
Fjarskipti	Nettengingar í þéttbýli ekki fullnægjandi í mörgum tilfellum, staðan í dreifbýli ásættanleg á þeim stöðum sem eru þegar tengdir. Fjarskiptasamband um farnet ágætt í þéttbýli en síðra í dreifbýli Netsamband á Látrabjargssvæðinu er ábótavant	Unnið er að uppbyggingu ljósleiðara í dreifbýli Hefja vinnu við að skoða kosti við ljóðleiðaravæðingu þéttbýlis Efla þarf fjarskiptaöryggi við Látrabjarg
Sorp	Minna sorp frá íbúum og atvinnurekstri Lög og reglugerðir vegna sorpmála eru að herðast	Skoða stöðu Vesturbýggðar gagnvart skyldum og markmiðum laga, reglugerða og svæðisáætlunar og meta um leið stöðuna miðað við önnur sveitarfélög í landinu
Samgöngur		
Stofnvegir innan Vesturbýggðar	Færri ferðir milli þéttbýlisstaðanna Hagræðing og góð nýting innviða nauðsynleg	Prýsta þarf á úrbætur til að snúa við neikvæðri byggðabróun Mikilvægt er að bæta tengingar byggðakjarnanna á svæðinu
Vegtengingar til og frá Vesturbýggð	Minni flutningur fólks og afurða innan svæðis og til og frá svæðinu	Prýsta þarf á úrbætur til að snúa við neikvæðri byggðabróun Tryggja að verkefni sem eru á samgönguáætlun haldist inni og verði framkvæmd Bættar tengingar inn á svæðið bæta samkeppnishæfni svæðisins
Flugvellir	Þjónustustig talið fullnægjandi	Krefst ekki aðgerða
Hafnir/siglingar	Núverandi hafnir geta sinnt hlutverki sínu	Vinna við viðlegukant á að hefjast á árinu skv. samgönguáætlun
Samfélag		
Samfélagsþjónusta	Með fækkun íbúa getur verið að sveitarfélagið þurfi að draga úr þjónustu m.v. íbúafjölda.	Mikilvægt að halda áfram þeirri þjónustu sem er í dag miðað við grunnástand
Tómstundir og mannlíf	Fólksflótti getur haft neikvæð áhrif á menningu og ferðaþjónustu, þegar færri starfsfólk er til að sinna hlutum á borð við söfn eða veitingasölu	Mikilvægt er að halda jákvæðum anda til að hefja sókn til að snúa við neikvæðri íbúaþróun

4.4 Sviðsmynd 1 – Núverandi staða

Sviðsmynd 1 – Núverandi staða byggir á grunnástandi sveitarfélagsins árið 2018/2019, þ.e. þeirri stöðu sem er á svæðinu í dag. Ekki er gert ráð fyrir aukinni framleiðslu í laxeldi eða kalkþörungavinnslu. Ferðaþjónustan væri óbreytt og áfram, árstíðabundin.

Gert er ráð fyrir að fjöldi starfa verði óbreyttur eða um 600 störf og íbúafjöldi haldist í kringum 1.000 íbúa.

Áhrif af sviðsmyndinni eru margþætt en að mestu leiti óbreytt staða eins og hún er í dag. Ekki yrði frekari íbúafjölgun en hefðbundnar íbúaspár Hagstofunnar gera ráð fyrir þar sem framboð starfa muni ekki aukast. Ferðaþjónustan væri óbreytt þ.e. að flest hótél eru aðeins opin á sumrin. Starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja héldi því áfram að vera árstíðabundin. Með þessari sviðsmynd gæti einnig verið afleiðing að frekari samgönguúrbætur verði ekki að veruleika þar sem þörfin fyrir slíkar framkvæmdir eykst ekki og enn væri óvissa um frekari verðmætasköpun. Í töflu 4-4 má sjá yfirlit yfir áhrif á innviði sem greindir eru í kafla 3 og hvaða aðgerða mælt sé með að sveitarfélagið grípi til.

TAFLA 4-4 Yfirlit yfir helstu áhrif og aðgerðir vegna sviðsmyndar 1 – Núverandi staða

INNVIÐIR		ÁHRIF	NIDURSTAÐA
Landnotkun			
Hafnarvæði	Engar lausar lóðir eru á hafnarvæðinu á Bíldudal og Patreksfirði Mikill skortur á viðleguþlássi og almennu athafnarymi á hafnarvæðinu á Bíldudal		Hefja þarf vinnu við landfyllingu skv. skipulagi á hafnarvæðinu á Bíldudal, meta valkosti og eftirspurn Stækka viðleguþláss á Bíldudal og tryggja að hafnarstjórn haldi til haga athafnasvæði sem ekki sé sérstaklega úthlutað heldur til almennra nota Huga að endurskipulagningu hafnarvæðisins á Patreksfirði og mögulega huga að því að auka framboð lóða undir hafnsækina starfsemi
Athafna og/eða iðnaðarlóðir	Lítið framboð er af lausum lóðum undir iðnaðar- eða athafnastarfsemi Ekki eru til skilgreind stærri iðnaðar- eða athafnasvæði fyrir utan þéttbýlið		Auka þarf framboð atvinnulóða á Bíldudal og Patreksfirði Skilgreina stærri iðnaðarsvæði í nálægð við þéttbýlið þar sem möguleiki er til að byggja upp hafnaraðstöðu
Íbúðarsvæði	Nægt framboð af íbúðarsvæðum sem hægt er að byggja á (hér er ekki tekin afstaða til eignarhalds á landi)		Krefst ekki aðgerða
Húsnæðismál	Skortur er á íbúðarhúsnæði í báðum byggðakjörnum		Byggja þarf upp fjölbreyttar íbúðir innan beggja byggðakjöranna
Veitur			
Vatnsveita	Vatnsþörf verður óbreytt		Kanna þarf afkastagetu vatnsbóla til að tryggja grunnupplýsingar um vatnsveitu Afia þarf upplýsinga um afkastagetu brunahana af öryggisástæðum Vatnstankar eru til mikilla bóta fyrir rekstraröryggi veitna
Raforka	Afhendingaröryggi er ábótavant		Prýsta þarf á úrbætur bæði hjá Orkubúi Vestfjarða og Landsneti Fylgjast þarf með uppbyggingu raforkukerfisins á Vestfjörðum í heild þar sem möguleg aukning í afhendingu raforku í sveitarfélaginu er það orkuöflun og afhendingu annarstaðar á Vestfjörðum
Fráveita	Ekki aukning inn á kerfið en fráveita stenst ekki lagakröfur		Vinna þarf að aðgerðaráætlun til að uppfylla lög og reglugerðir um fráveitu til framtíðar
Fjarskipti	Nettengingar í þéttbýli ekki fullnægjandi í mörgum tilfellum, staðan í dreifbýli ásættanleg á þeim stöðum sem eru þegar tengdir Fjarskiptasamband um farnet ágætt í þéttbýli en síðra í dreifbýli Netsamband á Látrabjargssvæðinu er ábótavant		Unnið er að uppbyggingu Jósleiðara í dreifbýli Vinna í því að finna leiðir til að Jósleiðaravæða þéttbýlið Efla þarf fjarskiptaöryggi við Látrabjarg Tryggja þarf að farnetssamband sé ásættanlegt sem öryggistækni
Sorp	Sorp hefur aukist í sveitarfélaginu og er mikill kostnaður fólgin í förgun og meðhöndlun sorps Lög og reglugerðir vegna sorpmála eru að herðast		Sveitarfélagið þarf að gera skoðun á stöðu sinni gagnvart skyldum sínum og markmiðum laga, reglugerða og svæðisáætlunar og meta um leið stöðuna miðað við önnur sveitarfélög í landinu

INNVIÐIR	ÁHRIF	NIÐURSTAÐA
Samgöngur		
Stofnvegir Innan Vesturbýggðar	Fjöldi ferða verður óbreyttur Vetrarþjónusta er óbreytt með möguleika á aukinni þjónustu í takt við þjónustustig Vegagerðarinnar Mikilvægt að svæðið nýtist sem eitt atvinnusóknarsvæði með bættum samgöngum milli Patreksfjarðar og Bíldudals	Setja þarf stefnumótun um jarðgangagerð inn í aðalskipulag sveitarfélagsins Vinna að því að auka vetrarþjónustu og tryggja að tímasetning hennar sé í takt við atvinnulífið og tímstundir Vinna þarf að samgönguúrþótum samkvæmt markmiðum gildandi samgönguáætlunar um stytta ferðatíma innan skóla og vinnusóknarsvæða. Auk þess þarf að leggja áherslu á öruggar samgöngur innan skilgreinds vinnusóknarsvæðis
Vegtengingar til og frá Vesturbýggð	Aukinn þrýstingur á bættar samgöngur og möguleika til að flytja vörur ferskar á markað Lokanir á vegum hafa meiri áhrif á fyrirtæki og íbúa	Setja þarf stefnumótun um jarðgangagerð inn í aðalskipulag sveitarfélagsins Vinna að því að auka vetrarþjónustu Samgönguúrþætur samkvæmt gildandi samgönguáætlun
Flugvellir	Flug verður óbreytt en það væri til bóta að hafa flug einu sinni í viku tvisvar á dag og að flogið væri á laugarögum	Krefst ekki aðgerða
Hafnir/siglingar	Skortir viðlegukant á Bíldudal	Vinna við viðlegukant á að hefjast á árinu skv. samgönguáætlun
Samfélag		
Samfélagsþjónusta	Það eru vaxtaverkir á nokkrum sviðum samfélagsþjónustu vegna íbúaaukningar, að mestu innan skólakerfisins þar sem að t.d. skortir leikskólapláss fyrir allt að 12 börn	Taka börn inn á leikskóla sem fyrst þar sem ekki er dagforeldri á svæðinu Leikskólinn á Patreksfirði er orðinn of lífill, vantar stækkun um u.þ.b. 12 pláss Byrja að skoða byggingu nýs grunn- og leikskóla á Bíldudal
Tímstundir og mannlíf	Ekki er mikill þrýstingur um aukið framboð af tímstundarstarfi	Sveitarfélagið getur hvatt til fjölbreyttra tímstunda og stutt við slíka starfsemi s.s. með því að bjóða upp á húsnæði (félagsheimili, íþróttahús o.fl. og sinna rekstri og viðhaldi) eða troða gönguskiðbraut reglulega, en samfélagið þarf síðan að reka þessa starfsemi og viðhalda. T.d. má leggja áherslu á að lengja opnunartíma sundlauga, íþróttamiðstöðva og bókasafna, og bæta kost bókasafnsins, meta hvort þörf sé á að stækka eða bæta við húsakosti undir tímstundir og menningarlíf, og leggja áherslu á viðhald og rekstur slíkra bygginga

4.5 Sviðsmynd 2 – Björt framtíð

Sviðsmynd 2 – Björt framtíð byggir á þeim upplýsingum sem fengust í samráðsferlinu, sjá kafla 2. Þar var rætt við forsvarsmenn stórfyrirtækja innan atvinnulífs Vesturbyggðar og áform þeirra til næstu 5-10 ára. Einnig er gert ráð fyrir að nýtt fyrirtæki komi inn á svæðið en ekki er tekin afstaða til hvers konar fyrirtæki. Horft var til þess að fyrirtækið þyrfti að hafa hafnaraðstöðu. Slíkar forsendur voru gefnar þar sem talið er að erfiðast væri að koma slíkri starfsemi fyrir eins og staðan er núna. Áætlaður fjöldi starfa hjá nýju fyrirtæki er um 50 störf.

Forsendur fyrir sviðsmyndinni eru að fjölgun starfa gæti verið um 140 störf og íbúafjöldi aukist um 240.

Sviðsmyndin spáir því að nýtt fyrirtæki væri álíka stórt og stærri fyrirtækin eru í dag með tækifæri til vaxtar. Aukning yrði í ferðapjónustu og mun atvinnugreinin eiga meiri möguleika að byggja sig upp sem heilsársgrein fremur en árstíðabundin. Miðað við núverandi ástand verður töluverður skortur á bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Auka þyrfti samfélagsþjónustu s.s. leikskólapláss og stöðugildi í skólum sveitarfélagsins og gera má ráð fyrir því að aukinn fjöldi íbúa standi undir fjölbreyttari þjónustu en áður. Í töflu 4-5 má sjá yfirlit yfir helstu áhrif á innviði sem greindir eru í kafla 3.

TAFLA 4-5 Yfirlit yfir helstu áhrif og aðgerðir vegna sviðsmyndar 2 - Björt framtíð íbúaaukning um 240.

INNVIÐIR	ÁHRIF	NIÐURSTAÐA
Landnotkun		
Hafnarsvæði	Engar lausar lóðir eru á hafnarsvæðinu á Bíldudal og Patreksfirði Skortur á viðleguþlássi og almennu athafnarými á hafnarsvæðinu á Bíldudal	Hefja vinnu við landfyllingu skv. skipulagi á hafnarsvæðinu á Bíldudal, meta valkosti og þörf Stækka viðleguþláss á Bíldudal og tryggja að hafnarstjórn haldi til haga athafnasvæði sem ekki sé sérstaklega úthlutað heldur til almennra nota Huga að endurskipulagningu hafnarsvæðisins á Patreksfirði og huga að því að auka framboð lóða undir hafnsækna starfsemi
Athafna/iðnaðarlóðir	Lítið framboð er að lausum lóðum undir iðnaðar eða athafnastarfsemi Ekki eru til skilgreind stærri iðnaðar- eða athafnasvæði fyrir utan þéttbýlið	Auka framboð lóða undir athafnasvæði á Bíldudal og Patreksfirði Skilgreina stærri iðnaðarsvæði í nálægð við þéttbýlið þar sem möguleiki er til að byggja upp hafnarstöðu.
Íbúðarsvæði	Framboð á lóðum nægilegt skv. aðalskipulagi Möguleiki á nýjum lóðum innan byggðar eru að hluta til á hættusvæðum vegna ofanflóða	þarf að deiliskipuleggja fleiri íbúðarsvæði Flýta þarf uppbyggingu ofanflóðamannvirkja
Húsnæðismál	Skortur á íbúðarhúsnæði í þaðum byggðakjörnum	Byggja þarf upp fjölbreyttar íbúðir innan beggja byggðakjarnanna
Veitukerfi		
Vatnsveita	Aukning hjá stærstu fyrirtækjunum um 165.000 tonn á ári Almenn vatnsnotkun eykst einnig vegna fjölgunar íbúa	Óvissa er um afkastagetu vatnsbóla og mikilvægt að meta hana til að geta þjónustað íbúa og atvinnulíf með vatn Afla þarf upplýsinga um afkastagetu brunahana af öryggisástæðum Vatnstankar eru til mikilla bóta fyrir rekstraröryggi veitna
Raforka	Afhendingaröryggi er ábótavant	Þrýsta þarf á úrbætur bæði hjá Orkubúi Vestfjarða og Landsneti Fylgjast þarf með uppbyggingu raforkukerfisins á Vestfjörðum í heild þar sem möguleg aukning í afhendingu raforku í sveitarfélaginu er háð orkuóflun og afhendingu annarstaðar á Vestfjörðum.
Fráveita	Álag á kerfið mun aukast samhlíða íbúaaukningu og frekari vinnslu fyrirtækja á svæðinu Fráveita stenst ekki lagakröfur	Vinna þarf að stefnumótun/aðgerðaráætlun í fráveitumálum til að uppfylla lög og reglugerðir til framtíðar
Fjarskipti	Nettengingar í þéttbýli ekki fullnægjandi í mörgum tilfellum, staðan í dreifbýli ásættanleg á þeim stöðum sem eru þegar tengdir. Fjarskiptasamband um farnet ágætt í þéttbýli en síðra í dreifbýli	Unnið er að uppbyggingu ljósleiðara í dreifbýli Vinna í því að finna leiðir til að ljósleiðaravæða þéttbýlið Efla þarf fjarskiptaöryggi við Látrabjarg

INNVIÐIR	ÁHRIF	NIÐURSTAÐA
Sorp	Töluverð aukning í sorpi frá bæði almenningi og atvinnulífinu Lög og reglugerðir vegna sormála eru að herðast	Tryggja þarf að farnettssamband sé ásættanlegt sem öryggistæki Skóða stöðu Vesturbyggðar gagnvart skyldum og markmiðum laga, reglugerða og svæðisáætlunar og meta um leið stöðuna miðað við önnur sveitarfélög í landinu
Samgöngur	Fjölgun ferða milli byggðakjarna Möguleikar á uppbyggingu hefur áhrif á fjölgun ferða þar sem svæði til atvinnuuppbyggingar fleiri á Bildudal en möguleikar á uppbyggingu á íbúðarsvæðum auðveldari á Patreksfirði Mikilvægt að svæðið nýttist sem eitt atvinnusóknarsvæði með bættum samgöngum milli Patreksfjarðar og Bildudals Meiri þrýstingur um samgönguúrbætur milli byggðakjarna vegna íbúafjölgunar og aukinnar framleiðslu á svæðinu Tafir á vegaúrbótum minnka möguleika á verðmætasköpun	Samtal við Vegagerðina um jarðgöng og setja óskir sveitarfélagsins inn í stefnumótun aðalskipulags sveitarfélagsins Vinna að því að auka vetrarþjónustu Vinna þarf að samgönguúrbótum samkvæmt markmiðum gildandi samgönguáætlunar um stytta ferðatíma innan skóla og vinnusóknarsvæða. Auk þess þarf að leggja áherslu á öruggar samgöngur innan skilgreinds vinnusóknarsvæðis
Vegtengingar til og frá Vesturbyggð	Þrýstingur á úrbætur á þjóðvegum til og frá svæðinu Tafir á vegaúrbótum minnka möguleika á verðmætasköpun	Samtal við Vegagerðina um jarðgöng og setja óskir sveitarfélagsins inn í stefnumótun aðalskipulags sveitarfélagsins Vinna forsenduvinna og valkostagreiningu um staðsetningu jarðganga þrýsta áfram á úrbætur á þjóðvegum til og frá svæðinu
Flugsvellir	Flug verður eins og það er í dag en það væri til bóta að hafa flug einu sinni í viku tvisvar á dag og að flogið væri á laugardögum	Samtal þarf að vera við ríkið um eflingu innanlandsflugs og mögulegum vöruflutningum
Hafnir/siglingar	Skortir viðlegukant á Bildudal	Vinna við viðlegukant á að hefjast á árinu skv. samgönguáætlun
Samfélag	Húsnæði leik- og grunnskóli á Bildudal verður of lítið Skortir leikskólapláss á Patreksfirði Aukning barna á leikskólaaldri væru um 15 börn og grunnskólaaldri um 34 börn Auka þarf við starfsfólk í leik- og grunnskóla, og dagforeldri vantar enn í sveitarfélagið Með auknum íbúafjölda verður frekari þörf á þjónustu sveitarfélagsins í ýmsum mállefnum s.s. félagsþjónustu Heilbrigðisþjónustu skortir á svæðinu, t.d. viðveru sérfræðinga og fæðingarþjónustu	Hefja vinnu við forsendinggreiningu og staðarval fyrir nýjan grunn- og leikskóla á Bildudal Meta stöðu húsnæðis grunn- og leikskóla á Patreksfirði. Vegna fjölgunar barna þarf að meta hversu marga starfsmenn þarf að ráða inn í skólalastar Vesturbyggðar Koma þarf á þjónustu dagforeldra í Vesturbyggð, kanna hvort sveitarfélagið getur boðið dagforeldrum upp á aukna þjónustu eða umbunu til að hvetja fólk til þess að taka þetta starf að sér

INNVIÐIR**ÁHRIF****NIÐURSTAÐA**

Sveitarfélagið þarf að efla félagsþjónustu, þjónustu við fatlaða, aldraða, barnafólk og fólk af erlendum uppruna m.v. aukningu

Sveitarfélagið getur hvatt til fjölbreyttra tómtunda og stutt við slíka starfsemi s.s. með því að bjóða upp á húsnæði (félagsheimili, íþróttahús o.fl. og sinna rekstri og viðhaldi) eða troða gönguskiðabraut reglulega, en samfélagið þarf síðan að reka þessa starfsemi og viðhalda. T.d. má leggja áherslu á að lengja opnunartíma sundlauga, íþróttamiðstöðva og bókasafna, og bæta kost bókasafnsins, meta hvort þörf sé á að stækka eða bæta við húsakosti undir tómtundir og menningarlíf, og leggja áherslu á viðhald og rekstur slíkra bygginga

Tómtundir og mannlíf

Með íbúaaukningu verður til frekari eftirspurn eftir tómtundum og mannlífi

4.6 Sviðsmynd 3 – Draumurinn

Sviðsmynd 3 - Draumurinn byggir á að aukning hjá stærstu fyrirtækjunum verði umfram það sem þau áætla skv. sviðsmynd 2 og að nýtt fyrirtæki setjist að í sveitarfélaginu með um 100 störf.

Forsendur fyrir sviðsmyndinni eru að fjölgun starfa gætir verið um 240 störf og að íbúafjöldi aukist um 400 manns.

Sviðsmyndin felur í sér að atvinnulíf blómstri innan Vesturbyggðar og svæðið verði eftirsóknarvert fyrir fjölbreytt fyrirtæki. Ferðapjónustan yrði að heilsársgrein. Ólíklegt er talið að sviðsmyndin verði að veruleika á næstu 5-10 árum. Ekki er sett upp sér tafla fyrir sviðsmynd 3 eins og gert hefur verið í köflunum hér á undan þar sem taflan væri sambærileg og fyrir sviðsmynd 2 varðandi stöðu innviða. Hafa ber í huga þegar verið er að kostnaðarmeta framkvæmdir hvort mikill munur sé á t.d. uppbyggingu innviða fyrir 200 manns samanborið fyrir 400 manns. Munur á kostnaði getur verið óverulegur og því ákjósanlegt að meta hvort hægt sé að fjárfesta í innviðum sem muni duga langt fram í tímann og þar með væri sveitarfélagið betur í stakk búið að takast á við aukningu umfram spár ef svo færi.

4.7 Yfirlit sviðsmynda

Hér í töflunni má sjá samantekt á ástandi innviða út frá mismunandi sviðsmyndum.

TAFLA 4-6 Yfirlit yfir ástand innviða út frá mismunandi sviðsmyndum.

INNVIÐIR	SVIÐSMYND 0	SVIÐSMYND 1	SVIÐSMYND 2	SVIÐSMYND 3
	SKREF AFTUR Á BAK	NÚVERANDI STAÐA	BJÖRT FRAMTÍÐ	DRAUMUR
Landnotkun				
Hafnarsvæði				
Iðnaðar og athafna				
Íbúðarsvæði				
Húsnæðismál				
Veitur og sorp				
Vatnsveita				
Raforka				
Fráveita				
Fjarskipti				
Sorp				
Samgöngur				
Stofnvegir innan Vesturbyggðar				
Vegtengingar til og frá Vesturbyggð				
Flugvellir				
Hafnir/siglingar				
Samfélag				
Samfélagsþjónusta				
Tómstundir og mannlíf				

5 SAMANTEKT AÐGERÐA

Núverandi staða innviða í sveitarfélaginu hefur verið greind og sviðsmyndir settar fram, af mögulegri þróun til næstu 5-10 ára, byggðar á mismunandi forsendum. Í þessum kafla verður farið yfir hvernig hægt er að brúa bilið milli núverandi stöðu og mögulegri framtíðarþróun til næstu ára. Samkvæmt markmiðum verkefnisins eru lagðar fram þær aðgerðir sem sveitarfélagið þyrfti að ráðast í og gróflega áætlaður kostnaður við hverja aðgerð. Ekki er hægt að segja að ein sviðsmynd sé valin fremur en önnur. Allar sviðsmyndirnar geta að öllu leyti orðið að veruleika en einnig getur hluti þeirra ræst. Það eru fjölmargir áhrifaþættir sem geta spilað inn í. Sviðsmyndin - *Björt framtíð* er sú sviðsmynd sem sveitarfélagið ásamt stærstu fyrirtækjunum stefna að á næstu 5-10 árum og því lögð áhersla á að sveitarfélagið geti stutt við þá þróun.

Eins og fram hefur komið eru sviðsmyndirnar byggðar á ákveðnum forsendum sem geta breyst og hver sviðsmynd því nálgun á raunveruleika sem ekki er víst að rætist að fullu og jafnvel meiri líkur að hluti þeirra verði að veruleika. Því er mikilvægt að sveitarfélagið meti ávallt forgangsröðun aðgerða jafnt og þétt, út frá íbúa- og atvinnuþróun.


Eftirfylgni Vesturbyggðar er mikilvæg fyrir verkefni sem fjallað er um hér í næstu köflum. Mörg þeirra eru ekki á höndum sveitarfélagsins en mikið hagsmunamál fyrir Vesturbyggð og þróun sveitarfélagsins. Þessi verkefni eru á mismunandi stigi s.s. áætlunar- eða framkvæmdastigi og ekki víst um fjármögnun sumra eins og stendur. Því er mikilvægt að sveitarfélagið veiti þeim aðilum aðhald sem ábyrgð bera á verkefnum. Tímarammi aðgerða er misjafn en horfa þarf til þess á hvaða stigi aðgerðin er t.d. er þetta stefna, áætlun eða komið á framkvæmdastig.

5.1 Landnotkun

Undir flokkinn landnotkun fellur umfjöllun um athafna-, iðnaðar-, hafnar- og íbúðarsvæði. Niðurstaðan fyrir landnotkun er að bæta þarf við atvinnusvæðum innan sveitarfélagsins óháð því hvaða sviðsmynd verður að veruleika. Ef Vesturbyggð hefur hug á að markaðsetja sig sem sveitarfélag með góða aðstöðu fyrir hafnsækna starfsemi sem byggir starfsemi sína m.a. á auðlindanýtingu úr sjó þarf að stækka hafnarsvæðin, aðallega á Bíldudal, og auka framboð lóða á Patreksfirði. Eins og fram hefur komið skortir svæði fyrir fyrirtæki sem þurfa annaðhvort aðgengi að höfn eða eru með rýmisfreka starfsemi. Nokkur minni iðnaðarsvæði í dreifbýli eru skilgreind í aðalskipulagi en þau eru flest hugsuð undir fiskeldi eða starfsemi tengda fiskeldi. Lítið er um athafna- og iðnaðarsvæði innan sveitarfélagsins og eins og fram hefur komið er farið að þrengja verulega að hafnarsvæðum. Því kallar þessi innviðaflokkur á úrbætur sem felast fyrst í stefnumótun og/eða áætlanagerð sem og forsenduvinnu m.t.t. fýsileika svæðanna. Síðara stig væri að fara í kostnaðargreiningu, samráð við landeigendur og samráð við ríkið um t.d. uppbyggingu hafnaraðstöðu. Við skipulagsgerð sveitarfélagsins þarf að bæta við landsvæðum fyrir athafnasvæði, hér í töflunni fyrir neðan eru tekin dæmi um svæði sem horfa mætti til við skipulagsgerð sveitarfélagsins. Svæðin geta flokkast undir athafna- iðnaðar- eða hafnarsvæði. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvaða landnotkunarflokk svæðin féllu undir. Þrýstingur um úrbætur eru miklar skv. grunnástandi og síðan mun vandinn stækka ef aukning verður skv. sviðsmynd 2 og 3.

TAFLA 5.1 Yfirlit yfir möguleg ný athafnasvæði.

STAÐUR	VATN	JARÐHITI	RAFMAGN	FJARSKIPTI	SAMGÖNGUR	SKÝRING
Hvestudalur/Vaðall	+	-	+	+	+	Á svæðinu er Hvestuvirkjun 1,5 MW í einkaeigu. Á svæðinu væri gott að tengjast þeim innviðum sem eru til staðar á svæðinu.
Otradalur	+	+/-	+	+	+	Búið er á jörð sem skráð er í Otradal. Í dalnum hefur fundist heitt vatn en þó ekki mikið skv. skýrslu ISOR [51].
Haganes	-	-	-	-	+	Svæðið er stutt frá Bíldudal og gæti verið ákjósanlegur staður til þess að byggja upp athafnasvæði með hafnaraðstöðu.
Háfur/Hrísadalur	+	-	+	+	+	Búið er á jörðinni og hún tengd með helstu veitum. Skoða þarf stærð rafstrengs og hvernig vatnsöflun er á svæðinu. Þessi staðsetning myndi kalla á landfyllingu til að fá nægt athafnarými þar sem lítið er af láglendi á svæðinu.
Dufansdalur	-	+	-	-	+	Svæðið hefur oft verið í umræðunni vegna öflunar heitavats fyrir sveitarfélagið. Í dalnum er hægt að afla um 120-140 gráðu heits vatns á litlu dýpi [51]. Svæðið er einnig vel staðsett m.t.t. samgangna og mögulegra gangnagerða, sjá kafla 5.3.



MYND 5-1 Staðsetning iðnaðarsvæða sem horft var til skv. töflu að ofan. Sjá má á mynd helstu stofnvegi innan sveitarfélagsins.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu aðgerðir sem lagðar eru til, hvers eðlis þær eru, hver þær ábyrgð á þeim og grófur kostnaður ef við á.

TAFLA 5-2 Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn landnotkun.

AÐGERÐ	TEGUND AÐGERÐAR	ÁBYRGÐ	KOSTNAÐUR milljónir.kr.				SKÝRING
			<10	+10	+50	+100	
Skipuleggja fleiri atvinnulóðir innan sveitarfélagsins	Stefnumótun/aðalskipulag	Vesturbyggð	x				Vinna forsendu vinnu um möguleg svæði innan og utan þéttbýlis
Innviðauppbýgging innan 11. á Bíldudal en svæðið er m.a. ekki tengt fráveitikerfi sveitarfélagsins	Framkvæmd	Vesturbyggð		x			Ekki vitað, fer eftir vali á lausnum og eftirspurn eftir lóðum
Deiliskipuleggja íbúðarreiti á Bíldudal og Patreksfirði til að auka lóðaframboð	Stefnumótun/deiliskipulag	Vesturbyggð og/eða landeigendur	x				Kostnaður við hvert deiliskipulag er breytilegt allt frá 1- 7 m.kr.án vsk. fer eftir stærð o.fl.
Hefja vinnu við landfyllingu á Bíldudal – norðan hafnarinnar	Framkvæmd	Vesturbyggð og Vegagerðin			x		Áætlað var í skýrslu Vegagerðarinnar að kostnaður gæti verið um 210 milljónir fyrir 14.000 m ²
Vinna þarf ofanflóðamat fyrir fyrirhugað nýtt íbúðarsvæði á Bíldudal.	Rannsókn	Vesturbyggð og umhverfis- og auðlindaráðuneyti					

TAFLA 5-3 Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- landnotkun

AÐGERÐ	TEGUND AÐGERÐAR	ÁBYRGÐ
Stækkun hafnarinnar á Bíldudal	Framkvæmd	Vesturbyggð og Vegagerðin
Endurskoðun aðalskipulags	Stefna/áætlun	Vesturbyggð
Samstarfsverkefni um uppbyggingu húsnæðis. Verkefnið er á frumstigi en því er ætlað að bregðast við skorti á nýbyggingu innan sveitarfélagsins	Áætlun og framkvæmd	Íbúðalánasjóður og Vesturbyggð
Sköðun á lóðum sem hægt væri að nýta undir uppbyggingu og hefja deiliskipulagsgerð á ákjósanlegum svæðum	Áætlun	Vesturbyggð
Flyta þarf byggingu ofanflóðavarna en mat á umhverfisáhrifum er í einhverjum tilfellum lokið.	Framkvæmd	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

5.2 Veitur

Undir flokkinn veitur fellur vatns-, raf- og fráveita ásamt fjarskiptum og sorpmálum. Niðurstaðan fyrir veitur er að ekki liggja nægjanlega góðar upplýsingar fyrir um afkastagetu vatnsbóla. Verkefni við fráveitu sveitarfélagsins er stórt og getur verið kostnaðarsamt, lagt er til að hefja vinnu við að skilgreina hvað þarf að gera og í kjölfarið áfangaskipta verkefninu til að auðvelda framkvæmd þess. Ljósnet innan þéttbýlis í sveitarfélaginu getur virkað sem flöskuháls á hraða nettenginga hjá fyrirtækjum sem þurfa að geta reitt sig á góða og öfluga nettengingu.

Vatnsveita

Óvissa er um afkastagetu vatnsbóla og því þarf að kanna afkastagetu þeirra óháð því hvaða sviðsmynd verður að veruleika. Afla þarf upplýsinga um afkastagetu brunahana af öryggisástæðum. Mikilvægt er að þekkja hversu mikið auka megi vatnsöflun í núverandi vatnsbólum og geta skipulagt hvort og þá hvenær leita þurfi eftir nýjum. Vatnstankar væru til mikilla bóta fyrir rekstraröryggi veitna. Aðgerðir felast í rannsóknum til að fá mynd á núverandi stöðu. Rannsókn getur leitt til aðgerða ef tilefni verður til s.s. að reisa vatnstanka. Áfram verði unnið að rannsóknum á jarðhita á svæðinu.

Raforka

Óháð því hvaða sviðsmynd verður að veruleika þarf að þrýsta á umbætur á raforkuöryggi í sveitarfélaginu. Í kerfisáætlun Landsnets eru áætlanir um framkvæmdir sem hafa áhrif á afhendingaröryggi í Vesturbyggð en ljóst er að svo þær aðgerðir skili sér að fullu þurfa einnig að koma til aðgerðir af hálfu Orkubús Vestfjarða til að bæta raforkuöryggi frá Keldeyri.

Aukin atvinnuuppbygging og ný fyrirtæki á svæðinu auk orkuskipta í samgöngum eru líkleg til að auka raforkuþörf á svæðinu óháð sviðsmyndum. Hámarksaflaukning í núverandi kerfi Landsnets væri um 6 MW á Keldeyri en með þeim umbótum á kerfinu sem eru í undirbúningi gæti aflaukningin verið allt að 10 MW. Aukning á Keldeyri er þó háð því hversu mikil orka er nýtt annarstaðar á Vestfjörðum og þeirri orku sem aflað er á svæðinu. Eins og staðan er í dag er 10 MW aukning sú aukning sem hægt er að gera ráð fyrir að sé til skiptana fyrir Vestfirði sem heild. Þannig myndi nýtt fyrirtæki sem nýtir 5 MW hafa áhrif á mögulega afhendingaraukningu á Keldeyri, óháð því hvar það væri staðsett á Vestfjörðum. Aukin framleiðsla raforku myndi hinsvegar vinna á móti slíkum áhrifum. Æskilegt er því að fylgjast með þróun stórnotenda og raforkuframleiðslu á Vestfjörðum í heild. Aðgerðir vegna raforkumála felast því í eftirfylgni og þrýsting vegna úrbóta.

Fráveita

Framkvæmd óháð því hvaða sviðsmynd verður að veruleika. Sveitarfélagið þarf að greina fráveitukerfi í þéttbýli og móta stefnu um úrbætur, forgangsraða og hefja framkvæmdir til þess að uppfylla lög og reglugerðir.

Fjarskipti

Í þéttbýlinu er ljósnetstenging sem getur takmarkað nethraða og því væri æskilegt að stefna að ljósleiðaravæðingu þéttbýlisins. Tryggja þarf að farnetssamband í dreifbýli sé ásættanlegt m.t.t. öryggis. Þetta skiptir enn meira máli ef unnt verður að fjölga ferðamönnum á svæðinu allt árið. Skoða þarf hvort sveitarfélagið getur sótt styrki vegna ljósleiðaravæðingu í þéttbýli líkt og í dreifbýli. Sveitarfélagið gæti auðveldað uppfærslu fjarskiptanets með því að setja skilmála í aðalskipulag um senda, farnet og ljósleiðara í þéttbýli og heimila þær framkvæmdir án þess að vinna þurfi deiliskipulag.

Sorp

Í ljósi þess að á næstu árum verða reglur um sorp og meðhöndlun þess hertar er mælt með því að Vesturbyggð skoði möguleika til að bregðast við hertum reglum. Greina þarf skyldur sveitarfélagsins, markmið laga, reglugerða og svæðisáætlunar og meta stöðuna miðað við önnur sveitarfélög í landinu. Mælt er til þess að nokkrir valkostir verði skoðaðir í sambandi við sorphirðu, flokkun og meðhöndlun og samhliða því sé kostnaður skoðaður og áhrif nauðsynlegra breytinga á hann. Hér eru aðgerðir óháðar því hvaða sviðsmynd verður að veruleika þar sem um er að ræða skyldur sveitarfélagsins skv. laga- og reglugerðaramma. Það mætti skoða að leysa sorpmál meira innan sveitarfélagsins slíkt gæti skapað störf og lækkað kostnað.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu aðgerðir sem lagðar eru til, hvers eðlis þær eru, hver ber ábyrgð á þeim og grófur kostnaður ef við á.

TAFLA 5-4 Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn- veitur.

AÐGERÐ	TEGUND AÐGERÐAR	ÁBYRGÐ	KOSTNAÐUR milljónir.kr.				SKÝRINGAR
			<10	+10	+50	+100	
Huga að uppsetningu vatnstanka á Bíldudal	Framkvæmd	Vesturbyggð/veitufyrirtæki			x		Stýribúnaður, burðarvirki, jarðvinna og frágangur fyrir 1.000 m ³ tank, kostar u.þ.b. 150 milljónir án vsk.
Rannsókn afkastagetu vatnsbóla og hversu mikið megj auka vatnstöku	Rannsókn	Vesturbyggð/veitufyrirtæki					Á þessu stigi er ekki hægt að meta kostnað við slíka rannsóknir
Áætlun um uppbyggingu fráveitu m.v. lög og reglugerðir	Áætlun	Vesturbyggð	x				Kostnaður við að búa til áætlun er áætlaður um 1- 2,5 m.kr. án vsk. og fer eftir umfangi
Huga að rafmagnstenglum á höfninni á Bíldudal fyrir gáma Samskipa	Framkvæmd	Vesturbyggð/hafnarstjóri	x				Fer eftir fjölda tengla o.fl.
Huga að uppbyggingu innviða vegna fyrirhugaðra orkuskipta	Greining/framkvæmd	Vesturbyggð/Orkubú Vestfjarða					Greina þarf umfang verkefnisins. Ljóst er að hægt er að skipta um orkugjafa á og við höfnina en skoða þarf hvort fleiri svæði og/eða starfsemi koma til greina.
Ný spennistöð á Bíldudal	Framkvæmd	Orkubú Vestfjarða		x	x		Kostnaður er breytilegur m.t.t. spennustigs stöðvarinnar, hvort smádræifistöð sé í lagi, hversu langt er í tengingar o.s.frv.
Ljósleiðaravæðing þéttbýlis verði skoðuð nánar	Greining/framkvæmd	Vesturbyggð/veitufyrirtæki					Grófur kostnaður við tengja hvert íbúðarhús er um 350 þúsund kr. með vsk.
Hringtenging ljósleiðara á Patreksfjörð	Framkvæmd	Vesturbyggð/rikið					Skoða möguleika á styrkjum. Kanna færar leiðir og heildarsýn t.d. hvort ljósleiðaravæðing dreifbýlis geti nýst eða hvort þverun fjarðarins eða tenging út á Látrabjarg í sömu framkvæmd sé fýsileg
Setja skilmála í aðalskipulag um uppsetningu senda, farnet og ljósleiðara án deiliskipulags	Stefna/áætlun	Vesturbyggð					Skilmáli sem setja skal fram í aðalskipulagi - enginn kostnaður, hluti af endurskoðun aðalskipulags
Greining á stöðu sorpmála m.t.t. kostnaðar og kröfum í lögum og reglugerðum	Greining	Vesturbyggð	x				Greining sem þessi er talin geta verið á bilinu 600- 700 þúsund kr. án vsk.

TAFLA 5-5 Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- veitir.

ADGERÐ	TEGUND ADGERÐAR	ÁBYRGÐ
Nýtt vatnsveituhús á Bíldudal	Framkvæmd	Vesturbyggð og framkvæmdin er á fjárhagsáætlun 2019 og áætlað að hefja vinnuna sumarið 2019
Ísland ljóstengt		
- Lagning ljósleiðara frá Bíldudal og að Grænuhlíð í Arnarfirði	Framkvæmd	Veitufyrirtæki/Vesturbyggð
- Lagning ljósleiðara frá Bíldudal að Fossi í Arnarfirði		
- Lagning ljósleiðara á Barðaströnd		
Unnið er að framhaldsrannsóknum á jarðhita við Patreksfjörð	Rannsókn	Vesturbyggð/ÍSOR
Kerfisáætlun 2018-2027		
- Hringtenging Keldeyri-Breiðdalur- Mjólka	Framkvæmd	Landsnet
- Jarðstrengur í Dýrafjarðargöngum		
- Sæstrengur yfir Arnarfjörð Hvalárvirkjun		

5.3 Samgöngur


Undir flokkinn samgöngur fellur stofnvegkerfið, flugvellir og siglingar. Niðurstaðan er að mikilvægt er að bæta tengingu milli Vesturbyggðar og höfuðborgarsvæðisins og við norðurhluta Vestfjarða sem og milli byggðakjarna. Með tilliti til byggðapróunar eru svæði til daglegrar vinnusóknar mikilvæg svæði. Innan svæðanna ferðast fólk daglega milli heimilis og vinnustaðar. Til þess að það sé hægt þurfa samgöngur að vera skilvirkar, öruggar og heilsárs. Fyrir samgöngur skiptir ekki máli hvaða sviðsmynd rættist, allar kallar þær á öflugri samgöngur milli byggðakjarna og til og frá svæðinu. Segja má að misjafnlega mikill þrýstingur verði á úrbætur eftir sviðsmyndum en byggðapróun á svæðinu er háð því að heilsársamgöngur séu góðar. Lagt er til að byrja að horfa til staðsetninga á jarðgöngum og er horft sérstaklega til þess að hámarka notagildi framkvæmdanna og þeirra vegabóta sem þegar eru hafnar á svæðinu, s.s. Dýrafjarðargöng. Aðgerðin fellst fyrst í stefnumótun og/eða áætlanagerð, hefja forsenduvinnu m.t.t. staðsetningu gangna til að geta sett inn í aðalskipulag sveitarfélagsins. Einnig er lagt til að gerð verði samfélagsgreining á ávinningi mismunandi jarðgangakosta.

Samgöngur til og frá svæðinu m.t.t. flutninga á vörum og fólki

Samkvæmt umfjöllun í köflunum hér að ofan er ljóst að vegasamgöngur er takamarkandi þáttur í samgöngum bæði innan sveitarfélagsins og til og frá því. Mikilvægt er að tryggja samgöngur til og frá sveitarfélaginu til þess að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja á svæðinu og sveitarfélagsins. Mikil áhersla er í dag á að koma ferskri vöru á markað og stöðugar samgöngur því lykilatriði fyrir fyrirtæki í fiskvinnslu og laxeldi.

Annars vegar er mikilvægt að bæta tengingu milli Vesturbyggðar og höfuðborgarsvæðisins og hins vegar væri kostur að bæta tengingar við norðurhluta Vestfjarða og Ísafjörð. Við mat á valmöguleikum var litið sérstaklega til þess að hámarka notagildi framkvæmdanna og þeirra vegabóta sem þegar eru hafnar á svæðinu, s.s. Dýrafjarðargöng. Á mynd 5-2 má sjá tillögur að jarðgangaframkvæmdum. Línur sem sýndar eru með appelsínugulri brotinni línu eru þær tillögur sem lagðar eru fram sem best kostur fyrir heildræna þróun vegakerfisins, en gráar brotnar línur sína jarðgangakosti sem metnir eru síðri í því tilliti að þeir þjóna frekar afmörkuðum svæðum. Litið var til helstu samgönguhindrana á svæðinu og hvernig heildarmyndin nýtist sem best.

Þær leiðir sem lagðar eru fram hér nýtast ekki einungis Vesturbyggð heldur bæta einnig tengingar nyrsta hluta Vestfjarða við syðri hluta auk vestur- og suðurland. Reiknað er með að í framhaldi af Dýrafjarðargöngum verði gerð göng milli Dynjandisvogar og Geirþjófsfjarðar. Þaðan yrðu önnur göng í Norðdal. Úr Norðdal kæmu tvenn göng, annars vegar til vesturs, í átt að Bíldudal og hins vegar til suðurs í Penningsdal. Til þess að þessi fjárfesting nýtist sem skyldi er mikilvægt að gera stutt göng um Sunnfjall. Með þessum tengingum væri helstu samgönguhindrunum á svæðinu rutt úr vegi og samkeppnishæfni svæðisins myndi aukist til muna. Auk þess tryggir þetta góða nýtingu á þeim samgöngumannvirkjum sem þegar hafa verið byggð.



MYND 5-2 Tillögur að jarðgöngum og vegabótum til að bæta tengingar fyrir Vesturbyggð. Gráar brotalínur sína síðri kosti við gerð jarðganga. Appelsínugular brotalínur sína ákjósanlega kosti fyrir gangnagerð út frá þessum frumskoðunum. Bleik, blá og rauð lína sína stofnvegi innan sveitarfélagsins.

Samgöngur milli byggðakjarna – eitt vinnusóknarsvæði

Með tilliti til byggðapróunar eru svæði til daglegrar vinnusóknar mikilvæg svæði. Innan svæðanna ferðast fólk daglega milli heimilis og vinnustaðar. Til þess að það sé hægt þurfa samgöngur að vera skilvirkar, öruggar og heilsárs. Varðandi samgöngur má segja að ekki skipti máli hvaða sviðsmynd rætist, þar sem þær allar kalla á öflugri samgöngur milli þéttbýlisstaðanna.

Það er ljóst að til þess að unnt sé að tala um Vesturbyggð (Patreksfjörð og Bíldudal) og Tálknafjörð sem eitt vinnusóknarsvæði þarf að bæta samgöngur á milli byggðakjarnanna þriggja svo þær séu skilvirkar og tryggja allt árið um kring. Samgöngur á milli byggðakjarnanna eru um fjallvegi þar sem vetrarfærð er oft þung og lokanir nokkuð tíðar vegna veðurs. Til að tryggja öruggar samgöngur er eðlilegt að líta til gangnagerðar innan sveitarfélagsins. Ljóst er að þörf er á tveimur göngum til að tryggja samgöngur, annars vegar milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar, upp úr Mikladal og síðan milli Tálknafjarðar og Bíldudals.

Í skýrslu fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga (nú Vestfjarðastofa) um samgöngu- og fjarskiptamál eru göng undir Hálfán sett í forgangsflokk 2 á Vestfjörðum, til að bæta öryggi í samgöngum milli Arnarfjarðar og Tálknafjarðar. Göng undir Kleifarheiði eru sett í flokk 3 til að bæta öryggi í samgöngum til suðurs. Einnig eru göng upp úr Mikladal milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar nefnd sem framtíðar kostur. Fyrir þessi þrjú jarðgöng er alltaf nefnt að skoða þurfi nánar hvort aðrir jarðgangavalkostir séu í stöðunni á svæðinu [52]. Hins vegar er ekkert af þessum þrem jarðgöngum á langtíma jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar frá árinu 2000 [53].

Við mat á jarðgangavalkostum er mikilvægt að litið sé til þess að þau séu staðsett á þann hátt að þau tryggji samgöngur allt árið og virki sem hluti af stærri heild þar sem tengingar innan byggðarlaga í Vesturbyggð annars vegar og hins vegar tengingar í átt að höfuðborgarsvæðinu eða yfir að norðurhluta Vestfjarða ættu að vera jafngildar. Með þeim hætti geti örugg tenging við Ísafjarðarsvæðið stuðlað að bættri þjónustu heilbrigðisstofnana, betra aðgengi tækniyrirtækja og ýmis konar annarri þjónustu sem er mikilvæg fyrir bæði sunnanverða og norðanverða Vestfirði. Skoðaðir voru mögulegir jarðgangakostir til að tengja byggðarlögin. Lagt er til að skoðaðir verði frekar þeir kostir sem sýndir eru á mynd 5-2. Annars vegar er um að ræða tengingu milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar í um 5,6 km löngum göngum undir Lambeyrarháls. Þessi kostur styður við núverandi stjórnslu á svæðinu þ.e.a.s. að Patreksfjörður sé og verði einskona miðpunktur þjónustu Vesturbyggðar. Þar verði að finna helstu þjónustu s.s. skrifstofu sveitarfélagsins, tækniþjónustu og ýmiskonar félagsþjónustu. Á svæðinu væri einnig hægt að efla heilbrigðisþjónustu.

Einnig var skoðuð tenging milli Tálknafjarðar og Bíldudals. Skoðuð var leiðin um Hálfmán, sem er um 7,9 km en einnig tenging nokkru sunnar milli Botnsdals og Dufansdals sem eru um 6,3 km. Lagt er til að syðri leiðin um Dufansdal verði skoðuð frekar, hún hefur þá kosti fram yfir leið undir Hálfmán að vera styttri í göngum og nýtast jafnvel betur, m.t.t. tengingar frá svæðinu til norðanverðra Vestfjarða eða að höfuðborgarsvæðinu auk þess að liggja vel til tengingar við flugvöllinn á Bíldudal. Þá er annað hvort litið til framtíðar uppbyggingar á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi sem nú er í undirbúningi, sem gæti verið jafngild við núverandi leið um Kleifarheiði til suðurs, eða fyrrgreindra hugmynda um jarðgöng undir Dynjandisheiði sem myndu tengjast bæði til norðurs og suðurs og myndi þá tryggja mjög góðar samgöngur til allra átta.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu aðgerðir sem lagðar eru til, hvers eðlis þær eru, hver þær ábyrgð á þeim og grófur kostnaður.

TAFLA 5-6 Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn- samgöngur.

AÐBERÐ	TEGUND AÐGERÐAR	ÁBYRGÐ	KOSTNAÐUR milljónir.kr.			SKÝRINGAR
			<10	+10	+50	
Forsenduvinna vegna staðsetninga jarðganga	Greining og forsenduvinna	Vegagerðin/Vesturbýggð	x	x		Frekari greining á fýsileika og ábata af jarðgöngum innan sveitarfélagsins. Kostnaður fer eftir umfangi og nákvæmni slíkrar greiningar
Setja inn stefnu í aðalskipulag um jarðgöng til framtíðar	Stefnumótun	Vesturbýggð				Skilmáli sem setja skal fram í aðalskipulagi. Enginn kostnaður - hluti af endurskoðun aðalskipulags
Auka vetrarþjónustu m.t.t. atvinnulífsins og flutninga folks á milli byggðakjarna	Framkvæmd	Vegagerðin				Ræða við Vegagerðina um vetrarþjónustu fyrir næstkomandi vetur og horfa til þess hvenær stærstu fyrirtækin hefja vinnudaginn og hvernig dagskrá tómstunda er
Halda verkefnum inni á samgönguáætlun s.s. Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi	Áætlun	Vegagerðin/Vesturbýggð				Hér er ekki kostnaður metin þar sem um aðhald við ríkið er að ræða
Stefnu um hafnarsvæðin innan sveitarfélagsins og uppbyggingu og starfsemi innan þeirra	Stefna	Vesturbýggð	x			Vesturbýggð móti stefnu um starfsemi hafnarsvæða og í þeirri vinnu verði skilgreint hvað er styrkur hverjar hafnar og hverskonar starfsemi á að þrífast þar
Móta langtímaáætlun um almenningssamgöngur innan Vesturbýggðar og tengingar við nágrannasbyggðarlög	Stefa/Áætlun	Vesturbýggð/Vestfjarðastofa	x			Aukin tíðni almenningssamgangna og bættar tengingar (strætó/rúta/flug)

TAFLA 5-7 Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- samgöngur

AÐGERÐ	TEGUND AÐGERÐAR	ÁBYRGÐ
Dynjandisheiði (að hluta til innan Vesturbýggðar) og Bíldudalsvegur	Mat á umhverfisáhrifum/hönnun	Vegagerðin
Stækkun hafnarinnar á Bíldudal með landfyllingu og lengingu viðlegukants	Framkvæmd	Vesturbýggð
Minniáttar framkvæmdir s.s. öldubrjótur við Brjánssæuk og viðhald á flugvælinum á Bíldudal	Framkvæmd	Vegagerðin, Vesturbýggð og ISAVIA
Verkefni innan samgönguáætlunar til 5 ára – Vestfjarðarvegur, um Gufudalssveit, Dynjandisheiði og Dýrafjarðargöng (að hluta til innan Vesturbýggðar)	Hönnun/framkvæmd	Vegagerðin og Vesturbýggð

5.4 Samfélag

Undir þessum flokki eru allir þjónustuflokkar sem sveitarfélaginu og ríki bera að sinna skv. lögum ásamt umfjöllun um tómsundur og menningu. Samfélagsþjónusta er almennt góð í Vesturbyggð, en ótryggar samgöngur og fjarlægð frá annarri þjónustu getur haft neikvæð áhrif á íbúa.

Í greiningunni í 3 kafla kemur fram að sveitarfélagið þarf að hlúa að grunnstoðum á borð við félagsþjónustu og skólakerfið. Sérstaklega þarf að huga að þjónustu við barnafólk, aldraða og fólk af erlendum uppruna. Húsnæði leikskólans á Patreksfirði er orðið of lítið og sama má segja um húsnæði grunnskólans á Bíldudal. Huga þarf að nýju húsnæði fyrir leikskólann á Bíldudal þar sem núverandi húsnæði er ekki í góðu ástandi og metið að ekki sé hægt að lagfæra það ennfrekar. Sviðsmyndirnar kalla á álíka aðgerðir en þó þarf sveitarfélagið hverju sinni að veða og meta m.t.t. íbúafjölda hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar eða skulu hafðar í forgangi. Eins og staðan er núna þarf að ráðast strax í að undirbúa stækkun eða lausn til að taka við fleiri börnum á leikskólann á Patreksfirði. Í dag er 6% íbúa Vesturbyggðar á aldrinum 0-5 ára. 0-1 árs eru börn sem að jafnaði eru heima eða hjá dagmömmu en þurfa á endanum á leikskólaplássi að halda. Í dag eru 10 börn á leikskólanum á Bíldudal og 53 börn á leikskólanum á Patreksfirði. Horfa þarf til þessara hlutfalla barna, innan byggðakjarnanna, þegar áætlað er hversu stórt húsnæði þarf að byggja. Ef horft er til sviðsmyndar 2 er áætluð íbúaaukning um 240 íbúa og þar þarf að gera ráð fyrir fjölgun leikskólabarna um 10-15 börn og 34 grunnskólabörnum. Sér í lagi þarf að koma á starfandi dagforeldri í sveitarfélaginu, því þó Vesturbyggð bjóði upp á foreldragreiðslur þar til börn ná 14 mánaða aldri kom í ljós í samráði að barnafólk vill geta hafið störf fyrir eftir að fæðingarorlofi lýkur en það gerir að jafnaði í dag. Annar valkostur er að taka börn 12 mánaða inn á leikskóla. Í umræðunni hefur verið að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði með því væri komin samfella á milli fæðingarorlofs og dagvistun barna.

Verið er að vinna í umbótum á heilbrigðisþjónustu og þarf að fylgja þeirri vinnu eftir. Hafa þarf í huga að fleiri íbúar hafa áhrif á eftirspurn eftir sveitarfélagsrekinni þjónustu á borð við íþróttamiðstöðvar, sundlaugar og bókasöfn og þarf sveitarfélagið að vera viðbúið breytingum sem gæti þurft að gera á opnunartímum, safnkosti og viðbótarmönnun. Einnig er nauðsynlegt að sveitarfélagið hugi að og styðji við almenningsamgöngur svo auðveldara sé að stunda tómsundur þvert á byggðakjarna.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu aðgerðir sem lagðar eru til, hvers eðlis þær eru, hver þær ábyrgð á þeim og grófur kostnaður ef við á.

TAFLA 5-8 Aðgerðaráætlun fyrir innviðaflokkinn- samfélag.

ADGERÐ	TEGUND AÐGERÐAR	ÁBYRGÐ	KOSTNAÐUR milljónir.kr.	SKÝRINGAR
			<10 +10 +50 +100	
Byggja nýjan grunn- og leikskóla á Bildudal	Áætlun/framkvæmd	Vesturbyggð	x	Í endurskoðun aðalskipulags finna staðsetningu og í kjölfarið deiliskipuleggja svæðið. Framkvæmdakostnaður nýbyggingar með lausum búnaði, hönnun umsjón og eftirliti gæti verið um 500-700 þúsund á m ² með vsk. Dæmi: 70 nem * 10 m ² =700 m ² *700 þúsund= 490 milljónir Hérlendis hefur verið miðað við um 10-11 fermetra á nemanda í heildarrými í nýjum grunnskólum ¹²
Stækka leikskólann á Patreksfirði, eða finna lausn til að bæta við plássum með öðrum hætti	Áætlun/framkvæmd	Vesturbyggð	x	Framkvæmdakostnaður nýbyggingar með lausum búnaði, hönnun umsjón og eftirliti gæti verið um 500-700 þúsund á m ² með vsk. Í nýjum leikskólum hefur verið miðað við um 7 fermetra á nemanda hérlendis í heildarrými Þannig myndi nýbygging kosta meira en 100 milljónir en aðrar lausnir geta verið á bilinu 10-100 milljónir
Skoða dagvistun barna á milli fæðingarorlofs og leikskólaaldurs	Stefnumótun/styrkur	Vesturbyggð		Ekki er hægt að setja kostnað á þennan lið

TAFLA 5-9 Yfirlit yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu- samfélag

ADGERÐ	TEGUND AÐGERÐAR	ÁBYRGÐ
Umbætur á aðengi að ljósmóður og fæðingarþjónustu, heimahjúkrun, uppbyggingu á hjúkrunarrýmum og fjarheilbrigðisþjónustu á bæði Patreksfirði og Bildudal	Framkvæmd	Heilbrigðisstofnun Vestfirða
Skoðun á leikskólamálu á Patreksfirði er á fyrstu stigum	Áætlun	Vesturbyggð

¹² Sjá til dæmis upplýsingar um Krikaskóla (http://www.krikaskoli.is/library/Skrar-Krikaskola/Krikaskoli_forsogn.pdf) og Helgafellsskóla (<http://www.mosfellsbaer.is/thjonusta/menntun-og-born/helgafellsskoli/>)

6 UMRÆÐUR

Í þessum kafla er ætlunin að draga saman ýmsa áhugaverða þætti sem komu fram í samráðinu og við vinnslu verkefnisins. Það er talið mikilvægt er að halda þessum atriðum í umræðunni og við frekari vinnslu aðgerða sem getið er í kafla 5. Hér er aðeins stuttlega gerð grein fyrir þessum atriðum og umfjöllun um þá ekki tæmandi.

Sameining sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðar hefur oft verið í umræðunni og kemur ítrekað upp þegar nálgast sveitarstjórnarkosningar. Þegar greining sem þessi er unnin má glögg sjá að hagur getur verið að því að sveitarfélögin sameinist. Með sameiningu getur svæðið veitt betri þjónustu við íbúa því þrátt fyrir mikið samstarf í dag nýtist samlegðin ekki fullkomlega. Einnig gæti sameining hjálpað til við að sækja sameiginlega á um úrbætur í samgöngu- og orkumálum, svo dæmi sé tekið. Sameining getur einnig gefið betri yfirsýn yfir innviði og hvernig betur má nýta innviði og ólíka styrkleika hvers byggðakjarna.

Fjarskipti eru ein af grunnstoðum flestra fyrirtækja og heimila í dag og hefur mikilvægi öruggra fjarskipta aukist gríðarlega hratt. Ný fyrirtæki sem reiða sig á tækni og hafa hrint af stað fjórðu iðnbýltingunni krefjast oft á tíðum ekki að starfsmenn þeirra séu staðsettir á einum stað. Slíkar breytingar hafa gífurlega mikil áhrif á tækifæri fyrir minni og afskekktari svæði og að fólk geti valið sér búsetu óháð staðsetningu fyrirtækja. Vegna þessarar þróunar er mikilvægt að öflugt ljósnet sé á helstu þéttbýlisstöðum landsins. Undanfarin ár hefur verið hægt að sækja styrki fyrir lagningu ljósleiðara í dreifbýli og hefur náðst mikill árangur að ljósleiðaravæða sveitir landsins. En eins og staðan er í dag eru þéttbýliskjarnar að dragast aftur úr dreifbýlinu hvað varðar öflugt net, þar sem ekki hafa verið veittir styrkir til lagningu ljósleiðara innan þeirra. Þetta þýðir að ekki er hægt að sækja styrki eða pening frá opinberum aðilum fyrir þessar framkvæmdir og því er það markaðurinn sem ræður. Bæjarstjóri Grundafjarðar tjáði sig nýlega um þá ókosti sem fólgnir eru í því að styrkveitingar fyrir lagningu ljósleiðara sé aðeins veitt fyrir verkefni í dreifbýli og nefnir hún að öflugt net til gagnaflutninga sé lykilsenda til að skapa störf án staðsetningar [54].

Samgöngur eru lykill að jákvæðri byggðapróun ásamt atvinnutækifærum. Það er afar mikilvægt að tryggja samgöngur innan sveitarfélags og innan atvinnusóknarsvæðis. Til að skoða ávinning jarðgangnagerðar til að sneiða hjá erfiðum fjallvegum er ákjósanleg að skoða reynslu annarra sveitarfélaga. Í því sambandi má líta til Norðfjarðarganga sem tekin voru í notkun 11. nóvember 2017. Í pistli sem Páll Björgvin Guðmundsson, þáverandi bæjarstjóri Fjarðarbyggðar, skrifaði í Austurfréttir 11. nóvember 2018 dregur hann saman hver ávinningurinn hefur verið fyrir samfélagið á Austurlandi. Hann tekur fram að reynslan sem komin er sé ekki öll mælanleg eða hafi sérstaklega verið rannsökuð en reynslan byggir á tilfinningu og einnig á áþreifanlegum þáttum eins og styttingu ferðatíma, aukinni þjónustu o.fl. Samkvæmt umferðarteljurum Vegagerðarinnar, á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2018, hafði umferð um Norðfjarðargöng verið 36% meiri árið 2018 en um Oddskarð á sama tímabili árið 2017 [55]. Páll nefnir að tilfinningin sé að fólk sækir meira í menningu, íþróttastarf, veitingahús og verslun á milli svæða þegar það veit að samgöngur eru tryggar. Íbúar sjá sveitarfélagið frekar sem eina heild þar sem það er orðið að einu þjónustu- og atvinnusvæði ekki bara í orðum heldur í raun. Áhugavert er að í grein Páls segir hann að skv. samtölum við atvinnurekendur á svæðinu telji þeir auðveldara að skipuleggja vaktir og vöruafhendingu þegar ekki þarf að hafa áhyggjur af veðri og færð vega [56].

Rekstrarstjóri Eimskip- Flytjanda sagði í viðtali að stytting ferðatíma frá og til Neskaupstaðar sé bylting í landflutningum. Við flutning á t.d. frystigámum frá Síldarvinnslunni að höfninni í Reyðarfirði sem tók áður rúmlega 50 mínútur um Oddskarð taki í dag einungis rúmar 25 mínútur og að slíkt stytting á ferðatíma dragi líka úr olíunotkun og sliti á bílum og dekkjum [57].

Umhverfismál eru stór málaflokkur sem teigir anga sína víða í starfsemi sveitarfélaga en ekki síður í daglegu lífi íbúa. Eins og fram kemur í fyrsta kafla þá er Vesturbyggð eins og öll önnur sveitarfélög á Vestfjörðum með vottun skv. EarthCheck kerfinu. Slík vottun og áherslur á umhverfismál gefur sveitarfélaginu forskot til að laða til sín fleiri fyrirtæki og íbúa sem leggja mikið upp úr umhverfismálum. Vesturbyggð hefur tækifæri til að markaðsetja sig sem sveitarfélag með háleit markmið í umhverfismálum. Vestfirðir hafa stigið mikilvæg skref við að fá vottun skv. EarthCheck kerfinu. Þar sem m.a. er matvælaframleiðsla í sveitarfélaginu eru tækifæri til að markaðsetja sveitarfélagi sem sjálfbært samfélag þar sem áhersla er á að vörur framleiddar innan svæðisins séu vottaðar og framleiddar innan svæðis sem hefur vottun. Skoða má hvernig vottunin og notkun hennar nýtist sveitarfélaginu sem best í markaðssetningu á sjálfa sér og hvort það geti verið fýsilegt fyrir fyrirtæki í sveitarfélaginu að merkja vörur sínar og/eða netsíður með vottuninni. Kolefnisbinding er heitt málefni í samtímanum. Það er mikilvægt að skoða möguleika til kolefnisbindingar og metið er að Vesturbyggð gæti kolefnisjafnað sig með því m.a. að endurheimta votlendi og með gróðursetningu birkiskóga.

Landbúnaður hefur átt undir högg að sækja á svæðinu líkt og víða annarstaðar. Mikil tækifæri eru til þess að efla landbúnað innan sveitarfélagsins. Í skýrslu RHA um Vestfjarðarveg kemur fram að í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi eru sjö bú með nautgripi. Eitt þeirra er án mjólkurkúa, fimm eru með færri en 50 kýr og eitt bú er með 51-75 kýr. Aka þarf með mjólkina á næstu afurðastöð, sem er í Búðardal, 239 km frá Patreksfirði. Samkvæmt sömu heimild er 21 sauðfjárbú í Vesturbyggð og þar af eru 12 með innan við 200 fjár og þrjú með fleiri en 600 fjár. Eingöngu eitt bú er í Tálknafjarðarhreppi, með innan við 200 fjár. Næsta sauðfjársláturhús er á Hvammstanga, 320 km frá Patreksfirði. Margir bændur stunda önnur störf samhliða búrekstri [1]. Til að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins er mikilvægt að sveitarfélagið hlúi að ólíkum atvinnugreinum og tryggi þeim aðstöðu og rödd innan sveitarfélagsins og er landbúnaðurinn ein af þeim greinum sem mætti endurvekja eins og hægt er. Líta má til samlegðaráhrifa við aðrar greinar eins og ferðaþjónustuna.

Ferðaþjónustan er samofin mörgum atvinnugreinum og er oft á tíðum sprottin upp í tengslum við aðrar atvinnugreinar s.s. sjávarútveginn, landbúnað og fiskeldi. Í samráðsferlinu var rætt við ferðaþjónustuaðila þar sem greinin er vaxandi innan Vesturbyggðar eins og annarstaðar. Erfitt er að markaðsetja Vesturbyggð sem áfangastað yfir vetrarmánuðina vegna þess að stóran hluta af árinu eru ákveðnir vegir illfærir eða lokaðir vegna skorts á vetrarþjónustu og lélegra vega. Stærstur hluti af tekjum ferðaþjónustufyrirtækjanna kemur inn á þriggja mánaða tímabili yfir hásumarið og sá hagnaður er étinn upp yfir vetrarmánuðina vegna skorts á viðskiptum. Stærstu hömlur ferðaþjónustunnar innan Vesturbyggðar eru samgöngur. Erfitt getur reynst að greina ferðaþjónustuna þar sem hún snertir á svo ótal mörgum flötum í hverju samfélagi. Svo dæmi séu nefnd þá er gisting og veitingarekstur stór forsenda þess að hægt sé að bjóða upp á afþreyingu fyrir ferðamenn. Innan Vesturbyggðar og Tálknafjarðar eru rúmlega 500 gistirými til staðar. Erfitt hefur reynst að reka veitingastað t.d. á Patreksfirði en einn staður er á Tálknafirði og annar á Bíldudal. Skemmtiferðaskip hafa vanið komu sína til Bíldudals. Auk jákvæðra áhrifa hefur það jafnframt haft neikvæð áhrif í för með sér því eins og oft hefur komið fram í köflum hér að ofan þá er skortur á plássi nú þegar á hafnarsvæðinu. Erfitt hefur

reynst að koma fyrir rútum og farþegum vegna þrengsla og árekstra við starfsemina sem nú þegar er á svæðinu. Mikilvægt er að ýta undir tækifæri og aðstoða fyrirtækin við að gera ferðapjónustuna að heilsárs atvinnugrein. Það mætti skoða samlegðaráhrif s.s. hvaða atvinnugreinar hafa minni þörf á starfsfólki yfir sumarið sem ferðapjónustan getur nýtt og síðan öfugt.

Verslun og þjónusta er ekki í jafnvægi og má finna bresti í verðlagi og framboði á þjónustu. Úttektir Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hafa sýnt að í smærri byggðalögum ríkir óánægja með verslun og þjónustu, bæði hvað úrval varðar og verðlagningu [58]. Í samráði við atvinnulífið kom fram að það sé mikill ókostur að innan sveitarfélagsins eða Tálknafjarðar sé engin lágvörverslun. Áhugavert væri að skoða með hvaða hætti lágvörverslanir ákveða staðsetningu sína svo sem hvaða íbúafjöldi þarf að vera innan svæða. Í dag er orðin mikil breyting á verslun og eru einhverjar lágvörverslanir að bjóða upp á netverslun og heimsendingu. Í framtíðinni er möguleiki að lágvörverslanir sjái sér fært að senda vörur í dreifðari byggðir.

Húsnæðismarkaðurinn er erfiður innan Vesturbyggðar. Í úttektum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hefur komið í ljós að það er markaðsbrestur í húsnæðismálum svæðisins [58]. Byggingarkostnaður er langt yfir markaðsverðum, auk þess er húsnæðisverð með lægra móti á landsvísu. Í Vesturbyggð er erfitt fyrir nýja íbúa að finna húsnæði en þar hefur sveitarfélagið veitt afslátt af gatnagerðargjöldum í von um að glæða húsbýgingar og er lóðaverð lágt. Íbúðarhúslóðir eru til staðar en lítil eftirspurn vegna mismunar á byggingarkostnaði og söluverðs fasteigna þótt fasteignaverð hafi hækkað allnokkuð undanfarið [1]. Við vinnslu skýrslunnar var einnig bent á að veðrymi hjá lánastofnunum er oft lágt þar sem fasteignamat hefur verið talsvert undir markaðsverði.

Jafnrétti í tengslum við atvinnutekjur er ábótavant í Vesturbyggð, konur eru með lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar í Vesturbyggð og nam munurinn árið 2017 um 37% og er það um 6% meiri munur en á landsvísu [8]. Þetta má sjá út úr gagnagreiningu sem finna má í kafla 1.2.1. Leiða má lyktum að því að ástæðan sé að konur í Vesturbyggð eru frekar í kennarastörfum eða öðrum hefðbundnum láglaunastörfum, meðan karlar starfa frekar í hærra launuðum störfum á borð við fiskeldi og sjávarútveg. Þetta þarf að hafa í huga og hafa áhrif á með samvinnu við atvinnulífið og samfélagið.

Aðgengi að gögnum á Íslandi er oft ábótavant ef miðað er við önnur lönd sem við horfum til. Til þess að vinna að greiningu sem þessari þá er mikilvægt að hafa aðgang að gögnum sem hægt er að byggja greininguna á. Sem dæmi um upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar eru töluleg gögn um hvar fólks starfar til að geta metið hvort að starfsmenn fyrirtækja séu skráðir með lögheimili innan sveitarfélagsins eða ekki, einnig skortir nákvæm gögn um fjölda starfa og betri uppskiptingu á flokkun starfa sem og heildar yfirlit um starfandi fyrirtæki á svæðinu. Þetta getur verið hamlandi þáttur fyrir sveitarfélög við áætlanagerð. Það er ljóst að Vesturbyggð er ekki með fylgni skv. viðmiðum að með einu starfi fylgi að meðaltali 2 -2,4 íbúar og mikilvægt að unnt sé að nálgast gögn til að greina ástæðuna og meta hvað er hægt að gera til að ná íbúafjöldanum upp með þeim störfum sem skapast.

Þekkingarsetur hafa verið sett upp á víða á landinu og má nefna t.d. í Vestmannaeyjum. Er þeim ætlað að hýsa og búa til vettvang fyrir rannsóknir, menntun og nýsköpun á minni þéttbýlissvæðum. Þekkingarsetur stuðlar að fjölbreyttu atvinnulífi með því að styðja við nýsköpun og rannsóknir sem og almenna háskólamenntun.

7 HEIMILDASKRÁ

- [1] Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson, „Vestfjarðarvegur. Samanburður á samfélagsáhrifum leiða D2 og Þ-H. R17-061-SVE. Skýrsla unnin fyrir Reykhólahrepp,“ Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Akureyri, 2017.
- [2] Orðabanki Íslenskrar, málstöðvar, „Orðabanki - Íslenskrar málstöðvar,“ Íslenska málstöðin, [Á neti]. Available: <http://ordabanki.hi.is/wordbank/terminfo?idTerm=335646>.
- [3] Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, „Yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga,“ 29 september 2018. [Á neti]. Available: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=06aad5c1-bda3-11e8-942c-005056bc530c>.
- [4] Stjórnarráð Íslands, „Verkefni,“ 30 apríl 2019. [Á neti]. Available: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/>.
- [5] Vífill Karlsson, „Íbúakönnun á Íslandi. Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landsvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri,“ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Borgarnes, 2018.
- [6] Byggðastofnun, „Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014,“ 12 2014. [Á neti]. Available: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Vinnusoknarsvaedi/vinnusoknarsvaedi-thettbylisstada-lysing-1214.pdf>.
- [7] Vinnumálastofa, „Mælaborð,“ 14 september 2018. [Á neti]. Available: <https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefid-efni/maelaborð/fjoldi-atvinnulausra-eftir-sveitarfelogum>.
- [8] Hagstofa Íslands, „Talnaefni. Samfélag. Laun og tekjur,“ 14 september 2018. [Á neti]. Available: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/>.
- [9] Hagstofa Íslands, „Sveitarfélög og byggðakjarnar,“ 14 september 2018. [Á neti]. Available: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>.
- [10] Ráðgjafarsvið KPMG, „Laxeldi í Ísafjarðardjúpi - greining á áhrifum þess á efnahag og íbúapróun. Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfjarða,“ KPMG, Reykjavík, 2017.
- [11] Hagstofa Íslands, „Bakgrunnur,“ 12 nóvember 2018. [Á neti]. Available: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>.
- [12] Hagstofa Íslands, „Fjölskyldan,“ 14 september 2018. [Á neti]. Available: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/fjolskyldan/>.
- [13] Vestfjarðastofa, „Umhverfissvottun Vestfjarða,“ 10 01 2017. [Á neti]. Available: <http://vestfiridir.is/umhverfissvottun/>.
- [14] Vesturbyggð, „Gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu, stofngjald og heimaæðargjald í Vesturbyggð 2016,“ 22 desember 2017. [Á neti]. Available: <https://www.vesturbyggd.is/stjornsysla/gjaldskra/skra/1521/>.

- [15] Vesturbyggð, „Vesturbyggð- Aðalskipulag 2006-2018. Greinargerð,“ 2008. [Á neti]. Available: <http://vesturbyggd.is/stjornsysla/skipulog/skra/19/> .
- [16] Vesturbyggð, „Vesturbyggð – Aðalskipulag 2006-2018. Þéttbýlisuppdráttur Patreksfjörður,“ 2008. [Á neti]. Available: <http://vesturbyggd.is/stjornsysla/skipulog/skra/18/> .
- [17] Vesturbyggð, „Vesturbyggð – Aðalskipulag 2006-2018. Þéttbýlisuppdráttur Bíldudalur,“ 2008. [Á neti]. Available: <http://vesturbyggd.is/stjornsysla/skipulog/skra/17/> .
- [18] Íbúðalánasjóður, „Félagsmálaráðherra kynnis sjö tilraunarsveitarfélög í húsnæðismálum,“ 13 12 2018. [Á neti]. Available: <https://www.ils.is/um-okkur/frettir/frett/2018/12/13/Felagsmalaradherra-kynnir-sjo-tilraunasveitarfelog-i-husnaedismalum/>.
- [19] Orkubú Vestfjarða, „Tölfræði yfir orkunotkun innan Vesturbyggðar,“ Orkubú Vestfjarða, 2018.
- [20] Landsnet, „Drög- Örugg endurnýjanleg orka fyrir þig. Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027. Júní 2018,“ Landsnet, Reykjavík, 2018.
- [21] Vesturbyggð, „Sorphirðing í Vesturbyggð árin 2012 til 2017,“ Vesturbyggð, 2018.
- [22] Vegagerðin, „Umferð og slysatíðni, vefsjá,“ Vegagerðin, [Á neti]. Available: <http://umferd.vegagerdin.is/>. [Skoðað 5 Janúar 2019].
- [23] Vegagerðin, „3.03.06.01.2 622 Barðastrandarvegur, Örylgshafnarvegur og Bíldudalsvegur,“ 29 janúar 2018. [Á neti]. Available: <http://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/2d1e761d5db9cd840025702a00731850/bb547e8b6007ff790025804a003d2208?OpenDocument> .
- [24] Vegagerðin, „Vetrarþjónusta 2018-2019. 622 Barðaströnd,“ Vegagerðin, [Á neti]. Available: <http://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/2d1e761d5db9cd840025702a00731850/bb547e8b6007ff790025804a003d2208?OpenDocument> . [Skoðað 5 nóvember 2018].
- [25] Kristinn Jónasson, „Tölvupóstur frá Kristni Jónassyni deildarstjóra umferðarþjónust há Vegagerðinni. Ófært/lokað Miklidalur, Kleifarheiði og Hálfán.,“ 2018.
- [26] Þingskjal nr. 173/1018-2019, „Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023“.
- [27] Ernir, „Áætlunarflug Ernir,“ 6 desember 2018. [Á neti]. Available: <http://www.ernir.is/aaetlunarflug#sumar>.
- [28] Vesturbyggð, „Bláfáninn,“ 11 nóvember 2018. [Á neti]. Available: <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/stofnanir/hafnir/blafaninn/>.
- [29] Vesturbyggð, „Bíldudalshöfn,“ 2 desember 2018. [Á neti]. Available: <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/stofnanir/hafnir/bildudalshofn/>.
- [30] Bæjarins besta, „Beinar siglingar til Evrópu frá Bíldudal,“ 1 nóvember 2018. [Á neti]. Available: <http://www.bb.is/2018/11/beinar-siglingar-til-evropu-fra-bildudal/>.
- [31] Halldóra Kristín Lárusdóttir, „Tölvupóstur frá Sæferðum. Vöruflutningabílar með Baldri,“ 2018.
- [32] Vesturbyggð, „Vesturbyggð,“ 6 mars 2019. [Á neti]. Available: <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/baejarstjorn-og-nefndir/baejarstjorn/>.

- [33] Sigurður Sverrisson og Magnús Karel Hannesson, „Sveitarstjórnir á Íslandi,“ Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík, ódagsett.
- [34] Vesturbyggð, „Vesturbyggð,“ [Á neti]. Available: <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/gjaldskrar-og-talnaefni/fjarhagsaetlanir/>.
- [35] Bíldudalsskóli, „Ársskýrsla Bíldudalsskóli og Tjarnarbrekka,“ Vesturbyggð, Bíldudalur, 2018.
- [36] Patreksskóli, „Starfsfólk,“ 29 nóvember 2018. [Á neti]. Available: <http://patreksskoli.is/starfsfolk/>.
- [37] Bíldudalsskóli og Tjarnarbrekka, „Starfsfólk - skipurit,“ 29 nóvember 2018. [Á neti]. Available: <https://www.bildudalsskoli.is/starfsfolk>.
- [38] Hagstofa Íslands, „Grunnskólastig,“ 03 desember 2018. [Á neti]. Available: <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/grunnskolestig/>.
- [39] Fjölbrautaskóli Snæfellinga, „Skólinn í tölum,“ 29 nóvember 2018. [Á neti]. Available: http://fsn.is/?page_id=742.
- [40] Gylfi Ólafsson, „Símtal við Gylfa Ólafsson forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða 20. feb. 2019,“ 2019.
- [41] Landlæknir, „Heilbrigðisumdæmi,“ október 2007. [Á neti]. Available: <https://www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item1711/Heilbrigdisumdaemi>.
- [42] Lögreglan, „Lögreglan á Vestfjörðum,“ 30 nóvember 2018. [Á neti]. Available: <https://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/vestfirdir/nanar/>.
- [43] Björgunarsveitin Blakkur, „Um okkur,“ 30 nóvember 2018. [Á neti]. Available: http://www.blakkur.is/?page_id=2.
- [44] Landsbjörg, „Félagið Björgunarsveitir Slysavarnarsveitir Unglingadeildir,“ 30 nóvember 2018. [Á neti]. Available: <https://www.landsbjorg.is/>.
- [45] Vesturbyggð, „Ferðapjónusta,“ 11 desember 2018. [Á neti]. Available: <https://vesturbyggd.is/thjonusta/ferdathjonusta/>.
- [46] Margrét Lilja, „Gamla verbúðin á Patreksfirði öðlast nýtt líf,“ 30 mars 2018. [Á neti]. Available: <http://www.bb.is/2018/03/gamla-verbudin-a-patreksfirði-odlast-nytt-lif/>.
- [47] Volkery, A. og Ribeiro, T, „Scenario planning in public policy: Understanding use, impacts and the role of institutional context factors,“ *Technological Forecasting and Social Change* 76(9), pp. 1198-1207, 2009.
- [48] Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson, Stefnumótunarfærni – Markmið, stefna og leiðir, Reykjavík: JPV útgáfa, 2011.
- [49] Fiskifrétir, „Mótmæla harðlega afturköllun laxeldisleyfa,“ 28 09 2018. [Á neti]. Available: <http://www.fiskifrettir.is/frettir/motmaela-hardlega-afturkollun-laxeldisleyfa/150016/>.
- [50] Byggðastofnun, „Brothættar byggðir,“ 24 júní 2018. [Á neti]. Available: <https://www.byggdastofnun.is/is/brothaettar-byggdir>.
- [51] Ragnar K. Ásmundsson og Elías Þorsteinsson, „Tækifæri til varmavikrjunar á Vestfjörðum - Varmadætur og samnýting varma,“ ÍSOR, 2010.

- [52] F. Vestfjarða, „Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál,“ Fjórðungssamband Vestfjarða, 2018.
- [53] Vegagerðin, „Jarðgangaáætlun,“ Vegagerðin, 2000.
- [54] Vísir, „Stórkostlegt tækifæri fyrir landsbyggðina,“ Sótt þann 03.04.2019 af: <https://www.visir.is/g/2019190339837/storkostlegt-taekifaeri-fyrir-landsbyggdina>, 2019.
- [55] FÍB, „Félag íslenskra bifreiðaeigenda,“ 09 05 2018. [Á neti]. Available: <https://www.fib.is/is/um-fib/frettir/nordfjardargong-auka-umferd-tolvert-mikid>.
- [56] B. P. Guðmundsson, „Austur Frétt,“ 12 11 2018. [Á neti]. Available: <https://www.austurfrett.is/umraedan/nordhfjardhargoeng-eins-ars-taekifaerin-aldrei-fleiri>.
- [57] Síldarvinnslan, „Síldarvinnslan hf,“ 17 11 2017. [Á neti]. Available: http://www.svn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=1241:nordhfjardhargoeng-valda-byltingu-i-flutningum&catid=111&Itemid=101.
- [58] Fjórðungssamband Vestfirðinga, „Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019,“ Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2015.
- [59] Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf., „Northeast Iceland Infrastructure Analysis,“ Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. (Northeast Iceland Development Agency), Húsavík, 2012.
- [60] Byggðastofnun, „Byggðaleg áhrif fiskeldis,“ Byggðastofnun, 2017.
- [61] Visir.is, „Fasteignir,“ 5 desember 2018. [Á neti]. Available: <http://fasteignir.visir.is/search/results/?styp=ale#/?zip=450,451,465&styp=ale>.

